

# Fundargerð 287. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

**Fundarstaður:** Þingborg  
**Fundardagur:** Þriðjudagur 3. október 2023  
**Fundartími:** 9:00-12:00  
**Fundarmenn:** Árni Eiríksson oddviti  
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri  
Walter Fannar Kristjánsson  
Harpa Magnúsdóttir  
Elín Höskuldsdóttir

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Samþykkt að bæta við dagskrá beiðni frá Mennta- og barnamálaráðuneyti og samþykkt að bæta því undir lið 13 í dagskrá. Anna Dóra Jónsdóttir ritaði fundargerð.

## 1. Fundargerðir skipulagsnefndar

Nr. 265, dags. 13.09.2023:

### a) **Þíttra land L200843; Breytt landnotkun; Aðalskipulagsbreyting – 2302064**

Lögð er fram tillaga aðalskipulagsbreytingar sem tekur til Þíttru lands L200843 í Flóahreppi. Alls er um að ræða um 43 ha land sem nú er skilgreint sem landbúnaðarsvæði og um 21 ha lands frístundabyggð (F21). Í breytingunni felst að svæðið verði skilgreint landbúnaðarsvæði og um 5 ha verslunar- og þjónustusvæði. Markmiðið er m.a. að koma til móts við vaxandi eftirspurn þeirra sem vilja búa í dreifbýli og auka þannig fjölbreytni í búsetu. Samhliða er lagt fram deiliskipulag sem tekur til svæðisins.

*Að mati skipulagsnefndar væri æskilegra að viðkomandi svæði sem tilgreina á sem landbúnaðarsvæði verði að óbreyttu tilgreint sem íbúðarsvæði á grundvelli þeirra heimilda sem að fram koma í deiliskipulagi svæðisins. Að öðrum kosti þyrfti að fækka lóðum innan svæðisins í 4 í takt við aðalskipulagsbreytingu sem unnin var vegna skilgreiningar á íbúðarsvæðum í dreifbýli þar sem segir undir markmið "að í dreifbýli skal skilgreina íbúðarsvæði þar sem fjórar lóðir eða fleiri eru samliggjandi" Nefndin mælist til þess við sveitarstjórn að afgreiðslu málsins verði frestað. Skipulagsnefnd mælist til þess að umsækjandi kynni áætlanir sínar fyrir skipulagsfulltrúa og forsvarsmönnum sveitarfélagsins.*

Fyrir liggur tillaga aðalskipulagsbreytingar sem tekur til Þíttru lands L200843 í Flóahreppi. Alls er um að ræða um 43 ha land sem nú er skilgreint sem landbúnaðarsvæði og um 21 ha lands frístundabyggð (F21). Í breytingunni felst að svæðið verði skilgreint landbúnaðarsvæði og um 5 ha verslunar- og þjónustusvæði. Markmiðið er m.a. að koma til móts við vaxandi eftirspurn þeirra sem vilja búa í dreifbýli og auka þannig fjölbreytni í búsetu. Samhliða er lagt fram deiliskipulag sem tekur til svæðisins.

Sveitarstjórn tekur undir athugasemdir skipulagsnefndar og telur æskilegra væri að viðkomandi svæði sem tilgreina á sem landbúnaðarsvæði verði að óbreyttu tilgreint sem íbúðarsvæði á grundvelli þeirra heimilda sem að fram koma í deiliskipulagi svæðisins. Að öðrum kosti þyrfti að fækka lóðum innan svæðisins í 4 í takt við aðalskipulagsbreytingu sem unnin var vegna skilgreiningar á íbúðarsvæðum í dreifbýli þar sem segir undir markmið "að í dreifbýli skal skilgreina íbúðarsvæði þar sem fjórar lóðir eða fleiri eru samliggjandi." Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins og fer fram á að umsækjandi kynni áætlanir sínar fyrir skipulagsfulltrúa og forsvarsmönnum sveitarfélagsins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**b) Bitra land L200842; Landbúnaðarlóðir; Hótel og smáhýsi; Deiliskipulag – 2304047**

Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til svæðis Bitru lands L200842. Í deiliskipulaginu felst skilgreining 14 landbúnaðarlóða og tveimur verslunar- og þjónustulóðum. Á landbúnaðarlóðunum er gerð ráð fyrir heimild fyrir íbúðarhúsi og aukahúsi s.s.gestahúsi, gróðurhúsi, hesthúsi og/eða geymslu/skemmu. Á verslunar- og þjónustulóðunum er gerð ráð fyrir heimild fyrir allt að 100 herbergja hóteli með gistirými fyrir allt að 200 gesti. Ennfremur er gert ráð fyrir um 10 smáhýsaeiningum að 70 fm þar sem geti gist allt að 40 gestir. Nýtingarhlutfall lóða á svæðinu má ekki fara umfram 0,05. Samhliða er unnið að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins þar sem svæðið er skilgreint sem landbúnaðarsvæði og verslunar- og þjónustusvæði. *Að mati skipulagsnefndar væri æskilegra að viðkomandi svæði sem tilgreina á sem landbúnaðarsvæði verði að óbreyttu tilgreint sem íbúðarsvæði á grundvelli þeirra heimilda sem að fram koma í deiliskipulagi svæðisins. Að öðrum kosti þyrfti að fækka lóðum innan svæðisins í 4 í takt við aðalskipulagsbreytingu sem unnin var vegna skilgreiningar á íbúðarsvæðum í dreifbýli þar sem segir undir markmið "að í dreifbýli skal skilgreina íbúðarsvæði þar sem fjórar lóðir eða fleiri eru samliggjandi" Nefndin mælist til þess við sveitarstjórn að afgreiðslu málsins verði frestað. Skipulagsnefnd mælist til þess að umsækjandi kynni áætlanir sínar fyrir skipulagsfulltrúa og forsvarsmönnum sveitarfélagsins.*

Fyrir liggur tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til svæðis Bitru lands L200842. Í deiliskipulaginu felst skilgreining 14 landbúnaðarlóða og tveimur verslunar- og þjónustulóðum. Á landbúnaðarlóðunum er gerð ráð fyrir heimild fyrir íbúðarhúsi og aukahúsi s.s.gestahúsi, gróðurhúsi, hesthúsi og/eða geymslu/skemmu. Á verslunar- og þjónustulóðunum er gerð ráð fyrir heimild fyrir allt að 100 herbergja hóteli með gistirými fyrir allt að 200 gesti. Ennfremur er gert ráð fyrir um 10 smáhýsaeiningum að 70 fm þar sem geti gist allt að 40 gestir. Nýtingarhlutfall lóða á svæðinu má ekki fara umfram 0,05. Samhliða er unnið að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins þar sem svæðið er skilgreint sem landbúnaðarsvæði og verslunar- og þjónustusvæði. Sveitarstjórn tekur undir athugasemdir skipulagsnefndar og telur að æskilegra væri að viðkomandi svæði sem tilgreina á sem landbúnaðarsvæði verði að óbreyttu tilgreint sem íbúðarsvæði á grundvelli þeirra heimilda sem að fram koma í deiliskipulagi svæðisins. Að öðrum kosti þyrfti að fækka lóðum innan svæðisins í 4 í takt við aðalskipulagsbreytingu sem unnin var vegna skilgreiningar á íbúðarsvæðum í dreifbýli þar sem segir undir markmið "að í dreifbýli skal skilgreina íbúðarsvæði þar sem fjórar lóðir eða fleiri eru samliggjandi." Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins og fer fram á að umsækjandi kynni áætlanir sínar fyrir skipulagsfulltrúa og forsvarsmönnum sveitarfélagsins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**c) Hraungerði L166237; Þinghús; Skilgreining lóðar og byggingarheimilda; Deiliskipulag – 2308032**

Lögð er fram tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til landskika úr landi Hraungerðis L166237. Deiliskipulag þetta tekur til nýrrar lóðar sem stofnuð verður úr jörðinni. Nýja lóðin kemur til með að bera heitið Þinghús, eftir gamalli þinghúsatóft sem er innan skipulagssvæðisins. Á svæðinu verður heimild til að byggja íbúðarhús, gestahús, bílskúr og/eða skemmu eða önnur útihús. Núverandi metangasstöð sem staðsett er í Hraungerði verður flutt vestur yfir Oddgeirshólaveg og verður starfrækt innan nýrrar lóðar Þinghúsa. *Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að afgreiðslu málsins verði frestað. Skipulagsnefnd telur að uppbygging metangasstöðvar og íbúðarhúss fari ekki vel saman innan sameiginlegs byggingarreits. Að mati nefndarinnar þarf jafnframt að gera grein fyrir hugsanlegum sprungum á og í grennd við svæðið með ítarlegri hætti*

Fyrir liggur tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til landskíka úr landi Hraungerðis L166237. Deiliskipulag þetta tekur til nýrrar lóðar sem stofnuð verður úr jörðinni. Nýja lóðin kemur til með að bera heitið Þinghús, eftir gamalli þinghúsatóft sem er innan skipulagssvæðisins. Á svæðinu verður heimild til að byggja íbúðarhús, gestahús, bílskúr og/eða skemmu eða önnur útihús. Núverandi metangasstöð sem staðsett er í Hraungerði verður flutt vestur yfir Oddgeirshólaveg og verður starfrækt innan nýrrar lóðar Þinghúsa.

Sveitarstjórn Flóahrepps frestar afgreiðslu málsins og telur að uppbygging metangasstöðvar og íbúðarhúss fari ekki vel saman innan sameiginlegs byggingarreits. Sveitarstjórn bendir á að gera þurfi grein fyrir hugsanlegum sprungum á og í grennd við svæðið með ítarlegri hætti

Samþykkt með 4 atkvæðum.

Walter Fannar vék af fundi við afgreiðslu málsins

**d) Ölvisholt land L166325 (Míklholt); Lóð 1 og 2; Deiliskipulagsbreyting – 2304003**

Lögð er fram tillaga sem tekur til breytinga á deiliskipulagi að Ölvisholt landi (Míklholt) L166325 eftir grenndarkynningu. Í breytingunni felst að heimilt verði að stofna eina 1 ha lóð innan jarðarinnar þar sem heimilt verði að byggja allt að 300 fm sumarhús innan nýtingarhlutfalls 0,03. Eftir breytingu verði því heimild fyrir tveimur frístundahúsum innan svæðisins. Umsögn og athugasemd barst frá Vegagerðinni vegna málsins og eru hún lögð fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðum gögnum. *Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja framlagða deiliskipulagsbreytingu eftir auglýsingu. Nefndin telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagsbreytingin taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda. Gögnin verði send Skipulagsstofnun til varðveislu í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

Fyrir liggur tillaga sem tekur til breytinga á deiliskipulagi að Ölvisholt landi (Míklholt) L166325 eftir grenndarkynningu. Í breytingunni felst að heimilt verði að stofna eina 1 ha lóð innan jarðarinnar þar sem heimilt verði að byggja allt að 300 fm sumarhús innan nýtingarhlutfalls 0,03. Eftir breytingu verði því heimild fyrir tveimur frístundahúsum innan svæðisins. Umsögn og athugasemd barst frá Vegagerðinni vegna málsins og eru hún lögð fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðum gögnum. Sveitarstjórn samþykkir framlagða deiliskipulagsbreytingu eftir auglýsingu og að hún taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda. Gögnin verði send Skipulagsstofnun til varðveislu í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við þeim umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**e) Mýrar L166366; Deiliskipulag; Fyrirspurn – 2306031**

Lögð er fram fyrirspurn er varðar uppbyggingu og uppskiptingu á jörðinni Mýrar L166366 í Flóahreppi.

*Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við framlagða fyrirspurn og mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að ekki verði gerð athugasemd við að unnið verði deiliskipulag sem tekur til uppbyggingar á smábýlum innan jarðarinnar Mýra.*

Fyrir liggur fyrirspurn er varðar uppbyggingu og uppskiptingu á jörðinni Mýrar L166366 í Flóahreppi.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við framlagða fyrirspurn og gerir ekki athugasemdir við að unnið verði deiliskipulag sem tekur til uppbyggingar á smábýlum innan jarðarinnar Mýra.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**f) Krákumýri L224829; Minnkun landsvæðis undir Hverfisvernd; Aðalskipulagsbreyting – 2309028**

Lögð er fram beiðni er varðar breytingu á aðalskipulagi vegna skilgreiningar á hverfisverndarsvæði á landi Krákumýri L224829.

*Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við framlagða umsókn og mælist til þess við sveitarstjórn að unnin verði skipulagslýsing sem tekur til endurskilgreiningar á hverfisverndarsvæði jarðarinnar. Hún fái málsmeðferð á grundvelli 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar kynningu skipulagslýsingar. Nefndin bendir á að fyrir liggur að hafin verði vinna við heildarendurskoðun aðalskipulags Flóahrepps á næsta ári. Að mati nefndarinnar væri eðlilegt að taka til skoðunar afmarkanir hverfisverndarsvæða í sveitarfélaginu innan endurskoðunar aðalskipulags.*

Fyrir liggur beiðni er varðar breytingu á aðalskipulagi vegna skilgreiningar á hverfisverndarsvæði á landi Krákumýri L224829. Að auki liggur fyrir ósk eftir heimild til skilgreiningar á svæði fyrir gistipjónustu.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við framlagða umsókn og samþykkir að unnin verði skipulagslýsing sem tekur til endur skilgreiningar á hverfisverndarsvæði jarðarinnar og að skilgreint verði verslunar- og þjónustusvæði sem tekur til heimilda er varðar gististarfsemi. Hún fái málsmeðferð á grundvelli 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar kynningu skipulagslýsingar. Sveitarstjórn bendir umsækjanda á að fyrir liggur að hafin verði vinna við heildarendurskoðun aðalskipulags Flóahrepps á næsta ári þar sem möguleiki opnast á endurskoðun á afmörkunum hverfisverndarsvæða í sveitarfélaginu öllu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

**g) Langholt 2 land L205113; Aukið byggingarmagn; Deiliskipulagsbreyting – 2308086**

Lögð er fram umsókn er varðar breytingu á deiliskipulagi að Langholti 2 í Flóahreppi. Í breytingunni felst að heimild fyrir gistihúsi allt að 300 fm verði aukin og verði allt að 370 fm.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi og verði grenndarkynnt lóðarhöfum og landeigendum aðliggjandi landeigna.*

Fyrir liggur umsókn er varðar breytingu á deiliskipulagi að Langholti 2 í Flóahreppi. Í breytingunni felst að heimild fyrir gistihúsi allt að 300 fm verði aukin og verði allt að 370 fm.

Sveitarstjórn samþykkir framlagða breytingu á deiliskipulagi svæðisins og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi og verði grenndarkynnt lóðarhöfum og landeigendum aðliggjandi landeigna.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

Sveitarstjórn beinir þeim tilmælum til skipulagsfulltrúa að í málum sambærilegu þessu væri eðlilegt að hengja byggingateikningar við gögn málsins, til að gefa heildarsýn á umfangi.

**Nr. 266, dags. 27.09.2023**

Engin skipulagsmál er snúa að Flóahreppi. Lögð fram til kynningar.

**2. Afgreiðslur byggingarfulltrúa nr. 191, dags. 20.09.2023**

Lagðar fram til kynningar.

**3. Umsagnarbeiðni – Rekstrarleyfi gististaðar í flokki II – H Frístundahús**



Fyrir liggur umsagnarbeiðni frá fulltrúa sýslumanns vegna umsóknar um rekstrarleyfi í flokki II (H), frístundahús rýmismúmer 01-0101, 02-0101 og 03-0101, frá Atla Kristinssyni fyrir hönd Atli Verk ehf. kt. 650414-1360 á landeigninni Skógsnes 2, (F250 9486).

Sveitarstjórn Flóahrepps frestar afgreiðslu máls þar til breyting á skipulagi svæðisins hefur verið samþykkt af Skipulagsstofnun.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### 4. Reglur um hvatagreiðslur í Flóahreppi

Fyrir liggja uppfærðar reglur um hvatagreiðslur í Flóahreppi. Helstu breytingar eru þær að undir greiðslurnar fellur nú tónlistarnám hjá tónlistarskólum sem eru viðurkenndir af Menntamálaráðuneyti, niðurgreiðsla á kortum í líkamsræktarstöð sem skráð eru á kennitölu barns eða ungmennis og keppnisferðir ef barn eða ungmenni hefur ekki nýtt hvatastyrk í annað á tímabilinu. Umræða um breytingar á reglum hafa farið fram í sveitarstjórn og íþróttá- æskulýðs- og menningarnefnd.

Sveitarstjórn samþykkir framlagðar breytingar á reglum um hvatagreiðslur í Flóahreppi, sveitarstjóra er falið að taka út 1. málsgrein 4 gr. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn að hvatagreiðslur fyrir árið 2024 verði 30.000 kr. á hvora önn eða að hámarki 60.000 kr. á barn eða ungmenni á árinu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### 5. Jafnréttisáætlun og jafnlaunastefna Flóahrepps 2023-2027

Fyrir liggur, til síðari umræðu, uppfærð jafnréttisáætlun og jafnlaunastefna Flóahrepps fyrir árin 2023-2027. Fyrri umræða fór fram 15. desember 2022. Búið er að uppfæra áætlunina í samræmi við núverandi lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020. Einnig er jafnlaunastefnu Flóahrepps bætt við áætlunina en sveitarfélagið hefur innleitt og viðhaldið jafnlaunakerfi og öðlast jafnlaunavottun skv. lögum nr. 150/2020 frá árinu 2020.

Sveitarstjórn samþykkir framlagða jafnréttisáætlun og jafnlaunastefnu Flóahrepps 2023-2027. Sveitarstjóra falið að framfylgja stefnunni í samstarfi við stjórnendur stofnana sveitarfélagsins sem allir bera jafna ábyrgð á því að stefnan og áætlunin séu kynntar starfsmönnum og íbúum. Sveitarstjóra jafnframt falið að senda samþykkt áætlun til Jafnréttisstofu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### 6. Stefna og viðbragðsáætlun Flóahrepps vegna eineltis, ofbeldis, kynferðislegrar og kynbundinnar áreitni

Fyrir liggur uppfærð stefna og viðbragðsáætlun Flóahrepps vegna eineltis, ofbeldis, kynferðislegrar og kynbundinnar áreitni. Uppfærð stefna byggir á fyrri stefnu en hefur verið uppfærð í samræmi við breytingar á jafnréttisáætlun- og jafnréttisstefnu Flóahrepps.

Sveitarstjórn samþykkir framlagða stefnu og viðbragðsáætlun vegna eineltis, ofbeldis, kynferðislegrar og kynbundinnar áreitni. Sveitarstjórn bendir öryggisnefnd sveitarfélagsins á að nefndin skipar stórt hlutverk í stefnunni og leggur áherslu á að formaður öryggisnefndar kalli til fundar þar sem farið er vel yfir stefnuna og hlutverk öryggisnefndar. Einnig leggur sveitarstjórn áherslu á að stjórnendur stofnana innan sveitarfélagsins kynni sér stefnuna og kynni fyrir starfsmönnum sínum. Sveitarstjóra falið að senda stefnuna á stjórnendur stofnana, á öryggisnefnd sveitarfélagsins og á aðra starfsmenn.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### 7. Starfsmannastefna Flóahrepps

Fyrir liggur uppfærð starfsmannastefna Flóahrepps en fyrri stefna var samþykkt af sveitarstjórn í febrúar 2008. Stefnan hefur verið uppfærð í samræmi við breytingar á

jafnréttisáætlun- og jafnréttisstefnu Flóahrepps og stefnu og viðbragðsáætlun Flóahrepps vegna eineltis, ofbeldis, kynferðislegrar og kynbundinnar áreitni. Sveitarstjórn samþykkir framlagða starfsmannastefnu. Sveitarstjórn leggur áherslu á að stjórnendur stofnana innan sveitarfélagsins kynni sér stefnuna og kynni fyrir starfsmönnum sínum. Sveitarstjóra falið að senda stefnuna á stjórnendur stofnana og á aðra starfsmenn.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### **8. Deiliskipulag á iðnaðar- og athafnasvæði í Heiðargerði**

Fyrir liggur minnisblað frá sveitarstjóra vegna deiliskipulags á iðnaðar- og athafnasvæðinu í Heiðargerði.

Sveitarstjórn samþykkir að farið verði í gerð deiliskipulags sem nær yfir iðnaðar- og athafnasvæðið í heild sinni og að eldra skipulag fyrir Heiðargerði 1-8 falli úr gildi þegar nýtt deiliskipulag hefur verið samþykkt. Sveitarstjórn samþykkir einnig að kortlagning á sprungusvæði á nýju svæði (L166239) verði kláruð og að kannað verði hvort landeigendur í kring hafi áhuga á því að fara í kortlagningu á stærra svæði í samvinnu við sveitarfélagið. Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram ásamt skipulagsfulltrúa.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### **9. Fulltrúar í fræðslunefnd Flóahrepps**

Fyrir liggur að aðalmaður og varamaður í fræðslunefnd hafa misst kjörgengi til setu í nefndinni.

Sveitarstjórn samþykkir að Sævar Örn Sigurvinnsson komi inn sem aðalmaður fyrir T-lista. Sveitarstjórn samþykkir að fresta skipun varamanna í fræðslunefnd.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### **10. Erindi frá Jónínu Bjartmarz f.h. eigenda Loftsstæða-Vestri – Samstarf og þátttaka Flóahrepps vegna fyrirhugaðra fornleifarannsóknna á og við Loftsstæðahól**

Fyrir liggur erindi frá Jónínu Bjartmarz fyrir hönd eigenda Loftsstæða-Vestri um samstarf og þátttöku Flóahrepps í fyrirhuguðum fornleifarannsóknnum á og við Loftsstæðahól.

Sveitarstjórn þakkar innsent erindi. Ljóst er, samkvæmt aðalskráningu fornleifa í Flóahreppi, að á og við Loftsstæðahól er að finna fornminjar sem snúa að sögu og menningu liðins tíma og tekur sveitarstjórn undir mikilvægi þess að standa vörð um varðveislu slíkra fornminja. Ekki er gert ráð fyrir fjármagni í fjárhagsáætlun ársins í verkefni líkt og hér er greint frá og ekki er um lögbundið hlutverk sveitarfélags að ræða. Sveitarfélagið hefur lagt út í töluverðan kostnað vegna áðurnefndrar aðalskráningar fornleifa sem unnin var á árunum 2007-2018 og gefin hefur verið út í fjórum ítarlegum áfangaskýrslum sem unnar voru af fornleifafræðingum. Með þeirri vinnu telur sveitarstjórn að sveitarfélagið hafi sinnt sínum hlutverkum varðandi aðkomu vegna fornleifa í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn hafnar ósk um þátttöku í kostnaði við frekari fornleifarannsóknir á og við Loftsstæðahól en hvetur eigendur Loftsstæða-Vestri til að leita til Minjastofnunar Íslands vegna ráðgjafar sem og sækja um styrki til rannsókna á fornminjum til Fornminjasjóðs.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### **11. Erindi frá Bjarka Traustasyni f.h. Félags lóðaeiganda í Mörk og Merkurhrauni – Ósk um styrk vegna veghalds.**

Fyrir liggur ósk um styrk vegna veghalds frá Bjarka Traustasyni fyrir hönd Félags lóðaeiganda í Mörk og Merkurhrauni. Óskað er eftir styrk til veghalds á veghlutanum sem liggur frá Skeiðavegi og inn að gámasvæði innan sumarhúsasvæðisins, í heild 500 metra, og þess farið á leit við sveitarfélagið að veittur verði styrkur til kaupa á tveimur

bílum af efni sem myndi nýtast við planið við gámana og aðeins inn veginn. Áætlað verð fyrir tvo bíla er um 90 þúsund krónur samkvæmt erindi. Sveitarstjórn þakkar innsent erindi. Sveitarfélagið hefur ekki verið að veita styrki vegna veghalds í fristundabygðum. Ekki er gert ráð fyrir styrkjum til veghalds í fjárhagsáætlun ársins 2023 og á þeim forsendum hafnar sveitarstjórn innsendri ósk um styrk til veghalds.

Samþykkt með 4 atkvæðum.

Elín Höskuldsdóttir vék af fundi.

#### 12. Styrkbeiðni frá ADHD samtökunum

Fyrir liggur ósk um samstarf frá ADHD samtökunum við Flóahrepp um málefni fólks með ADHD og/eða styrk að upphæð 250.000 kr. Óskað er eftir samstarfi um aukna fræðslu og þjónustu í sveitarfélaginu um ADHD og fyrir fólk með ADHD. Sveitarstjórn hafnar ósk um styrk en vísar málinu til fræðslunefndar til umfjöllunar og athugunar um hvort þörf sé á aukinni fræðslu tengdri ADHD í skólum sveitarfélagsins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### 13. Beiðni frá Mennta- og barnamálaráðuneytinu – Vegna svæðisbundinna farsældarráða og breytinga á skólaþjónustusvæðum.

Fyrir liggur beiðni frá Mennta- og barnamálaráðuneytinu vegna svæðisbundinna farsældarráða og mögulegra breytinga á skólaþjónustusvæðum sbr. lög um samþættingu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 og frumvarp til laga um skólaþjónustu þar sem skólaþjónustusvæði eru til skoðunar.

Sveitarstjórn Flóahrepps bendir á að í nýjum félagasamning fyrir Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings er kveðið á um að byggðasamlagið myndi umdæmi svæðisbundins farsældarráðs skv. 5. gr. laga um þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021. Þar eiga sæti fulltrúa svæðisbundinna þjónustuveitenda ríkisins og sveitarfélaganna og hefur ráðið samráð við fulltrúa notenda á svæðinu. Stjórn byggðasamlagsins skipar fulltrúa í ráðið. Sveitarstjórn bendir á að í starfslýsingum fyrir deildarstjóra skóla- og velferðarþjónustu er tekið fram að deildarstjórar hafi yfirumsjón með innleiðingu laga um samþættingu í þágu farsældar barna og því telur sveitarstjórn eðlilegt að deildarstjórar sinni hlutverki fulltrúa í svæðisbundnu farsældarráði. Varðandi hugsanlegar breytingar á skólaþjónustusvæðum þá telur sveitarstjórn að eðlilegt sé að skólaþjónustusvæði sé það sama og í svæðisbundnu farsældarráði. Sveitarstjóra falið að senda bókun á framkvæmdastjóra SASS ásamt því að leita umsagna deildarstjóra Skóla- og velferðarþjónustu Árneshings bs.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

#### 14. Fundargerðir:

a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 286, dags. 05.09.2023

b) Fræðslunefndar nr. 144, dags. 19.09.2023

Sveitarstjórn óskar eftir að fá afrit af áætlunum og skýrslum sem lagðar eru fram til samþykktar og kynningar í fræðslunefnd svo sem starfsáætlunum, skólanámskrám, skóladagatali og ársskýrslum. Einnig bendir sveitarstjórn á mikilvægi þess að bókanir fræðslunefndar taki skýrt á ákvörðunum sem teknar eru af nefndinni skv. erindisbréfi svo sem um breytingar á skóladagatali líkt og í 10. tölulíð fundargerðar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) Umhverfis- og samgöngunefndar nr. 4, dags. 21.09.2023

d) Vinnuhóps um uppbyggingu við Flóaskóla og skólalóð nr. 3, dags. 07.09.2023, nr. 4, dags. 14.09.2023 og nr. 5, dags. 26.09.2023

e) Seyrustjórnar nr. 11, dags. 13.09.2023

Varðandi lið 3 í fundargerð þá liggur fyrir greinargerð og minnisblað unnið af Guðjóni Bragasyni hdl. um mögulegt rekstrarform starfseminnar. Sveitarstjórn Flóahrepps leggur til að stofnað verði einkahlutafélag fyrir verkefnið. Sveitarstjórn leggst gegn því að stofnað verði nýtt byggðasamlag um verkefnið. Samþykkt með 5 atkvæðum.

- f) Stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands nr. 319, dags. 07.09.2023
- g) Stjórnar Brunavarna Árnassýslu nr. 10, dags. 05.09.2023
- h) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 932, dags. 08.09.2023 og nr. 933, dags. 18.09.2023
- i) Stjórnar Tónlistarskóla Árnesinga nr. 207, dags. 13.09.2023
- j) Heilbrigðisnefndar Suðurlands nr. 230, dags. 11.09.2023
- k) Framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnesinga bs. nr. 13, dags. 11.09.2023
- l) Stjórnar byggðasamlags UTU nr. 102, dags. 13.09.2023
- m) Stjórnar SASS nr. 598, dags. 17.08.2023, nr. 599, dags. 01.09.2023 og nr. 600, dags. 18.09.2023
- n) Aukaáðalfundar Samtaka orkusveitarfélaga dags. 19.09.2023
- o) Stjórnar Byggðasafns Árnesinga nr. 8, dags. 27.09.2023
- p) Samráðshóps vegna hringvegjar um Ölfusá dags. 06.09.2023

#### 15. Efni til kynningar

- a) Hvatningarverðlaun á sviði menningarmála á Suðurlandi 2023 – óskað eftir tilnefningum
- b) Áðalfundur Bergrisans 16.10.2023  
Fulltrúar Flóahrepps á aðalfundi Bergrisans bs. eru Árni Eiríksson, Hulda Kristjánsdóttir og Harpa Magnúsdóttir.
- c) Rafrænn kynningarfundur Jafnréttisstofu um jafnréttismál sveitarfélaga 10.10.2023
- d) Frá Stjórnarráði Íslands – hvatning til sveitarstjórna um mótun málstefnu
- e) Frá Stjórnarráði Íslands: Bréf til sveitarfélaga um innviði fyrir orkuskipti
- f) Frá Innviðaráðuneyti: Hvítbók um skipulagsmál í samráðsgátt stjórnvalda Sveitarstjóra falið að taka saman umsögn í samráði við sveitarstjórn og senda inn í samráðsgátt.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- g) Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis til umsagnar: Tillaga til þingsályktunar um réttlát græn umskipti, 3. mál.
- h) Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis til umsagnar: Tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2024-2038 og aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028, 182. mál.  
Sveitarstjóra falið að taka saman umsögn í samráði við sveitarstjórn og senda inn á nefndasvið Alþingis.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

- i) Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis til umsagnar: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fasteignalán til neytenda, nr. 118/2016 (lántökuskilyrði vegna íbúðafjárfestinga), 171. mál.
- j) Frá Vegagerðinni: Tilkynning um niðurfellingu Lynghæðarvegs (3180-01) af vegaskrá
- k) Frá Vegagerðinni: Umsókn um nýjan héraðsveg að bænum Kríumýri 2
- l) Frá Vegagerðinni: Umsókn um nýjan héraðsveg að bænum Arabæjarhjáleigu
- m) Frá Vegagerðinni: Svar við bókun sveitarstjórnar Flóahrepps um samgöngumál í Flóahreppi
- n) Frá Vegagerðinni: Samráðsfundur vegna endurskoðunar á vinnureglum vetrarþjónustu



- o) Umsögn Flóahrepps til starfshóps um skattlagningu orkuvinnslu
- p) Kynning frá starfsnefnd Samtaka orkusveitarfélaga: Tryggjum nærsamfélaginu ávinning af orkuvinnslu
- q) Áhersluverkefni fyrir Sorpstöð Suðurlands – punktar frá Flóahreppi
- r) Byggðaráðstefna norrænu byggðastofnunarinnar Nordregio 17.10.2023
- s) Næsti fundur sveitarstjórnar verður þriðjudaginn 7. nóvember kl. 9:00.

**16. Trúnaðarmál**

Fært í trúnaðarmálabók.

Árni Eiríksson (sign)

Hulda Kristjánsdóttir (sign)

Walter Fannar Kristjánsson (sign)

Harpa Magnúsdóttir (sign)

Elin Höskuldsdóttir (sign)

Árni Eiríksson  
Walter Fannar Kristjánsson  
Hulda Kristjánsdóttir  
Harpa Magnúsdóttir  
Elin Höskuldsdóttir

## Fundargerð 145. fundar fræðslunefndar Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg

Fundardagur: Þriðjudagur 17. október 2023

Fundartími: Flóaskóli: 16:30 – 17:40

Sameiginleg málefni 17:40 – 17:50

Krakkaborg: 17:50 – 18:30

### Fundarmenn:

Bjarni Stefánsson, formaður

Margrét Drífa Guðmundsdóttir, vara formaður

Axel Páll Einarsson, ritari

Sævar Örn Sigurvinsson, aðalmaður

Hjalti Guðmundsson, aðalmaður

Þórunn Jónasdóttir, skólastjóri Flóaskóla

Íris Grétarsdóttir, fulltrúi kennara Flóaskóla

Sara Guðjónsdóttir, leikskólastjóri Krakkaborgar

Þórdís Þormóðsdóttir, fulltrúi starfsmanna Krakkaborgar

Kristrún Jónsdóttir, fulltrúi foreldra Krakkaborgar

Axel Páll Einarsson  
Sævar Örn Sigurvinsson  
Þórdís Þormóðsdóttir  
Hjalti Guðmundsson

Sara  
Bjarni Stefánsson

Kristrún Jónsdóttir  
Margrét Drífa Guðmundsdóttir  
Þórunn Jónasdóttir 326  
Íris Grétarsdóttir

Dagskrá:

### Flóaskóli:

1. **Fréttir af skólastarfinu.** Gott að fréttir og skólastarfið rúllar mjög ljúft. Heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna hafa verið ofarlega í huga barnanna undanfarið og var kynning um vinnu barnanna miðvikudaginn þann 11. Október.
2. **Starfsáætlun Flóaskóla 2023-2024.** Búið er bæta úr starfáætlun frá því síðast sem var að kjósa í nemendaráð og stjórn foreldrafélagsins. Aðeins farið í gegnum starfsmannahald og hvernig því er háttað. Starfsáætlun samþykkt.
3. **Skólanámsskrá.** Í grunnin er námskráin góð en eitt og eitt atriði sem á ekki við í dag, einhver smáatriði sem skólastjóri getur snikkað til síðar en efnislega er Skólanámsskráin rétt. Skólanámsskráin er samþykkt.

4. **Íslensku æskulýðsrannsóknirnar, helstu niðurstöður og áhrif á skólastarfið.** Rannsóknin er löng og ítarleg en Fræðslunefnd einbeitti sér í umræðunni að lykiltölum eða samantekt.

Krökkunum í 4. Og 5. bekk fannst vera hávaði í bekkjunum og voru oft þreytt. Krökkunum fannst mjög mikilvægt að leggja sig fram við námið.

Krakkarnir í 6., 7. Og 8. Bekk standa sig betur en jafnaldrar sínir á landinu nema í daglegri hreyfingu og lestri.

9. Og 10. Bekkirnir standa sig mjög vel en kom á óvart að þessir bekkir treysta kennurunum sínum síst af hópunum.

Skólinn miðaði við 80% svör, allt undir því verður rýnt og gerð umbótaáætlun. Taka þarf samt tillit til þess að hvert svar nemenda hefur meira vægi í Flóaskóla vegna smæðar en á samanburðarhópunum frá hinum skólunum á landinu.

5. **Ytra mat – stöðuskýrsla.** Hefur verið kynnt áður og verið í vinnslu svólíttinn tíma. Ytra matið skiptist í fjóra þætti; stjórnun og fagleg þjónusta, nám og kennsla, innra mat, og einstaklingmiðað nám.

Ytra mat er á áætlun og verður loka skýrslan send frá okkur í vor 2024.

6. **Reglur um skólamáltíðir.** Hafa verið endurskoðaðar. Reglur um skólamáltíðir eru samþykktar.

7. **Drög að fjárhagsáætlun.** Er ekki alveg klár en nokkur atriði eru talin upp sem gott væri að bæta við.

1. Hitaborð í mótuneyti, kostnaður 600-700 þús
  2. Pappírsskeri, kostnaður um 50 þús
  3. Tvískiptur ísskápur í frístund, kostnaður um 100 þús
  4. Pappírstævari, kostnaður 50-100 þús
  5. Endurnýjun tölvukosts 1.6 millj
  6. Húsgögn vegna breytinga á bókasafni áætlun ca 1 millj
- Að öðru leiti gerir skólinn ráð fyrir uppfærðum tölum samkvæmt verðlagsþróun.

307  
327

APC MDG  
SOS  
PJ  
Jei.  
Bj. St.

8. Önnur mál. Engin önnur mál

Hxell Pall Ómarsson

Souara Svarin

Gami Gudm

Margrjet Driða Gudmundsdóttir

Ponuu Jonasdóttir

Jús Gréta ísdóttir

Byrumi Stefánsson



**Sameiginlegt:**

9. **Starfsáætlun fræðslunefndar.** Fundaráætlun fræðslunefndar var lögð fram á síðasta fundi. Aðeins athugasemdir um breytingar á dagskrá vegna dagsetniga á Skólapúls.

Starfsáætlun er samþykkt.

10. **Önnur mál.** Engin önnur mál.

Freðkall Einarsson  
Sævar Ólafsson  
Þórhildur Gísladóttir  
Guðni Arnarson

Kristrún Jónsdóttir  
Margrét Drífa Guðmundsdóttir  
Þórunn Jónsdóttir  
Gísir Grétarsdóttir  
Sinn  
Bjarni Stefansson

## Krakkaborg:

11. **Fréttir af leikskólastarfinu – stutt samantekt.** Allt gott að fréttu nema verið svolítill veikindi svo stytta þurfti aðeins einn dag í síðustu vikunni. Leikskólinn samt vel mannaður en lendar í smáræðis vandræðum ef um mikil veikindi er að ræða.
12. **Skólanámsskrá.** Vinna að nýrri skólanámsskrá hefst í nóvember.
13. **Drög að fjárhagsáætlun.** Drög að fjárhagsáætlun er ekki klár og verða klár fyrir næsta fund. Það liggur fyrir endurnýjun á ýmsum raftækjum í eldhúsi og stólum inná deildum.
14. **Önnur mál.** Smá umræður um alþjóðlegan baráttudag kvenna og hvernig það snýr að okkar konum.

Dvalar og inntökuskilyrði eru ekki rétt inn á heimasíðu Flóahrepps og verða leiðrétt.

Varðandi jólafrí barna hefur það tíðkast að fella niður gjöld þeirra barna sem láta vita um frí og vilja starfsmenn leikskóla vita hvort þetta megi einnig þetta árið.

Þyrum Stefann  
Axelkáll Einarsson  
Sævar Ólafsson  
Gunnar Guðmundsson  
Margrét Drífa Guðmundsdóttir  
Kristrún Jónsdóttir  
Þórhildur Guðmundsdóttir  
Sara

## Fundargerð nr. 16

### Framkvæmda- og veitunefnd Flóahrepps

Fundarstaður:	Þingborg fundarsalur
Fundardagur:	Fimmtudagur 19.10.2023
Fundartími:	13:00-15:00
Fundarmenn:	Haraldur Einarsson, formaður Heimir Rafn Bjarkason Hjalti Guðmundsson Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri Börkur Brynjarsson, verktaki og ráðgjafi

Haraldur Einarsson stýrði fundi. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

- Styrking vatnsstofns frá Kjartansstöðum að Skeiðavegamótum. Staða framkvæmda.**

Börkur fór yfir stöðu framkvæmda og fundargerð verkfundar. Verklök voru áætluð 1. nóvember skv. útboðsgögnum en áhersla nefndarinnar er á að þetta klárast fyrir veturinn.
- Aðrar framkvæmdir í sumar í vatnsveitunni. Nýframkvæmdir og viðhald.**

Lögn við frá Urriðafossi að nýrri byggð við Dælarétt var kláruð í sumar. Nefndin leggur áherslu á að klára tengingu við Ruddakrók sem búið var að hefja framkvæmdir við. Samhliða þvi þarf að gera lagfæringar við gömlu lindina og fjarlægja skúr sem liggur innan girðingar og setja rör við holuna þar sem skúrin var. Keypt var ný varadæla fyrir vatnsveituna til að auka öryggi ef aðrar dælar bila. Aðeins borið á þrýstingsleysi í hluta sveitarfélagsins vegna bilana hjá Selfossveitum í haust. Við gömlu Ruddakrókslindina þarf að lagfæra girðingu sem er í kringum lindina. Nefndin mælist til þess að landeigendur verði fengnir í að girða upp fjárhelda girðingu fyrir sveitarfélagið í kringum lindina. 8 nýjar tengingar hafa verið framkvæmdar á árinu.
- Frárennsli í Brandshúsahverfi**

Nefndin telur að skoða þurfi lagnir í hverfinu til að átta sig á aðstæðum og hvað þarf að laga. Í kjölfarið verði tekin ákvörðun um frekari framkvæmdir og þá á hvers ábyrgð þær framkvæmdir eru. Fulltrúi á vegum sveitarfélagsins mun skoða málið. Sveitarstjóri mun kalla eftir skipulagsgögnum og greinargerð vegna Brandshúsahverfisins hjá skipulagsfulltrúa. Ekki er vitað til þess að önnur álitamál vegna rotþróa eða fráveitu sem hugsanlega tengist sveitarfélaginu hafi komið upp á síðustu árum.
- Gögn og undirbúningur að fjárhagsáætlun 2024. Einnig stefnumótun fyrir næstu 3 ár.**

Börkur fór yfir komandi framkvæmdir við nýja Ölfusárbrú sem hafa áhrif á vatnsveituna. Gera þarf ráð fyrir framkvæmdum vegna vatnslagnar í tengslum við tilfærslu á Þjóðvegi 1. Líklega verður ekki farið í þessar framkvæmdir fyrr en árið 2025-2026. Nefndin telur æskilegt að gera ráð fyrir fjármagni í fjárfestingar- og viðhaldsáætlun vatnsveitu á hverju ári til viðhaldsverkefna og nýframkvæmda. Upphafsalagning ársins 2023 vegna þjónustugjalda fyrir vatnsveitu (vatnsgjald) voru rúmar 24 milljónir. Gert ráð fyrir einhverri hækkun fyrir árið 2024 þar sem fasteignamat hefur hækkað í sveitarfélaginu. Nýtengingar eru upp á rúmar 2 milljónir en umsækjendur um nýtengingar eiga að bera raunkostnað ef þeim tengingum og því hefur það ekki áhrif á reksturinn beint.

Beðið eftir tillögu vinnuhóps um Flóaskóla en það ætti að koma tillaga til sveitarstjórnar á allra næstu dögum.

Rætt var um að skoða gjaldtöku skv. mæli á stórnotendur vatns og/eða atvinnurekendur. Nefndin mælist til þess að undirbúningur á breytingum á reglum vatnsveitu og gjaldskrá m.t.t. mæla fari fram á árinu 2024 og að í síðasta lagi um áramót 2024-2025 taki breytingar í gildi. Flest sveitarfélög í kringum okkur rukka skv. mæli hjá atvinnurekendum.

Sveitarstjóri fór stuttlega yfir helstu verkefni sem fasteignasviðið hefur farið í á árinu skv. samþykktri framkvæmdaáætlun og hvað er í vinnslu út árið. Sveitarstjóri átti fund með umsjónarmanni fasteigna 28. september þar sem farið var yfir stöðuna og í kjölfarið var fundað með húsvörðum vegna yfirstandandi verkefna í Þingborg og Félagslundi á þessu ári og áherslur fyrir næsta ár.

Sveitarstjóri boðar umsjónarmann fasteigna inn á næsta fund nefndarinnar til að fara yfir drög að framkvæmdaáætlun næsta árs ásamt því að nefndin fái upplýsingar um það sem búið er að gera á yfirstandandi ári.

Sveitarstjóri mun færa raunkostnað á þeim verkefnum sem eru búin á samþykktri framkvæmdaáætlun 2023 til upplýsinga fyrir nefndina.

#### 5. Fundir og fundartímar í vetur.

Nefndin er sammála um eftirfarandi fundartíma fram að áramótum:

Fimmtudagur 9. nóvember kl. 13:00

fimmtudagur 7. desember kl. 13:00.

#### 6. Önnur mál.

Rætt um möguleika á frekari vinnu og fjárfestingu í vatnsveitunni og aðkeyptri ráðgjöf vegna ákveðinna verkefna í vatnsveitunni.

*Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 15:00*

Fundargerð 7.

Fundur Íþróttá- æskulýðs- og menningarnefndar Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg

Fundardagur: Mánudagur 23.okt 2023

Fundartími: kl:19:30 Fundarritari: Harpa Magnúsdóttir

Fundarmenn: Sigrún Hrefna Arnardóttir, Rúnar Magnússon, Harpa Magnúsdóttir, Sigurður Ingi Sigurðsson, (Agnes Ösp Birgisdóttir forfallast ) Hafdís Gígja Björnsdóttir ( varamaður)

Vegna aðventutónleika / Jólatónleika: Berglind Björk Guðnadóttir

#### 1. Aðventutónleikar

Allir flytjendur eru að vinna í sínum atriðum, rætt um að hafa kaffi, kakó og piparkökur og hafa veitingar innfaldar í verði á miða. Ákveðið að halda tónleikana í Þingborg. Komin 11 atriði flest frá sveitungum, meðal annars frá flestum skólastigum. Sveinn Orri Einarsson verður kynnir. Stefnt á að húsið opni 19.00 og byrja 19.30. Þá er dagskráin aldrei búin seinna en 21.00/21.30. Hugmynd um að taka þetta upp, ákveðið að skoða hvort það sé verkefni fyrir eldri bekki skólans. Rætt um að senda tilkynningu á Útvarp Suðurland. Hafdís Gígja talar við Gumma um að skoða hljóðkerfi. Rætt um að fá jólasvein í heimsókn. Skoða hvort hægt væri að fá húsið á miðvikudaginum til að skreyta og hafa general prufu. Útfærsla á pöntunum/greiðslu fyrirfram skoða með sveitarstjóra/skrifstofu. Ákveðið að nafn viðburðarinnis sé Aðventukvöld Flóahrepps. Berglind athugar með ristaðar möndlur/eldstæði.

2. Ungmennaráðstefna, ungmennaráðinu stendur til boða að mæta á ungmennaráðstefnu í Hörpunni, ýtt verður á ungmennaráð að mæta. Eins að koma af stað opnum húsum fyrir þennan aldurshóp.

#### 3. Kornskurðarball uppgjör.

Verður gengið í það sem fyrst að klára það, búið að skila öllum vörum.

#### 4. Fjárhagsáætlun næsta árs

Fjör í Flóa. Fyrstu helgina í júní 31/5-1/6 Búið að bóka húsið. Siggí skoðar að koma með torfærubíl/a. Ákveðið að hafa betra slútt eftir gönguna á föstudagskvöldinu, og sleppa kvöldvökunni á laugardagskvöldinu. Fjárhagsáætlun verður kostnaðar þessa árs með hækkun, en leitast verður við að dreifa nýtingunni á fjármununum á að minnsta kosti 3 viðburði á árinu.

#### 5. Áætlaðir fundartímar 2024,

1. Fundur jan/feb
2. Fundur Apríl
3. Fundur Maí
4. Fundur Júlí
5. Fundur Sept
6. Fundur Nóv

#### 6. Bjartur lífsstíll fyrir 60+

[www.bjartlif.is](http://www.bjartlif.is) Sigrún Hrefna fór á ráðstefnu í morgun og vakti athygli allra á að skoða hana.

7. Fjör í Flóa Var rætt undir öðrum málum. Verður rætt betur á næsta fundi!

sn

Fundi slitið 22.05

# 62. stjórnarfundur Bergrisans bs.

28.08.2023

Staðsetning: Fjarfundur á Teams

Fundur hófst klukkan 10.30

**Fundinn sátu:** Bragi Bjarnason, Anton Kári Halldórsson, Ása Valdís Árnadóttir, Halldór Benjamín Hreinsson

Svava Davíðsdóttir, Eyrún Hafþórsdóttir, Anný Ingimarsdóttir, Erna Harðar Sólveigardóttir, Sigbrúður Birta Jónsdóttir og Íris Ellertsdóttir sem ritar jafnframt fundargerð. Steinunn Erla Kolbeinsdóttir og Haraldur Líndal Haraldsson voru gestir undir fundarlið eitt.

## Dagskrá

### 1. Kröfugerð Sólheima

Borist hefur krafa frá Sólheimum um hækkun framlaga frá Bergrisanum bs. Jafnframt hefur borist erindi vegna aukinnar fjárþarfar í rekstri Sólheima.

Gestur undir fundarlið eitt er Steinunn Erla Kolbeinsdóttir, lögmaður og Haraldur Líndal, ráðgjafi.

Stjórn Bergrisans óskar eftir frekari greiningu á þeim gögnum sem Sólheimar byggja kröfur sínar á og felur HLH ráðgjöf að vinna álit vegna þess.

Steinunn og Haraldur viku af fundi.

### 2. Fundargerðir þjónusturáðs

1. Nr. 170
2. Nr. 171

Fleira ekki gert. Fundi slitið klukkan 11:47

# 63. stjórnarfundur Bergrisans bs.

18.09.2023

Staðsetning: Fjarfundur á Teams

Fundur hófst klukkan 10.30

**Fundinn sátu:** Fjóla Steindóra Kristinsdóttir, Anton Kári Halldórsson, Ása Valdís Árnadóttir, Elliði Vignisson.

Svava Davíðsdóttir, Eyrún Hafþórsdóttir, Anný Ingimarsdóttir, Erna Harðar Sólveigardóttir, Sigbrúður Birta Jónsdóttir og Íris Ellertsdóttir.

Gestur undir fundarlið eitt er Hólmfríður B. Sigurðardóttir, lögmaður hjá Juris.

Gestur undir fundarlið tvö er Heiða Ösp Kristjánsdóttir.

## Dagskrá

### 1. Málefni Breiðabólstaðar

Embætti héraðssaksóknara hefur hætt rannsókn í máli nr. 300-2022-73. Ekki þykir grundvöllur til að halda rannsókn málsins áfram og er henni því hætt með vísan til 4. mgr. 52. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008.

Gestur undir fundarlið eitt var Hólmfríður B. Sigurðardóttir, lögmaður hjá Juris.

Stjórn Bergrisans mun ekki kæra niðurstöðu héraðssaksóknara.

### 2. Fundargerðir þjónusturáðs

#### 1. Nr. 172

Stjórn Samþykkir fundargerðina.

3. Beiðni um kostnaðarpátttöku í sérhæfðu búsetuúrræði með sólahringsþjónustu Heiða Ösp Kristjánsdóttir kynni erindið fyrir hönd þjónustusvæðis Árborgar í fjarveru deildarstjóra félagsþjónustu Árborgar.

Velferðarþjónusta Árborgar óskar eftir heimild fyrir gerð þjónustusamnings til eins árs við EMBLU sjálfseignarstofnun um þjónustu við einstakling með fjölþættan vanda.

Stjórn Bergrisans samþykkir beiðnina á þeim forsendum að rekstraráætlun og samningur verði endurskoðaður í janúar 2024.

### 4. Erindi vegna VISS Ölfusi

Fyrirliggjandi er beiðni um aukningu stöðugildis deildarstjóra VISS í Þorlákshöfn. Hækkar starfshlutfall úr 50% í 80%. Kemur þörf fyrir aukningu til vegna aukinna umsvifa í starfseminni en notendum þjónustunnar hefur fjölgað verulega. Gera má ráð fyrir kostnaðaraukningu vegna þessa um 1.060.000 mkr. á árinu 2023.

Stjórn Bergrisans samþykkir beiðnina.

## 5. Framlög til úrbóta á aðgengismálum

Á árunum 2023 og 2024 verður Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs heimilt að úthluta allt að 415 mkr. til úrbóta á aðgengismálum fatlaðs fólks. Hefur þjónustuvæði Bergrisans verið úthlutað 39.740.944 kr. af því heildarframlagi. Framlag Jöfnunarsjóðs miðast við 50% kostnaðarhlutdeild í verkefnum.

Er þjónustuvæðinu gert að standa saman að umsóknum. Umsóknir skulu berast til stjórnar Bergrisans á þar til gerðum eyðublöðum. Stjórn Bergrisans ákveður kostnaðarskiptingu á framlagi Jöfnunarsjóðs sem miðar við íbúafjölda 1. janúar 2023.

Verkefnastjóra Bergrisans er falið að útfæra verklag og senda til aðildarsveitarfélaga.

Þjónusturáð og verkefnastjóri víkja af fundi klukkan 11:35

## 6. Samráðshópur um starfsemi Bergrisans bs.

Samráðshópur um skipulag starfsemi Bergrisans óskar eftir að Steinunn Erla Kolbeinsdóttir, lögmaður, vinni álit fyrir hópinn.

Formanni Bergrisans falið að leita eftir álitum lögmanns.

## 7. Önnur mál

Aðalfundur Bergrisans verður haldinn þann 16. október næstkomandi í félagsheimilinu Borg í Grímsnesi, klukkan 13.30.

Er verkefnastjóra Bergrisans falið að boða til fundarins.

Fundartími stjórnar verður héraðan af á mánudögum klukkan 13:00 á fjögurra vikna fresti.

Fundi slitið klukkan 11:59.





Selfossi, 12.9.2023

## Fundargerð stjórnar

\*\*\*\*\*

11. fundur stjórnar Brunavarna Árnessýslu haldinn þriðjudaginn 12. september 2023, kl. 14:00 í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi.

Mætt: Helgi Kjartansson (formaður), Fjóra Kristinsdóttir, Bragi Bjarnason, Árni Eiríksson, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Pétur Pétursson, Lárus Kristinn Guðmundsson, Heiða Ösp Árnadóttir og Unna Björg Ögmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

1. Launamál

Pétur kynnti stöðu á launaáætlun miðað við fyrstu 8 mánuði ársins. Vel hefur tekist að stýra launaútgjöldum og því líkur á að ekki þurfi að fara fram á auka fjármagn þrátt fyrir kjarasamningsbundnar launaþækkningar sem ekki var gert ráð fyrir í áætlun.

2. Nýr kjarasamningur LSOS - þrekálag

Búið er að skrifa undir nýjan kjarasamning við Landssamband slökkviliðs- og sjúkra flutningamanna og gildir hann frá 1. október 2023 til 31. mars 2024. Helstu áhrif kjarasamningsins á BÁ er rúmlega 60% hækkun á þrekálagi. Verið er að kjósa um kjarasamninginn um þessar mundir og kemur í ljós á næstu dögum hvort hann verði samþykktur.

3. Fjárhagsstaða fyrstu 6 mánuði ársins

Pétur fór lauslega yfir fjárhagsstöðu BÁ 30/6. Talið er líklegt að takast muni að láta fjárhagsáætlun ársins standast.

4. Fjárhagsáætlunargerð 2024

Fjárhagsáætlunargerð er komin af stað fyrir árið 2024. Nýr kjarasamningurinn mun gilda til 31. mars 2024 og má þá gera ráð fyrir hækkunum sem ekki verður hægt að gera ráð fyrir í fjárhagsáætlunargerð fyrir árið 2024.

5. Gerð brunavarnaáætlunar

Pétur kynnti stöðuna á gerð brunavarnaáætlunar en breyting verður á áætluninni núna og verður hún á rafrænu formi og vistuð á vef Húsnæðis- og Mannvirkjastofnunar. Eldvamaeftirlitið er að vinna að gerð áhættugreininga fyrir helstu áhættur í sýslunni en áætlaður fjöldi áhættumata er um 350. Lárus kynnti þá vinnu sem er í gangi vegna áætlunarinnar.

6. Staða jafnlaunavottunar

Gerð jafnlaunavottunar er í vinnslu. Samkvæmt fyrstu launagreiningu er enginn launamunur innan BÁ. Töluverður kostnaður er við jafnlaunavottun sem ekki var áætlaður fyrir þetta ár og þarf að gera ráð fyrir þeim kostnaði í fjárhagsáætlunum næstu ára.

7. Uppfærsla á gjaldskrá BÁ

Gjaldskrá BÁ er í endurskoðun en hún hefur verið óbreytt frá 2013. Helstu breytingar er hækkun á tímagaaldi en gjaldskrá SHS er höfð til hliðsjónar við þá ákvörðun. Samþykkt að uppfæra gjaldskrána og tengja við vísitölu.

8. Útkallstöflfræði 2023

Lárus kynnti útkallstöflfræði það sem af er ári 2023.

Handwritten signatures and initials: LMG, F.K., HÖT, WÖ.

9. **Gróðureldamál og reynsla af farartækjum**  
Lárus kynnti hugmyndir að kaupum að Buggy bíl vegna gróðurelda eins og slökkviliðið í Grindavík á og nýttist mjög vel í gróðureldum við eldgosíð.
10. **Húsnæðismál, stöð 100**  
Björgunarfélag Árborgar hefur boðið BFÁ að kaupa hluta BFÁ í miðrymi Björgunarmiðstöðvarinnar á Selfossi. Um er að ræða 43 m<sup>2</sup> á jarðhæð og 60,3 m<sup>2</sup> í kjallara. Umræður. Slökkviliðsstjóra falið að ræða við BFÁ.
11. **Staðan á tækjageymslu stöð 300**  
Pétur fór yfir málefni tækjageymslu á Laugarvatni.
12. **Seinkun á afhendingu dælubíls**  
Vegna íhluta frá Úkraínu verður seinkun á afhendingu nýs dælubíls a.m.k. til vors 2024.
13. **Björgunarmiðstöð uppsveita**  
Pétur kynnti óformlega kostnaðargreiningu varðandi Björgunarmiðstöð uppsveita. Umræður.

Fleira ekki gert.  
Fundir slitið kl. 16:00

Ár Þórunn

Helga Hjartarson

Jóhanna Jónsdóttir

~~Pétur Pétursson~~

Lárus Kristinn Guðmundsson

Hæða Ösp Árnadóttir

Uma Björg Ógummsd.



Selfossi, 28.9.2023

## Fundargerð stjórnar

\*\*\*\*\*

12. fundur stjórnar Brunavarna Árnessýslu haldinn fimmtudaginn 28. september 2023, kl. 15:00 í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi.

Mætt: Helgi Kjartansson (formaður), Sveinn Ægir Birgisson, Bragi Bjarnason, Árni Eiríksson, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Pétur Pétursson, Lárus Kristinn Guðmundsson, Heiða Ösp Árnadóttir og Unna Björg Ögmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

1. Fjárhagsáætlun 2024

Pétur kynnti drög að fjárhagsáætlun Brunavarna Árnessýslu fyrir árið 2024. Umræður.

2. Björgunarmiðstöð á Flúðum

Gestir fundarins, Aldís Hafsteinsdóttir og Jón Bjarnason, frá Hrunamannahreppi, komu á fundinn til að kynna hugmyndir vegna byggingar björgunarmiðstöðvar á Flúðum. Umræður.

Fleira ekki gert.  
Fundu slitið kl. 17:10

Árnir Eiríksson

Helgi Kjartansson

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir

Pétur Pétursson

Sveinn Ægir Birgisson

Lárus Kristinn Guðmundsson

Heiða Ösp Árnadóttir

Unna Björg Ögmundsdóttir

Unna Björg Ögmundsdóttir



Selfossi, 3.10.2023

## Fundargerð stjórnar

\*\*\*\*\*

13. fundur stjórnar Brunavarna Árnessýslu haldinn þriðjudaginn 3. október 2023, kl. 07:00 í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi.

Mætt: Helgi Kjartansson (formaður), Sveinn Ægir Birgisson, Bragi Bjarnason, Árni Eiríksson, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Pétur Pétursson, Lárus Kristinn Guðmundsson, Heiða Ösp Árnadóttir og Unna Björg Ögmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

### 1. Fjárhagsáætlun 2024

Pétur kynnti uppfærða fjárhagsáætlun 2023 og uppfærð drög að fjárhagsáætlun Brunavarna Árnessýslu fyrir árið 2024. Umræður.

Stjórn samþykkir uppfærða fjárhagsáætlun 2023 og vísar til haustfundar Héraðsnefndar Árneseinga.

Í fjárhagsáætlun 2024 er ekki gert ráð fyrir hækkunum vegna kjarasamninga sem verða lausir 1. apríl 2024.

Stjórn samþykkir fjárhagsáætlun 2024 og fjárfestingaráætlun 2024-2033 og vísar til haustfundar Héraðsnefndar Árneseinga.

Fleira ekki gert.  
Fundu slitið kl. 08:30

Helgi Kjartansson

Sveinn Ægir Birgisson

Pétur Pétursson

Lárus Kristinn Guðmundsson

Heiða Ösp Árnadóttir

Unna Björg Ögmundsdóttir



**FRÆÐSLUNETIÐ**  
Símenntun á Suðurlandi  
*Lærum allir lífið*

**156. fundur – framhald í stjórn Fræðslunetsins – símenntunar á Suðurlandi.**  
*- haldinn á netinu 13.09.2023 kl. 16.30*

Mætt: Sigursveinn Sigurðsson formaður, Valdimar Hafsteinnsson, Hulda Kristjánsdóttir, Magðalena Jónsdóttir og Eyjólfur Sturlaugsson framkvæmdastjóri. Gils Einarsson fjarverandi.

**Dagskrárliður nr. 2 sem var frestað á fundi sem haldinn var 13.06.2023.**

**Ársreikningur 2022**

Ársreikningur Fræðslunetsins fyrir árið 2022 lagður fram ásamt skýrslu endurskoðanda.

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu niðurstöður og skýringar á helstu tölum og þróun á milli ára. Ljóst er að hlutfall launa af tekjum er of hátt og hefur farið hækkandi síðustu ár. Stjórn óskar eftir því að launakostnaður verði greindur og skoðaður með það að markmiði að lækka hlutfallið milli tekna og launa. Framkvæmdastjóra falið að vinna að málinu.

Ársreikningur 2022 staðfestur af stjórn og framkvæmdastjóra og verður hann formlega frágenginn með rafrænum undirritunum.

Ekki fleira fyrir tekið og fundi slitið kl. 17:00

*Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð*

RAFÆNT UNDIRRITAD  
Sigursveinn Már Sigurðsson  
Kt. 1502803039  
Dags. 14.9.2023 09:23:27  
Ástæða: Undirritun

RAFÆNT UNDIRRITAD  
Hulda Kristjánsdóttir  
Kt. 3001843249  
Dags. 14.9.2023 12:54:20  
Ástæða: Undirritun

RAFÆNT UNDIRRITAD  
Valdimar Hafsteinnsson  
Kt. 0902665869  
Dags. 14.9.2023 13:28:07  
Ástæða: Undirritun

RAFÆNT UNDIRRITAD  
Guðmundur Gís Einarsson  
Kt. 0911542509  
Dags. 22.9.2023 08:06:46  
Ástæða: Undirritun



**FRÆÐSLUNETIÐ**  
Símenntun á Suðurlandi  
*Lærum allt lífið*

## Ársreikningur 2022

Fræðslunetið símenntun á Suðurlandi ses.  
Tryggvagötu 13  
800 Selfoss  
kt. 641199-2579

## Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar Fræðslunetsins símenntunar á Suðurlandi ses.

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Fræðslunetsins símenntunar á Suðurlandi ses. fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu stofnunarinnar á árinu 2022, efnahag hennar 31. desember 2022 og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um um ársreikninga.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

### Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháð Fræðslunetinu símenntun á Suðurlandi ses. í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Fræðslunetsins símenntunar á Suðurlandi ses. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanlega vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær getu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

# Skýrsla stjórnar

Aðalstarfsemi félagsins er fullorðinsfræðsla á Suðurlandi.

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og íslenskar reikningskilavenjur.

## Rekstur ársins 2022

Tap varð af rekstri félagsins á rekstrarárinu að fjárhæð 9,8 m.kr. Eigið fé í lok ársins var jákvætt um 38,1 m.kr. skv. efnahagsreikningi. Vísað er til ársreikningsins um jöfnun taps og aðrar breytingar á bókfærðu eigin fé.

Rekstur Fræðslunetsins árið 2022 gekk ekki eins vel og áætlanir gerðu ráð fyrir. Reiknað var með að tekjur vegna námskeiða myndu hækka lítilega á árinu en þess í stað lækkuðu þær um rúmlega 12%. Þá hækkuðu laun meira en gert var ráð fyrir. Aðrar áætlanir um tekjur og gjöld stóðust nokkurn veginn. Niðurstaðan er tap upp á krónur 9.776.013, sem er mesta tap Fræðslunetsins frá upphafi. Farið er að ganga á eigið fé Fræðslunetsins.

Tekjur af virkninámskeiðum, íslenskunámskeiðum og FA námsbrautum lækkaði milli ára en tekjur af fyrirtækjafræðslu og af annarri fræðslustarfsemi hækkuðu. Verulega dró úr eftirspurn eftir virkninámskeiðum á árinu en hún var í hámarki eftir Covid. Þá hefur eftirspurn árið 2022 eftir námskeiðum í íslensku fyrir útlendinga aldrei verið jafn dræm.

Laun og launatengd gjöld hækkuðu á árinu umfram áætlanir. Langvarandi veikindi starfsmanna voru óvenjulega mikil seinni hluta ársins. Uppsögn starfsmanns á miðju ári og veikindi starfsmanna urðu til þess að undirmannað var allt haustið 2022. Undirmönnunin varð til þess að ekki var hægt að sinna kynningum og heimsóknnum sem skyldi og þar með sækja fleiri verkefni. Kostnaður við rekstur skrifstofu og fasteignar dróst saman á milli ára þrátt fyrir kostnaðarhækkunar á árinu.

Nokkur breyting var á mannauði Fræðslunetsins síðla árs 2022 þegar tveir nýir starfsmenn voru ráðnir til starfa. Engu að síður er sami reynslumikli mannauðurinn enn það akkeri sem keyrir starfsemina áfram. Starfsstöðin í Vík í Mýrdal hefur verið mannlús frá því í maí 2022 eftir að starfsmaður þar veiktist og lét svo af störfum í framhaldinu. Stjórn hefur enn ekki ákveðið með framhald þeirrar starfsemi.

Starfshópur á vegum Félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, sem endurskoðar lög um framhaldsfræðslu hefur verið að störfum mest allt árið 2023 og vænta má breytinga á lögnum á vörpingi 2024 nái áætlanir fram að ganga. Nokkur óvissa er því í lofti með fjárframlög frá opinberum aðilum og hvaða stöðu símenntunarmiðstöðvar skulu hafa í nánustu framtíð.

Fjöldi ársverka hjá félaginu voru 8,98 og launagreiðslur félagsins námu um 86,7 m.kr. á árinu

Fjöldi ársverka hjá félaginu á fyrra ári voru 9,15 og launagreiðslur félagsins námu um 82,7 m.kr. á árinu

## Yfirlýsing stjórnar

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu á árinu 2022, efnahag 31. desember 2022 og breytingu á handbæru fé á árinu 2022 í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga.

Stjórn Fræðslunetsins-símenntun á Suðurlandi ses. staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2022 með undirritun sinni.

Selfoss, 31. ágúst 2023

Stjórn:



## Efnahagsreikningur 31. desember 2022

Eignir	Skýr	2022	2021
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	6		
Innréttingar og búnaður, verkfæri og áhöld .....		6.013.816	5.287.994
Varanlegir rekstrarfjármunir alls		<u>6.013.816</u>	<u>5.287.994</u>
<b>Fastafjármunir samtals</b>		6.013.816	5.287.994
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....		5.691.766	3.056.221
Aðrar skammtímaskröfur .....	5	2.874.999	4.839.751
Handbært fé .....	3	36.456.850	41.976.820
Veltufjármunir alls		<u>45.023.615</u>	<u>49.872.792</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>51.037.431</u>	<u>55.160.786</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Bundin stofnframlög .....	7	2.784.100	2.727.501
Óráðstafað eigið fé .....		35.311.677	45.144.289
Eigið fé alls		<u>38.095.777</u>	<u>47.871.790</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Lánardrottinnar .....		4.140.612	2.919.083
Ýmsar skammtímaskuldir .....	8,9	8.801.042	4.369.913
Skammtímaskuldir alls		<u>12.941.654</u>	<u>7.288.996</u>
<b>Skuldir samtals</b>		12.941.654	7.288.996
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>51.037.431</u>	<u>55.160.786</u>

# Skýringar

## 1. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

### Framsetning ársreiknings

Þar sem það hefur átt við hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## 2. Innlausn tekna

Tekjur af sölu á þjónustu eru færðar í rekstrarreikning þegar þjónustan er innt af hendi. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra eða tengdan kostnað. Framlög og styrkir eru færð í rekstrarreikning þegar hæfileg víska er fyrir hendi um að stofnunin muni uppfylla þau skilyrði sem þeim eru bundin og að greiðslur muni berast.

Tekjur ársins	2022	2021
Tekjur af reglulegri starfsemi .....	47.402.240	52.798.671
Framlög og styrkir .....	123.225.800	119.201.000
	<u>170.628.040</u>	<u>171.999.671</u>

## 3. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnistæðum.

## 4. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2022	2021
Laun .....	86.684.138	82.701.789
Launatengd gjöld .....	20.835.660	19.889.847
	<u>107.519.798</u>	<u>102.591.636</u>

## 5. Aðrar skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur sundurliðast þannig:	2022	2021
Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti .....	2.475.000	4.800.000
Annað .....	399.999	39.751
	<u>2.874.999</u>	<u>4.839.751</u>

## Skýringar

### 9. Skuldbindingar utan efnahags

#### Vísinda- og rannsóknarsjóður Suðurlands

Markmið Vísinda- og rannsóknarsjóðsins er að styrkja háskólanema, sem eru að vinna að rannsóknarverkefnum á masters- og doktorsstigi á Suðurlandi í samræmi við markmið skipulagsskrár Fræðslunets Suðurlands og samþykktir Háskólafélags Suðurlands. Stefna Fræðslunetsins er að færa til gjalda styrki þegar þeir eru greiddir vegna óvissu um hvort styrkþegi komi til með að nýta sér þá.

#### Eftirfarandi eru styrktaraðilar sjóðsins tímabilið 2020-2023

Nafn styrktaraðila	2022	2021
Báran stéttarfélag .....	85.000	85.000
Dvalarheimilið Ás .....	60.000	60.000
Félag iðn- og tæknigreina FIT .....	55.000	55.000
Félag opinberra starfsmanna Suðurlandi .....	100.000	100.000
Fjölbrotaskóli Suðurlands .....	50.000	50.000
Flóahreppur .....	30.000	30.000
Háskólafélag Suðurlands .....	100.000	100.000
Hekluskógar .....	-	30.000
Hveragerðisbær .....	50.000	50.000
Kirkjubæjarstofa .....	20.000	20.000
Kötlusetur .....	20.000	20.000
Landgræðsla ríkisins Gunnarsholti .....	100.000	100.000
Menntaskólinn á Laugarvatni .....	40.000	40.000
Mýrdalshreppur .....	65.000	65.000
Rangárþing eystra .....	40.000	40.000
Rannsóknarmiðstöð Háskóla Íslands í jarðskjálftaverkfræði .....	30.000	30.000
Samband sunnlenskra kvenna .....	50.000	50.000
Samtök sunnlenskra sveitarfélaga .....	250.000	250.000
Skaftárhreppur .....	30.000	30.000
Sveitarfélagið Árborg .....	150.000	150.000
Sveitarfélagið Bláskógabyggð .....	30.000	30.000
Sveitarfélagið Hornafjörður .....	50.000	50.000
VR (Suðurlandi) .....	85.000	85.000
AFL starfsgreinafélag .....	75.000	75.000
Ásahreppur .....	30.000	30.000
Landbúnaraðháskóli Íslands .....	50.000	50.000
Mjólkursamsalan ehf .....	35.000	35.000
Rangárþing ytra .....	50.000	50.000
Sláturfélag Suðurlands, .....	35.000	35.000
Verkalýðsfélag Suðurlands .....	75.000	75.000
<b>Samtals styrkir</b>	<b>1.840.000</b>	<b>1.870.000</b>

#### Aðrar skuldbindingar utan efnahags - Orlofsskuldbinding

Orlofsskuldbinding hefur ekki verið áætluð og færð upp í ársreikningnum, því gætir áhrifa hennar hvorki í efnahag né rekstri.

## Sundurliðanir

11. Rekstrartekjur	2022	2021
Rekstrartekjur greinast þannig:		
<b>Sala vöru og þjónustu</b>		
Tekjur af námskeiðum .....	43.194.598	49.252.866
	<u>43.194.598</u>	<u>49.252.866</u>
<b>Framlög og styrkir</b>		
Fræðslum, atvinnulífs, námsleiðir, vottað nám .....	57.111.800	52.591.000
Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið, grunnframlag .....	41.500.000	40.900.000
Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið, íslenska fyrir útlendinga .....	6.545.000	8.840.000
Fjölmennit skv. samningum .....	16.229.000	15.000.000
Framlög Vísindasjóðs .....	1.840.000	1.870.000
	<u>123.225.800</u>	<u>119.201.000</u>
<b>Aðrar tekjur</b>		
Framlag FS net .....	0	49.479
Aðrar tekjur .....	2.632.642	3.096.326
Tekjur vegna vinnu hjá Kvasi .....	0	400.000
Framlag vegna námskeiða í tæknilæsi fyrir eldra fólk .....	1.575.000	0
	<u>4.207.642</u>	<u>3.545.805</u>

## Sundurliðanir

Kennsla og námskeiðahald sundurliðast þannig	2022	2021
Eftirtaldar tekjur eru sjálfaflaðar þ.e. án opinberra framlaga		
<b>Fyrirtækjaþjónusta</b>		
Sjálfaflaðar tekjur án opinberra framlaga .....	8.319.094	6.373.951
Kostnaður vegna kennslu og framkvæmdar hennar .....	2.055.616	780.550
Niðurstaða án opinberra framlaga og annars kostnaðar	<u>6.263.478</u>	<u>5.593.401</u>
<b>Íslenska fyrir útlendinga</b>		
Sjálfaflaðar tekjur án opinberra framlaga .....	11.183.000	14.315.100
Kostnaður vegna kennslu og framkvæmdar hennar .....	10.114.409	14.438.029
Niðurstaða án opinberra framlaga og annars kostnaðar	<u>1.068.591</u>	<u>(122.929)</u>
<b>Virkninámskeið</b>		
Sjálfaflaðar tekjur án opinberra framlaga .....	13.544.100	20.027.900
Kostnaður vegna kennslu og framkvæmdar hennar .....	7.590.784	9.139.069
Niðurstaða án opinberra framlaga og annars kostnaðar	<u>5.953.316</u>	<u>10.888.831</u>
<b>Fjölmennt (námskeið fyrir fatlað fólk)</b>		
Sjálfaflaðar tekjur án opinberra framlaga .....	1.461.000	1.558.905
Kostnaður vegna kennslu og framkvæmdar hennar .....	4.510.147	4.339.911
Niðurstaða án opinberra framlaga og annars kostnaðar	<u>(3.049.147)</u>	<u>(2.781.006)</u>
<b>Námskeið FA</b>		
Sjálfaflaðar tekjur án opinberra framlaga .....	4.268.404	6.977.010
Kostnaður vegna kennslu og framkvæmdar hennar .....	12.469.927	13.147.004
Niðurstaða án opinberra framlaga og annars kostnaðar	<u>(8.201.523)</u>	<u>(6.169.994)</u>
<b>Önnur námskeið</b>		
Sjálfaflaðar tekjur án opinberra framlaga .....	4.419.000	0
Kostnaður vegna kennslu og framkvæmdar hennar .....	4.210.921	613.303
Niðurstaða án opinberra framlaga og annars kostnaðar	<u>208.079</u>	<u>(613.303)</u>
<b>Raunfærnimat</b>		
Sjálfaflaðar tekjur án opinberra framlaga .....	0	0
Kostnaður vegna kennslu og framkvæmdar hennar .....	2.271.998	474.120
Niðurstaða án opinberra framlaga og annars kostnaðar	<u>(2.271.998)</u>	<u>(474.120)</u>
Tekjur alls .....	43.194.598	49.252.866
Kostnaður alls .....	43.223.802	42.931.986
Afkoma alls	<u>(29.204)</u>	<u>6.320.880</u>



## 157. fundur í stjórn Fræðslunetsins – símenntunar á Suðurlandi.

- haldinn í Fjölheimum 10.10.2023 kl. 16.30

Mætt: Sigursveinn Sigurðsson formaður, Hulda Kristjánsdóttir, Gils Einarsson og Eyjólfur Sturlaugsson framkvæmdastjóri. Valdimar Hafsteinsson og Magðalena Jónsdóttir fjarverandi.

### 1. Námsframboð haustannar

Framkvæmdastjóri fór yfir fjölbreytt námsframboð haustannar. Í boði eru fjölmörg námskeið í virkniúrræðum, fyrirtækjaþjónustu og íslenskunámskeiðum. Sú nýjung er varðandi íslensku-námskeiðin að bjóða upp á morgunhóp á Selfossi. Einnig eru fjölbreyttar námbrautir FA í boði á haustönn. Stefnir í að 18 námskeið verði í boði fyrir fatlað fólk á önninni.

Gjaldskrár voru endurskoðaðar í upphafi annar og hækkaðar aðeins varðandi íslenskunámskeiðin, fyrirtækjaþjónustuna og virkniúrræðin.

### 2. Starfsstöðin í Vík

Óljóst er með aðgang Fræðslunetsins að leigðri skrifstofu á Vík. Ekki hefur verið starfsmaður starfandi þar á vegum Fræðslunetsins frá því í maí 2022. Stjórn ákvað síðasta haust að bíða með að auglýsa starfið vegna óvissu en framkvæmdastjóri átti samtalið við sveitarstjóra í Mýrdalshreppi þar sem hugmynd var um að deila mögulega starfsmanni. Ekki er komin niðurstaða í það samtal. Stjórn felur framkvæmdastjóra að ganga eftir að fá formlegt svar frá sveitarstjóra í Mýrdalshreppi varðandi húsnæði ásamt möguleika á sameiginlegum starfsmanni.

### 3. Starfsmannamál

Framkvæmdastjóri upplýsti stjórn um stöðu í starfsmannamálum.

### 4. Erindi frá Háskólafélagi Suðurlands

Háskólafélag Suðurlands sendi bréf í vor og óskaði eftir fundi með stjórn Fræðslunetsins vegna samtals um mögulega sameiningu félaganna. Gils las upp minnispunkta í umboði stéttarfélaganna sem standa að Fræðslunetinu. Framkvæmdastjóri lagði fram minnisblað vegna málsins.

Stjórn er sammála um að mikilvægt sé að afla gagna um hugsanlegan ávinning sameiningar við Háskólafélagið áður en farið er á fund vegna málsins. Framkvæmdastjóra falið að taka saman gögn fyrir næsta stjórnarfund. Formaður stjórnar mun hafa samband við framkvæmdastjóra Háskólafélagsins og til að upplýsa um stöðu mála.

### 5. Önnur mál

- Fréttir úr starfseminni. Framkvæmdastjóri flutti stjórn helstu fréttir úr starfseminni.

Ekki fleira fyrir tekið og fundi slitið kl. 18.15

*Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð*

## Fundargerð nr. 208

208. fundur stjórnar Tónlistarskóla Árnesinga haldinn 25.9.2023.

### Kennslustaðaheimsókn í uppsveitir.

Mætt: Kjartan Björnsson, Erla Sif Markúsdóttir, Sveinn Ingi Sveinbjörnsson og Helga Sighvatsdóttir.  
Jóhann I. Stefánsson boðaði forföll.

#### 1. Kennslustaðaheimsóknir.

Stjórn Tónlistarskóla Árnesinga heimsótti kennslustaði í uppsveitum Árnessýslu, þ.e. Kerhólsskóla, Bláskógaskóla Laugarvatni, Reykholtsskóla, Flúðaskóla og félagsheimilið, Þjórásarskóla og bókasafnið í Brautarholti.

- Lagt var af stað frá Selfossi kl. 11:40 – heimkoma kl. 15:10.

Á kennlustöðum tóku umsjónarmenn kennslustaða og/eða skólastjórnendur grunnskólanna á móti gestum.

Aðstaða til kennslu er ólík milli kennslustaða, sums staðar góð en annars staðar mætti búa betur að tónlistarkennslunni hvað varðar rými, hljóðeinangrun og aðgengi.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 15:10/ SIS

Fundargerð send til fundarmanna í tölvupósti til samþykktar.

*Kjartan Björnsson,  
Erla Sif Markúsdóttir,  
Sveinn Ingi Sveinbjörnsson,  
Helga Sighvatsdóttir,*



## Fundargerð nr. 209

209. fundur stjórnar Tónlistarskóla Árnesinga haldinn á Teams 28.9.2023, kl. 17:45.

Mætt: Kjartan Björnsson, Erla Sif Markúsdóttir, Sveinn Ingi Sveinbjörnsson og Helga Sighvatsdóttir.  
Jóhann I. Stefánsson boðaði forföll.

### 1. Fjárhagsáætlun 2024

Helga Sighvatsdóttir kynnti fjárhagsáætlun 2024.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 18:15/ SIS

Fundargerð send til fundarmanna í tölvupósti til samþykktar.

*Kjartan Björnsson,  
Erla Sif Markúsdóttir,  
Sveinn Ingi Sveinbjörnsson,  
Helga Sighvatsdóttir,*



## Fundargerð stjórnar SOS nr. 320

**Staður:** Fundarsalur SASS að Austurvegi 56, Selfossi

**Dagsetning og tími:** 2. október 2023, kl. 14:00.

Mætt voru: Anton Kári Halldórsson (AKH), formaður, Ása Valdís Árnadóttir (ÁVÁ), Bragi Bjarnason (BB), Fjóla St. Kristinsdóttir (FSK), og í fjarfundarbúnaði Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir (DSS), sem ritaði fundargerð. Þá mætti á fundinn Bjarni Guðmundsson (BG) frá SASS.

### 1. Undirbúningur fyrir aðalfund SOS

Farið yfir fyrirbyggjandi drög að dagskrá aðalfundar.

Ræddar tillögur fyrir dagskrá fundarins um nýtingu fjármuna í sameiginleg verkefni, svo sem vegna móttöku á úrgangi úr fituskiljum. Á síðasta fundi SOS var framkvæmdarstjóra SASS falið að senda út erindi á sveitarfélögin þar sem óskað væri eftir ábendingum frá aðildarsveitarfélögum varðandi möguleg verkefni fyrir SOS til að vinna að, sem myndi nýtast öllum sveitarfélögum á svæðinu og var fyrirhugað að leggja niðurstöðurnar fyrir þennan fund. Svör bárust frá 7 sveitarfélögum og mun stjórn vinna úr tillögnum fram að boðun aðalfundar.

Rædd erindi/kynningar frá Orkugerðinni og Úrvinnslusjóði.

Farið yfir drög að ársskýrslu, fjárhagsáætlun og gjaldskrá.

Formanni falið að klára vinnu við drög að endurskoðuðum samþykktum SOS og bera undir stjórnarmenn áður en þau verða send út með fundarboði fyrir aðalfund.

### 2. Önnur mál

Engin önnur mál rædd.

Gert er ráð fyrir að næsti fundur stjórnar verði haldinn þann 25. október nk. kl. 20:00. Stefnt að því að fundur verði haldinn þann 13. nóvember nk. kl. 13 á Hvolsvelli og farið verði í skoðunarferð á Strönd.

Fundi slitið klukkan 15:15.



## Fundargerð stjórnar SOS nr. 321

**Staður:** Hótel Vík í Mýrdal, Klettsvegi 1-5, Vík í Mýrdal.

**Dagsetning og tími:** 25. október 2023, kl. 20:00.

Mætt voru: Anton Kári Halldórsson (AKH), formaður, Ása Valdís Árnadóttir (ÁVÁ), Bragi Bjarnason (BB), Fjóla St. Kristinsdóttir (FSK), og Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir (DSS), sem ritaði fundargerð.

### 1. Undirbúningur fyrir aðalfund SOS

Aðalfundur verður haldinn 27. október nk. í tengslum við ráðstefnu SASS í Vík í Mýrdal á Hótel Vík í Mýrdal. Formaður fór yfir efni aðalfundar og dagskrá. Formaður leggur til breytingu á uppröðun dagskrárliða og kynnir að mál hafi bæst við dagskrána, þ.e. kynning á úrgangstölum frá Elísabetu Björneyju Lárusdóttur, umhverfissérfræðingi SASS.

Farið yfir þær tillögur sem bárust frá aðildarsveitarfélögum um áhersluverkefni. Þar sem svigrúm er í fjárhagsáætlun ákveður stjórn að vinna með tillögurnar áfram í stað þess að bera þær formlega upp á aðalfundinum 27. október nk.

### 2. Önnur mál

Engin önnur mál rædd.

Stefnt er að því að fundur verði haldinn þann 13. nóvember nk. kl. 13 á Hvolsvelli og farið verði í skoðunarferð á Strönd.

Fundi slitið klukkan 20:30.



### **3. fundur framkvæmdaráðs Almannaþarinn Árnæssýslu, haldinn á Teams fimmtudaginn 28. september 2023 kl 14:00.**

Mætt: Fjóla Kristinsdóttir formaður, Ásta Stefánsdóttir varaformaður, Pétur Pétursson framkvæmdastjóri, Lárus Kristinn Guðmundsson varaslökkviliðsstjóri Brunavarna Árnæssýslu og Unna Björg Ögmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

#### **1. Fjárhagsáætlun 2024**

Fjárhagsáætlun 2024 lögð fram af framkvæmdastjóra Almannaþarinn Árnæssýslu.  
Fjárhagsáætlunin samþykkt af framkvæmdaráði og vísað til samþykkis Héraðsnefndar.

**Fundi slitið kl. 14:20**



## Fundargerð

**231. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands**  
**haldinn fimmtudaginn 5. október 2023 kl. 13:00 að Austurvegi 65a, Selfossi**

**Mætt:** Guðrún S. Magnúsdóttir, Páll Tómasson í fjarfundabúnaði, Bragi Bjarnason, Kjartan Ólafsson, Örn Friðriksson í fjarfundabúnaði, Oddur Árnason í fjarfundabúnaði og Sigrún Guðmundsdóttir sem skrifaði fundargerð.

Fjóla St. Kristinsdóttir boðaði forföll og mætti varamaður í hennar stað.

Guðrún S. Magnúsdóttir formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

### 1. Starfsleyfi, skráning, afturköllun starfsleyfa, umsagnir, rekstraryfirlit

#### a) Starfsleyfi

2. Málnúmer	Heiti	Fyrirtæki	Póstnr	Móttekið
2310012HS	Starfsleyfi	Áskot Cottages, Kalsi ehf.	851	04.10.2023
2310007HS	Starfsleyfi - endurnýjun	Ferðafélag Ísl.vÁlftavatn	851	03.10.2023
2310008HS	Starfsleyfi - endurnýjun	Ferðafélag Ísl.v/Skáli, Langadal	861	03.10.2023
2310005HS	Starfsleyfi - tímabundið, vegna bjórhátíðar	Ölverk, Breiðumörk 2, Hveragerði - Einfalt ehf.	810	02.10.2023
2309060HS	Starfsleyfi ný starfsemi - gisting	Eiríkur Þór Jónsson - Country Home in Nature	881	30.09.2023
2309061HS	Starfsleyfi ný starfsemi gisting	Studio list sf. - Hamar	861	30.09.2023
2309049HS	Starfsleyfi nýtt	Þverá ehf.	805	26.09.2023
2309051HS	Starfsleyfi ný starfsemi	Highland Base Kerlingarfjöll - Fannborg ehf.	845	26.09.2023
2309046HS	Starfsleyfi ný starfsemi - vatnsveita	Helgulind ehf. - Vatnsveitan Helgulind	816	25.09.2023
2309039HS	Starfsleyfi endurnýjun	Gistiheimilið Klaustur-Hof og Kaffi Munkar - Lauren ehf	880	22.09.2023
2309041HS	Starfsleyfi endurnýjun	Minilik Ethiopian Restaurant	845	22.09.2023
2309036HS	Starfsleyfi, ný starfsemi kaffihús	South Center ehf	800	21.09.2023
2309037HS	Starfsleyfi, endurnýjun	Ferðapjónustan Hunkubökkum ehf	880	21.09.2023
2309038HS	Starfsleyfi, nýtt - Olís v neyslugeymir Gröfútækni Flúðum	Olís ehf. - Gröfútækni Flúðum	845	21.09.2023
2309032HS	Starfsleyfi, eigendaskipti	EJ Hotels ehf. - Hótel Skógá (áður Hótel Skógar)	861	20.09.2023
2309028HS	Starfsleyfi - eigendaskipti	Huppuís ehf. - Ísbúð Huppu	800	15.09.2023
2309029HS	Starfsleyfi, nýtt - Olís, Þjótandi	Olís ehf. - Þjótandi Hellu	850	15.09.2023



## Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a  
800 Selfoss  
Sími: 480 8250

2309022HS	Starfsleyfi ný starfsemi - baðstaður í náttúrunni	Hrunalaug ehf.	846	13.09.2023
2309019HS	Starfsleyfi	Naglafar ehf.	851	11.09.2023
2308071HS	Starfsleyfi ný starfsemi	Leikskólinn Jötunheimar - Heiðarstekkur - Sveitarfélagið Árborg	800	17.08.2023
2308060HS	Starfsleyfi eigendaskipti	Vorsabær Country Cottage - Hrafnhildur H Guðmundsdóttir	804	15.08.2023
2308061HS	Starfsleyfi, tímabundið	Kjötsúpuhátið 2023 - Rangárþing eystra	860	15.08.2023
2308066HS	Starfsleyfi, endurnýjun	Sláturfélag Suðurlands Fossnesi	800	15.08.2023
2308055HS	Starfsleyfi - endurnýjun	Skaftárhreppur v/Hjúkrunar- og dvalarheimilið Klausturhólar	880	14.08.2023
2308044HS	Starfsleyfi, tímabundið -	Blómstrandi dagar 17.-20. ágúst 2023 Hveragerðisbær	810	10.08.2023
2308040HS	Starfsleyfi, nýtt	Háblær ehf. - Vindmyllur í Þykkvabæ	851	09.08.2023

Við afgreiðslu umsóknar Sláturfélags Suðurlands vegna reksturs sláturhúss í Fossnesi, Selfossi véku af fundi Guðrún S. Magnúsdóttir og Oddur Árnason.

Ofangreind starfsleyfi eru samþykkt með fyrirvara um jákvæða úttekt heilbrigðisfulltrúa og jákvæða afgreiðslu viðkomandi skipulags- og byggingafulltrúa.

### *Í auglýsingu:*

Eftirtalin starfsleyfisskilyrði eru í auglýsingu á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Starfsleyfi í auglýsingu verða gefin út að auglýsingafresti loknum að því gefnu að ekki berist athugasemdir við útgáfuna. Að öðrum kosti verður ákvörðun tekin á næsta fundi nefndarinnar.

**Starfsleyfisauglýsingar vegna útgáfu starfsleyfa fyrir mengandi starfsemi sbr. reglugerð nr. 550/2019 til kynningar**

- Háblær ehf., kt. 4712212360, Suðurlandsbraut 18, 108 Reykjavík, vegna framleiðslu raforku með tveimur vindmyllum að Háabæ 1, lóð 1 og 2, 851 Hella. Sjá slóð [hér](#).
  - **Frestur til að gera athugasemdir er til 12. október 2023**
- Sláturfélag Suðurlands svf., kt. 6002692089, Fosshálsi 1, 110 Reykjavík, vegna sláturhúss að Fossnesi, 800 Selfoss. Sjá slóð [hér](#).
  - **Frestur til að gera athugasemdir er til 11. október 2023**

### **a) Skráning starfsemi**

Málsnúmer	Heiti	Fyrirtæki / stofnun	Póstnr	Mótttekið
2309075HS	Skráning niðurrif mannvirkja	Framkvæmdasýslan - Ríkiseignir - Niðurrif Garðyrkjuskólans Reykjum	816	30.09.2023
2309044HS	Skráning - Meðhöndlun asbests, Tryggvaskáli	ICE work ehf. - Niðurrif asbests, Tryggvaskáli	800	25.09.2023
2309030HS	Skráning niðurrif mannvirkja	Gisli Ingi Gunnarsson	900	18.09.2023

Staðfesting skráningar á ofangreindum umsóknum



## Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a  
800 Selfoss  
Sími: 480 8250

### b) Höfnun starfsleyfis

Málsnúmer	Heiti	Fyrirtæki / stofnun	Póstnr	Móttekið
2309017HS	Starfsleyfi - endurnýjun synjað vegna skipulags	Discover ehf. - Discover Iceland Lodge	806	11.09.2023

Staðfesting á ofangreindri afgreiðslu

### d) Umsagnir til sýslumanna

#### Vegna veitinga- og gistileyfa

Málsnúmer	Heiti	Fyrirtæki	Póstnr	Móttekið
2309059HS	Rekstrarleyfi nýtt	Studio list sf. - Hamar	861	29.09.2023
2309057HS	Rekstrarleyfi nýtt	South Center ehf - South Center	800	29.09.2023
2309050HS	Rekstrarleyfi nýtt	Þverá ehf. - Vaðstígur	805	26.09.2023
2309040HS	Rekstrarleyfi - Eigendaskipti	Brún ehf. - gistiþjónusta, Meiri-Tungu	851	22.09.2023
2309023HS	Rekstrarleyfi Fröken Selfoss	ÁB veitingar ehf.	800	13.09.2023
2309020HS	Rekstrarleyfi ný starfsemi	Naglafar ehf.	851	11.09.2023
2309018HS	Rekstrarleyfi nýtt	Discover ehf. - Discover Iceland Lodge	806	11.09.2023
2309053HS	Tækifærisleyfi	Rangárþing eystra v/ Félagsheimili Hvoll, Hvolsvelli	860	28.09.2023
2309047HS	Tækifærisleyfi	Björgvin R Snorrason - Gamla kartöflugeymslan	820	25.09.2023
2309042HS	Tækifærisleyfi - Uppistand	Árborg v/Íþróttahús Stokkseyri	825	25.09.2023
2309033HS	Tækifærisleyfi v dansleiks	Flóahreppur v/ Félagslundur, Félagsheimili	803	20.09.2023
2309025HS	Tækifærisleyfi - Bjórhátíð	Ölverk, Breiðumörk 2, Hveragerði - Einfalt ehf.	810	13.09.2023
2309021HS	Tækifærisleyfi - Tímabundið áfengisleyfi, Haust festival	Ölfus v/ Versalir, samkomusalur	815	11.09.2023
2309015HS	Tækifærisleyfi Rave 23. september	Skaftárhreppur v/Félagsheimilið Kirkjuhvoll	880	07.09.2023

Afgreiðsla staðfest

### e. Umsagnir vegna skipulags- og umhverfismála

#### Skipulagsmál

Málsnúmer	Heiti	Fyrirtæki	Póstnr	Móttekið
2211008HS	Hólakot, Hrunamannahreppi - Umsögn um aðalskipulagsbreytingu	Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnassýslu	804	30.09.2022
2309074HS	Háagljúfur í Ölfusi - Umsögn um deiliskipulagstillögu	Skipulags- og byggingafulltrúi Ölfus	815	30.09.2023
2309073HS	Þórustaðir í Ölfusi - Umsögn um deiliskipulagstillögu	Skipulags- og byggingafulltrúi Ölfus	815	30.09.2023
2309072HS	Sandhóls í Ölfusi - Umsögn um deiliskipulagstillögu	Skipulags- og byggingafulltrúi Ölfus	815	30.09.2023
2309071HS	Mói svæði II - Umsögn um deiliskipulag á vinnslustigi	Skipulags- og byggingafulltrúi Ölfus	815	30.09.2023



## Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a  
800 Selfoss  
Sími: 480 8250

2309070HS	Hagi 2, Skeiða- og Gnúpverjahreppi L166551; Náma og aðkoma - Umsögn um aðalskipulagsbreytingu - lýsing	Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnassýslu	840	30.09.2023
2309069HS	Þórólfsfell 3 - Umsögn um deiliskipulagstillögu	Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings eystra	860	30.09.2023
2309068HS	Mosar - Umsögn um deiliskipulagstillögu	Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings eystra	860	30.09.2023
2309067HS	Bólstaður - Umsögn um deiliskipulagstillögu	Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings eystra	860	30.09.2023
2309066HS	Tjaldhólar - Umsögn um deiliskipulagsbreytingu	Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings eystra	860	30.09.2023
2309065HS	Bergþórugerði - Umsögn um deiliskipulagsbreytingu	Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings eystra	860	30.09.2023
2309064HS	Hemruhlíð - Umsögn um deiliskipulagstillögu	Skipulags- og byggingafulltrúi Skaftárhrepps	880	30.09.2023
2309063HS	Brjársstaðir lóð 4, Skeiða- og Gnúpverjarheppi L213014 - Umsögn um deiliskipulagstillögu	Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnassýslu	840	30.09.2023
2309062HS	Svínhagi SH-18 br á texta VB25- Lýsing - Umsögn um aðalskipulagsbreytingu	Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra	850	30.09.2023

Lagt fram til kynningar/staðfestingar.

### f) Rekstraryfirlit

Lagt fram til kynningar

## 2. Vegna aðalfundar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs. 27. október 2023

Fundargögn til fulltrúa aðalfundar lögð fram til kynningar.

Tillögur Heilbrigðisnefndar á aðalfundi:

Tillaga vegna endurskoðunar PWC

Tillaga um þóknun stjórnar

## 3. Úr eftirliti

### a. Akurholt, Ölfusi eftirlit á lóðum og lendum

Þar sem tiltekt er enn ekki lokið á umræddri lóð mun Heilbrigðisnefnd Suðurlands grípa til þeirra þvingunarúrreða sem lög nr. 7/1998 og reglugerðir settar samkvæmt þeim heimila, sbr. einnig 16. gr. reglugerðar nr. 737/2003. Jafnframt er vakin athygli á því að kostnaður sem til fellur vegna hreinsunar lóðarinnar er tryggður með lögveði í viðkomandi fasteign, lóð eða farartæki, sbr. 2. mgr. 61. gr. laganna. Þá er vakin athygli á að heilbrigðisfulltrúum er heimilt að leita aðstoðar lögreglu ef þörf krefur, sbr. 1. mgr. 62. gr. laganna.

### b. Heiðmörk 63, Hveragerði, eftirlit á lóðum og lendum

Framkvæmdastjóra falið að fylgja málinu eftir.

### c. Vöktun fráveitu Hveragerðisbæjar og takmörkun á aðgengi útivistarsvæðis

Afgreiðslu frestað til næsta fundar meðan farið verður yfir nýjustu upplýsingar.





## Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a  
800 Selfoss  
Sími: 480 8250

### d. Olís Eyrarbakka

Fyrirtækið fékk tímabundið leyfi frá 10. maí 2022 – 10. maí 2023 og svo aftur frá 10. maí 2023 – 31. desember 2023 til að ljúka úrbótum í samræmi við framkvæmdaáætlun. Olís ehf. sent bréf í nóvember 2022 þar sem áminning var áformuð. Í framhaldi af því var fundað með Olís þar sem áform voru kynnt um úrbætur sem ekki hafa gengið eftir. Starfsleyfið verður ekki framlengt nema úrbótum verði lokið.

### e. Syðri-Reykir ehf. - Efnistaka við Brúará

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands skoðaði í reglubundnu eftirliti þann 24. ágúst sl. landmótunarsvæði í Norðurtúnslá (E39) landi Syðri-Reykja í Bláskógabyggð. Við eftirlitið kom í ljós að enn er starfsemi á svæðinu þrátt fyrir að starfsleyfi til landmótunar með óvirkum jarðvegsúrgangi hafi runnið út þann 27. ágúst 2022 og ekki hefur verið sótt um endurnýjun þess. Þá fer einnig fram efnistaka á svæðinu sem ekki hefur verið sótt um starfsleyfi fyrir, þrátt fyrir kröfur þar um.

Í ljósi þess að fyrirtækið hefur ekki brugðist við kröfum embættisins um að sækja um starfsleyfi fyrir starfsemi sinni er lítur að efnistöku og landmótun, sbr. eftirlitsskýrslu, mun Heilbrigðisnefnd Suðurlands, með vísun í lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, XVII kafla um valdsvið og þvingunarúrræði, taka til skoðunar að veita Syðri-Reykjum ehf. áminningu, hafi umsókn um starfsleyfi fyrir starfsemi fyrirtækisins ekki borist embættinu fyrir veittan frest, þ.e. 13. október 2023.

## 4. Aðsend erindi

### a. Skýrsla nefndar á vegum Umhverfis- orku og loftslagsráðuneytisins um breytingar á opinberu eftirliti

Skýrslu nefndar á vegum Umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytisins í samvinnu við Matvælaráðuneytið um mögulegar breytingar á fyrirkomulagi eftirlits með hollustuhátta-, mengunarvarna- og matvælamálum er lokið. Kynning verður á skýrslunni í næstu viku fyrir Heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:55

Guðrún S. Magnúsdóttir

Páll Tómasson

Bragi Bjarnason

Kjartan Ólafsson

Örn Friðriksson

Oddur Árnason

Sigrún Guðmundsdóttir



## 601. fundur stjórnar SASS

### fjarfundur

6. október 2023, kl. 12:30 – 14:05

Þátttakendur: Ásgerður Kristín Gylfadóttir formaður, Grétar Ingi Erlendsson varaformaður, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Árni Eiríksson, Arnar Freyr Ólafsson, Einar Freyr Elínarson, Brynhildur Jónsdóttir og Njáll Ragnarsson. Einnig tekur þátt Bjarni Guðmundsson framkvæmdastjóri SASS, sem jafnframt ritar fundargerð. Fundarmenn tengjast fundinum í gegnum fjarfundar hugbúnað.

Formaður býður fundarmenn velkomna.

#### 1. Fundargerð

Fundargerð 600. fundar staðfest en hún verður undirrituð síðar.

#### 2. Ársþing SASS 2023

##### a. Dagskrá ársþings og aðalfundar

Formaður kynnir uppfærð drög að dagskrá ársþings og aðalfundar samtakanna sem fram fer á Hótel Vík 26. – 27. október nk. Þema ársþingsins er. „Hvar liggja ofurkraftar sunnlensks samfélags?“ Stjórn leggur til að Einar Freyr Elínarson, sveitarstjóri Mýrdalshrepps og Anna Huld Óskarsdóttir fulltrúi í sveitarstjórn Mýrdalshrepps verði fundarstjórar á þinginu og að Rósa Sif Jónsdóttir verði fundarritari. Stjórn samþykkir fyrirliggjandi dagskrá.

##### b. Starfsskýrsla 2022 – 2023

Formaður og framkvæmdastjóri kynna drög að starfsskýrslu samtakanna 2022 – 2023.

##### c. Drög að fjárhagsáætlun 2024

Framkvæmdastjóri kynnir drög að fjárhagsáætlun samtakanna fyrir árið 2024 og forsendur áætlunarinnar en hún hefur verið til umfjöllunar hjá Fjárhagsnefnd SASS. Sem fyrr hefur stjórn SASS nokkrar áhyggjur af að fjárframlög ríkisins til atvinnuráðgjafar, Sóknaráætlunar og til reksturs áfangastaðastofu séu að lækka frá yfirstandandi ári en auk þess hafa þau ekki fylgt verðlagsþróun á síðustu árum. Ljóst er geta samtakanna til að veita atvinnuráðgjöf í landshlutanum minnkar með stöðugri lækkun á fjárframlögum ríkisins til Byggðastofnunar en stofnunin er með samninga við landshlutasamtökin um atvinnuráðgjöf. Uppbyggingarsjóður Sóknaráætlunar Suðurlands hefur einnig minni fjármuni til að styrkja verkefni á svið menningar og atvinnu- og nýsköpunar.

Fjárhagsáætlun SASS 2024 verður afgreidd á komandi ársþingi.

##### d. Tillaga að launum stjórnar, ráða og nefnda

Einar Freyr, formaður Fjárhagsnefndar, kynnir tillögu að launum stjórnar, ráða og nefnda sem verið hefur til umræðu hjá nefndinni.



Nefndin leggur til að breyta eldri samþykkt og að ný tillaga fylgi sömu hlutfallstölum af þingfarakaupi og gert var árið 2021. Tillaga að launum stjórnar, ráða og nefnda verður til afgreiðslu á komandi ársþingi.

e. Tillaga að breytingum á samþykktum

Árni, formaður Allsherjarnefnd SASS, kynnir tillögu nefndarinnar um breytingu á starfsháttum samtakanna þannig að haldnir verði tveir fundir á ári, þ.e. „aðalfundur“ að vori og „haustfundur“ að hausti. Hann færir rök nefndarinnar fyrir breytingunni.

Verði tillagan samþykkt á ársþinginu mun það hafa í för með sér að breyta þarf samþykktum samtakanna og hann kynnir breytingatillögurnar. Skv. grein 8.1 í núverandi samþykktum er tiltekið að „Tillögur til breytinga á samþykktum skulu sendar stjórn þremur vikum fyrir aðalfund.“ Það forskilyrði hefur verið uppfyllt þannig að tillagan er til afgreiðslu á komandi ársþingi.

Tillaga er einnig fram komin frá bæjarfulltrúa Árborgar og um breytingu á gr. 3.1. í samþykktum sem kveður á um fjölda þingfulltrúa. Tillagan er of seint fram komin, sbr. gein 8.1. í samþykktum SASS, og hún verður því ekki til afgreiðslu á komandi ársþingi SASS. Stjórn samtakanna sér þó ekkert því til fyrirstöðu að hún fylgi fundargögnum og verði kynnt þar og um hana fjallað.

f. Nefndastarf

Formaður og framkvæmdastjóri kynna niðurstöður millipinganefnda en þau verða aðgengileg þingfulltrúum á heimasíðu SASS með öðrum fundargögnum. Kjörnefnd er einnig að störfum.

### 3. Önnur mál til kynningar og umræðu

a. Fundargerðir m.a. stjórna annarra landshlutasamtaka

Lagðar fram til kynningar; fundargerð 564. fundar stjórnar SSH, fundargerðir 791. -793. funda stjórnar SSS, fundargerð 98. fundar stjórnar SSNV, fundargerð og ályktanir haustþings SSA, ársfundar Austurbrúar og fundargerðir 933. og 934. funda stjórnar sambandsins.

b. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri kynnir að á haustfundi formanna og framkvæmdastjóra landshlutasamtaka (LHS) var rætt um framhald sóknaráætlana, stöðu áfangastaðastofa og önnur samskipti við fulltrúa Ferðamálastofu, framkomið fjárlagafrumvarp 2024 og drög að sameiginlegu minnisblaði LHS, haustfund atvinnuráðgjafa og Byggðastofnunar sem haldinn verður í byrjun nóvember nk. og samstarf LHS og sambandsins.

Fjármálaráðstefna sambandsins fór fram um miðjan september og formenn og framkvæmdastjórar LHS áttu fund með stjórn sambandsins.

Umsóknarfrestur í Uppbyggingarsjóð Suðurlands var til þriðjudagsins 3. október sl. Alls bárust 96 umsóknir og þar af 22 í flokki atvinnu- og nýsköpunar og 74 í flokki menningar. Önnur verkefni tengjast undirbúningi fyrir ársþing SASS og aðalfundi SASS og SOS.



c. Fjárlög ríkisins 2024

Formaður kynnir að nefndasvið Alþingis hafi óskað eftir umsögn samtakanna um fjárlagafrumvarp ríkisins 2024. Formanni og framkvæmdastjóra falið að klára umsögnina.

d. Skipan í Minjaráð Austurlands

Formaður kynnir erindi frá Minjastofnun Íslands til SSA og SASS um tilnefningu á sameiginlega einum aðalfulltrúa og einum varafulltrúa fyrir minjaráð Austurlands.

Niðurstaða stjórnar er að kalla eftir sjónarmiðum Sveitarfélagsins Hornafjarðar þar sem Minjaráð Austurlands nær til þess sveitarfélags.

e. Skólaþjónustusvæði og uppbygging þeirra

Mennta- og barnmálaráðuneytið sendi samtökunum erindi 22. júní sl. tengt hugmyndum um uppbyggingu skólaþjónustusvæða og hugleiðingar tengdu svæðisbundnu samráði sveitarfélaga í þágu farsældar barna.

Könnuð var afstaða sveitarfélaga, sem aðild eiga að samtökunum, hvernig hægt væri að haga uppbyggingu skólaþjónustusvæða, m.a. hvort ytri mörk skólaþjónustusvæða geti verið þau sömu og svæðisbundinna farsældarráða og hvernig slíkri samvinnu gæti verið háttað. Út frá þeim svörum sem bárust er niðurstaðan sú að sveitarfélögin sjái ekki fyrir sér breytingu á skólaþjónustusvæðum frá því fyrirkomulagi sem nú er.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn í staðfundi miðvikudaginn 25. október nk. kl. 17:30 á Hótel Vík í Vík. Í framhaldi af fundi stjórnar verður fundur haldinn með kjörnum fulltrúum í sveitarstjórn Mýrdalshrepps.

Fundur sem vera átti 3. nóvember nk. verður færður til föstudagsins 10. nóvember nk.

Fundi slitið kl. 14:05

Ásgerður K. Gylfadóttir  
Grétar Ingi Erlendsson  
Einar Freyr Elínarson  
Margrét Harpa Guðsteinsdóttir  
Njáll Ragnarsson  
Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir  
Brynhildur Jónsdóttir  
Arnar Freyr Ólafsson  
Árni Eiríksson



## 602. fundur stjórnar SASS

Hótel Vík í Mýrdalshreppi

25. október 2023, kl. 17:30 – 19:20

Þátttakendur: Ásgerður Kristín Gylfadóttir formaður, Grétar Ingi Erlendsson, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Árni Eiríksson, Arnar Freyr Ólafsson, Einar Freyr Elínarson, Brynhildur Jónsdóttir og Njáll Ragnarsson. Undir dagskrárlíð fimm taka þátt frá sveitarfélaginu Mýrdalshreppi: Björn Þór Ólafsson, oddviti, Drífa Bjarnadóttir, Páll Tómasson og Anna Huld Óskarsdóttir. Einnig tekur þátt Bjarni Guðmundsson framkvæmdastjóri SASS, sem jafnframt ritar fundargerð.

Formaður býður fundarmenn og sveitarstjórn Mýrdalshrepps velkomna í Vík en í lok fundarins mun stjórn eiga fund með sveitarstjórn Mýrdalshrepps.

### 1. Fundargerðir

Fundargerð 601. fundar staðfest. Ný og eldri fundargerðir undirritaðar.

### 2. Ársþing SASS 2023

Formaður kynnir að fundargögn fyrir ársþingið sem hafi verið aðgengileg þingfulltrúum á lokuðu svæði á heimasíðu samtakanna undanfarnar tvær vikur. Hún fer yfir dagskrá ársþingsins og aðalfundarins sem settur verður kl. 09:00 á morgun en þema ársþingsins er „Hvar liggja ofurkraftar sunnlensks samfélags?“

Tillaga kjörnefndar er að í kjörbréfanefnd sitji:

- Aldís Hafsteinsdóttir, Hrunamannahreppur
- Sveinn Ægir Birgisson, Sveitarfélagið Árborg
- Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Rangárþing ytra

Umræður um dagskrárlíðinn „Samtal sveitarstjórnarfólks og þingmanna Suðurlands um kjördæmis“ en nokkrir þingmenn kjördæmisins hafa þegar boðað komu sína á þingið. Farið er yfir spurningar og rætt um hvaða áherslur formaður og varaformaður ættu að hafa við stjórn pallborðsumræða.

### 3. Áfangastaðastofa

Formaður kynnir tillögu sína um framlengingu á samningi, Markaðsstofu Suðurlands (MSS) og SASS um rekstur Áfangastaðastofu á Suðurlandi, út árið 2024.

Á tímabilinu janúar - mars nk. láti stjórn SASS vinna greiningu á því hvernig fyrirkomulagi eða skipulagi á rekstri Áfangastaðastofu verði best fyrir komið á Suðurlandi.

Verði niðurstaða greiningarinnar á þann hátt að hún krefjist breytinga á starfsemi og/eða samþykktum MSS þá verði þær kynntar haghöfum og lagðar fyrir aðalfund MSS að vori 2024.



Komi til breytinga þá mun gefast tími til undirbúnings og aðlögunar að beggja hálfu, SASS og MSS áður en framlengdur samningur rennur út.

Stjórn samþykkir einróma tillögu formanns og er henni og framkvæmdastjóra falið að gera samning við MSS sem byggir á eldri samningum um rekstur Áfangastaðastofu á Suðurlandi.

#### 4. Önnur mál til kynningar og umræðu

a. Fundargerðir m.a. stjórnanna annarra landshlutasamtaka

Lagðar fram til kynningar; fundargerðir 565. og 566. funda stjórnar SSH, fundargerð 99. fundar stjórnar SSNV og fundargerðir 54. og 55. funda stjórnar SSNE.

b. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri kynnir að helsta verkefnið hafi verið lokaundirbúningur fyrir ársþingið.

c. Fjárlög ríkisins 2024

Formaður kynnir umsögn SASS um fjárlagafrumvarp ríkisins fyrir árið 2024 sem send hefur verið fjárlaganefnd. Stjórn finnst umsögnin góð og er formanni og framkvæmdastjóra falið að fylgja henni eftir á fundi með fjárlaganefnd.

d. Menningarverðlaun Suðurlands

Margrét Harpa kynnir niðurstöðu dómnefndar Menningarverðlauna Suðurlands en viðurkenningin verður afhent á Ársþinginu á morgun. Dómnefnd telur að tilefni sé til að skerpa á erindisbréfi nefndarinnar og nefndi dæmi því til stuðnings.

Niðurstaða stjórnar er að mikilvægt sé að skerpa á erindisbréfi dómnefndar Menningarverðlauna Suðurlands þannig að dómnefnd og þeir sem tilnefna þekki betur leikreglur. Formanni og framkvæmdastjóra falin útfærsla sem lögð verður fyrir stjórn.

e. Sigurhæðir

Formaður kynnir að stjórn hafi borist erindi frá Hildi Jónsdóttur, verkefnisstjóra Sigurhæða. Markmið Sigurhæða hefur verið að þriðjungur kostnaðaráætlunar komi frá sveitarstjórnarstiginu á Suðurlandi og helmingur frá ríkinu. Þetta hefur gengið eftir hjá sveitarstjórnnum en ekki ríkinu, þó það ríki mikill skilningur á gildi verkefnisins og að nauðsynlegt sé að tryggja þolendamiðstöðvum rekstrarlegt öryggi. Fyrirsvarsmenn Sigurhæða eru vongóðir um að markmiðinu ætti að verða náð fyrir árið 2025.

Stjórn þakkar fyrir erindið. Stjórn er þess fullviss að Sigurhæðir leika mikilvægt hlutverk í sunnlensku samfélagi, þar sé unnið faglegt starf í viðkvæmum málaflokki sem hefur verið til fyrirmyndar. Erindi Sigurhæða verður til umfjöllunar hjá stjórn með öðrum umsóknum um áhersluverkefni fyrir árið 2024.



## 5. Fundur stjórnar með sveitarstjórn Mýrdalshrepps

Formaður býður sveitarstjórn Mýrdalshrepps velkomna á fundinn. Einar Freyr, sveitarstjóri, tekur undir orð formannsins og fagnar því að nú sé stjórn SASS að halda fund í Vík. Hann er með áhugaverða kynningu á helstu málefnum sveitarfélagsins en mikil uppbygging hefur verið og er fram undan í sveitarfélaginu og fjöldi áskorana sem tengjast mikilli fjölgun íbúa og lýðfræðileg samsetning þeirra. Hann kynnir einnig áskoranir sem tengjast úrgangsmálum hjá sveitarfélaginu. Hann og fulltrúar í sveitarstjórn svara framkomnum spurningum og leggja einnig spurningar fyrir stjórn og er þeim svarað.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn föstudaginn 10. nóvember nk. kl. 12:30.

Fundi slitið kl. 19:20

Ásgerður K. Gylfadóttir  
Grétar Ingi Erlendsson  
Einar Freyr Elínarson  
Margrét Harpa Guðsteinsdóttir  
Njáll Ragnarsson  
Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir  
Brynhildur Jónsdóttir  
Arnar Freyr Ólafsson  
Árni Eiríksson

FUNDARGERÐ

SKJALALYKILL

7852-002-FUN-026-V01

VERKHEITI

Svæðisskipulag Suðurland 2022 - 2042

DAGS. / TÍMI FUNDAR

23.10.2023

VERKKAUPI

SASS

NR. FUNDAR

26

FUNDAREFNI

Yfirferð yfir ábendingar og athugasemdir frá Skipulagsstofnun við tillögu til auglýsingar; svæðisskipulag ásamt fylgiritum, umhverfismatsskýrslu og landslagsgreiningu

FUNDARGERÐ

25.10.2023 HB/BG

FUNDARBODARI

SASS

FUNDARSTADUR

Fjarfundur

FUNDARMENN

Arnar Freyr Ólafsson  
Nanna Jónsdóttir,  
Helgi Kjartansson, Guðrún S. Magnúsdóttir  
Haraldur Þór Jónsson  
Björn Kristinn Pálmarsson  
Halldóra Hjörleifsdóttir, Jón Bjarnason  
Elín Heiða Valsdóttir, Jóhannes Gíssonarson  
Anton Kári Halldórsson, Þóra Björg Ragnarsdóttir  
Gunnar Aron Ólafsson  
George Frumuselu  
Vigfús Þór Hróbjartsson

SVEITARFÉLAG / FYRIRTÆKI

Sveitarfélagið Árborg  
Ásahreppur  
Bláskógabyggð  
Skeiða- og Gnúpverjahreppi  
Grímsnes- og Grafningshr.  
Hrunamannahreppur  
Skaftárhreppur  
Rangárþing eystra  
Rangárþing ytra  
Mýrdalshreppur  
UTU

Hrafnhildur Brynjólfsson  
Bjarni Guðmundsson

Verkfræðistofan EFLA  
SASS

Dreifing

Fyrirtæki

Bjarni Guðmundsson

SASS

Fundarskjöl

Tillaga að svæðisskipulagi Suðurland með fylgiritum; umhverfismatsskýrslu og skýrslu um landslagsgreiningu. Minnisblað með yfirferð svæðisskipulagsnefndar yfir ábendingar og athugasemdir Skipulagsstofnunar.

Næsti fundur

Ekki dagsettur



## Dagskrá og efni fundar

Engar athugasemdir hafa borist við fundargerð 25. fundar og telst hún samþykkt.

### 1. Tillaga að svæðisskipulagi til auglýsingar

Fyrir fundinum lágu eftirtalin uppfærð gögn eftir yfirferð í kjölfar athugunar Skipulagsstofnunar á gögnunum fyrir auglýsingu:

- Svæðisskipulag Suðurland 2022-2042, greinargerð. Tillaga til auglýsingar dags 05.05.2023, uppfærð 23.10.2023.
- Fylgirit svæðisskipulagsins:
  - Svæðisskipulag Suðurland 2022-2042. Forsendur og umhverfismatskýrsla. Tillaga í auglýsingu, dags. 05.05.2023, uppfærð 23.10.2023.
  - Svæðisskipulag Suðurland 2022-2042. Landslagsgreining og mat á verndargildi, dags 05.05.2023
- Minnisblað með yfirferð svæðisskipulagsnefndar á umsögn Skipulagsstofnunar, dags 23.10.2023.

Svæðisskipulagsnefnd hefur yfirfarið umsögn Skipulagsstofnunar og gert breytingar á gögnum svæðisskipulagsins í kjölfar hennar. Skipulagsstofnun verður upplýst um þær breytingar sem gerðar hafa verið á tillöggunni í kjölfar umsagnar hennar. Engin breyting er gerð á stefnu svæðisskipulagsins en víða er skerpt á umfjöllun í greinargerð og umhverfisskýrslu í samræmi við umsögn Skipulagsstofnunar. Helstu breytingar eru þessar:

#### Svæðisskipulag – greinargerð.

- Kaffli 3.1.1. Skerpt er á umfjöllun um samræmi stefnu um stofnvegi við landsskipulagsstefnu – sjá umfjöllun undir *Til skýringar*.
- Tákn á kortum sem sýna þjónustustaði er breytt.
- Textaviðbót í kafla 7.3. um áhrif svæðisskipulags á aðalskipulag.
- Bætt í myndatexta við nokkur kort að þau séu til skýringar.

#### Umhverfisskýrsla.

- Nýr kaffli 2.2. til að koma til móts við ósk um uppl. um áhrif stefnu svæðisskipulagsins á víðerni skv. kortlagningu og viðmiðum Höfn 2017.
- Ný mynd 3. sem sýnir afmörkun svæðisskipulagsins með þjóðlendumörkum til suðurs og afmörkun svæðisskipulags miðhálandisins 2015 til samanburðar.
- Nýr kaffli, 2.5.3, með forsendum til að undirbyggja tillögu um breytingar á flokkun þjónustustaða.
- Kaffli 5.1. Viðbætur til að bregðast við ósk um að skerpt væri á umfjöllun um þjónustustaði og vegi í umhverfismati áætlunarinnar.
- Kaffli 6, tillaga um vöktun, til að meta áhrif stefnu um stofnvegi á víðerni þegar kortlagning víðerna í samræmi við náttúruverndarlög verður tilbúin, en hún átti að vera tilbúin 1. júní 2023, og þegar hönnunarviðmið liggja fyrir um vegi á miðhálandinu.

Svæðisskipulagsnefnd samþykkir uppfærð gögn og minnisblað (sjá viðauka við fundargerð) með viðbrögðum við ábendingum og athugasemdum Skipulagsstofnunar.

Svæðisskipulagsnefnd samþykkir að tillagan og fylgigögn hennar verði auglýst nú þegar athugun Skipulagsstofnunar er lokið og öll sveitarfélögin sem að svæðisskipulaginu standa hafa samþykkt auglýsingu þess.

## 2. Hvítbók um skipulagsmál

Hvítbók um skipulagsmál. Drög að landsskipulagsstefnu til 15 ára og aðgerðaráætlun til fimm ára, eru nú kynnt í samráðsgátt stjórnvalda.

Svæðisskipulagsnefnd hefur ábendingar vegna hvítbókarinnar og umfjöllun hennar um víðerni, þjónustustaði og vegakerfi Suðrhálendis.

### *Nr. 12. Kortlagning víðerna.*

Samkvæmt náttúruverndarlögum átti kortlagning víðerna að vera lokið 1. júní í ár. Það eru mikil vonbrigði að henni sé ekki lokið og metnaðarleysi að setja fram markmið um að ljúka kortlagningunni á tímabilinu 2024-2026. Það er óásættanlegt, því á meðan eru engin skýr viðmið og kortlagning til að miða við í skipulagsgerð.

- Farið er fram á að lokið verði við viðmið og kortlagningu víðerna á árinu 2024.

### *Nr. 6. Stefnumótun um vegakerfi miðhálendisins.*

- Tekið er undir markmið hvítbókar um bætt aðgengi að miðhálendinu, sem er í samræmi við stefnu í tillögu að svæðisskipulagi Suðrhálendis um að bætt stofnvegi.

*Kafli 7. Framfylgd landsskipulagsstefnu. Kafli 7.3. Markmið um samkeppnishæft atvinnulíf. Áhersla g. Skipulag og uppbygging ferðaþjónustu gæti að varðveislu þeirra gæða sem hún byggist á.*

Bent er á ósamræmi milli flokkunar og staðsetningar þjónustustaða á Suðrhálendi milli hvítbókar og tillögu að svæðisskipulagi Suðrhálendis sem Skipulagsstofnun hefur fengið til athugunar og svæðisskipulagsnefnd undirbýr nú að auglýsa. Flokkun þjónustustaða í Hvítbók byggir á gömlum upplýsingum og er þar sama og óbreytt frá Svæðisskipulagi miðhálendis 2015, sem nú er úr gildi fallið. Í svæðisskipulagi Suðrhálendis eru tillögur að breytingum á þjónustustöðum og eru þær breytingar fram settar í kjölfarið á rýni sveitarfélaganna á þessum stöðum. Markmiðið með breytingunum er annars vegar að draga úr áætluðu umfangi með því að færa staði niður um flokk, og hins vegar að uppfæra þá staði sem sveitarfélögin meta, út frá stefnu sinni og þeirri uppbyggingu sem er á stöðunum í dag, að eigi að fara upp um flokk.

- Svæðisskipulagsnefnd fer fram á að eftirtaldar breytingar verði gerðar á flokkun þjónustustaða m.t.t. stefnu í tillögu að svæðisskipulagi fyrir Suðrhálendi.
  - Hólaskógur og Hrauneyjar verði færðar niður um flokk úr jaðarmiðstöð í hálendismiðstöð.
  - Háumýrar verði færðar niður um flokk úr hálendismiðstöð í fjallasel
  - Sex skálasvæði færast niður um flokk og verða fjallasel.
  - Geldingafell verði skálasvæði, en það er nýtt svæði.
  - Fjögur fjallasel færast upp um flokk og verði skálasvæði; Blágil, Áfangagil, Emstrur/Botnar, Svartárbotnar/Gíslaskáli.
  - Húsadalur/Markarfljót færast upp úr flokki skálasvæða í hálendismiðstöð.

23.10.2023

## MINNISBLAÐ

### **Svæðisskipulag Suðrhálendis 2022-2042, tillaga til auglýsingar**

Viðbrögð og viðbætur eftir athugun Skipulagsstofnunar fyrir auglýsingu. Yfirfarið á fundi svæðisskipulagsnefndar 23. október 2023.

## Ábendingar og athugasemdir

NR.	EFNISATRÍÐI ÁBENDINGA	SVÖR SVÆÐISSKIPULAGSNEFNDAR
1	<p>Hvítbók um skipulagsmál og aðgerðaaætlun Innviðaráðherra hefur kynnt áherslur sínar við endurskoðun landsskipulagsstefnu í Hvítbók um skipulagsmál og aðgerðaaætlun til fimm ára. Gert er ráð fyrir að þingsályktunartillaga um landsskipulagsstefnu verði samþykkt á Alþingi snemma árs 2024.</p> <p>Í hvítbók er að finna sambærilegar áherslur og aðgerðir og fyrir eru í gildandi landsskipulagsstefnu varðandi ferðþjónustumannvirki, stefnumörkun um vegakerfi miðhálandis og kortlagningu víðerna. Skipulagsstofnunin hvetur svæðisskipulagsnefnd til þess að horfa til þessara áherslna við mótni stefnumála. Að loknum þeim aðgerðum sem tilgreindar eru í aðgerðaaætlun landsskipulagsstefnu verður tekin ástæða til þess hvort landsskipulagsstefna verður uppfærð.</p>	<p>Það er mat svæðisskipulagsnefndar að ábendingin kalli ekki á breytingu á framiðgöðum gögnum.</p> <p>Svæðisskipulagsnefnd hvetur Skipulagsstofnun og Innviðaráðherra til þess að horfa til áherslna sveitarfélaganna varðandi ferðþjónustumannvirki og við stefnumörkun um vegakerfi miðhálandisins við mótn Landsskipulagsstefnu. Gert er ráð fyrir að svæðisskipulagið verði samþykkt af sveitarfélögunum snemma árs 2024. Áherslur sveitarfélaganna haifa legið ljósar fyrir frá því vinnslutillaga var kynnt.</p> <p>Svæðisskipulagsnefnd auglýsir eftir kortlagningu víðerna til að miða við stefnumörkun sína, en slík kortlagning átti skv. náttúruverndarlögum að liggja fyrir 1. júní í ár.</p>
2	<p>Afmörkun miðhálandis og skipulagsvæðið í landsskipulagsstefnu er stefna um skipulagsmál á miðhálandinu miðuð við afmörkun miðhálandisins eins og hún var skilgreind í svæðisskipulagi miðhálandis Íslands 2015 en hún miðaðist við línu á milli heimalanda og afrétta. Í svæðisskipulagstíllögunni kemur fram að mörk svæðisskipulagsins miðist við þjóðlendumörk til suðurs. Skipulagsstofnun bendir á að gera þarf grein fyrir afmörkun svæðisskipulagsins og afmörkun miðhálandis á skýringarmynd til að varpa ljósi á þann mun sem er á afmörkuninni. Jafnframt þarf að greina frá því hvort svæðisskipulagsnefnd sé með stefnunni að leggja til breytta afmörkun miðhálandis í viðkomandi sveitarfélögum sbr. það sem segir í landsskipulagsstefnu að sveitarstjórnir geta lagt til breytingar á markalínu miðhálandisins við endurskoðun aðalskipulags, enda feli breytingin í sér að endurskoðuð markalína afmarki betur náttúrfarslega heild hálandisins.</p>	<p>Brugðist er við ábendingunni með því að birta kort sem sýnir afmörkun svæðisskipulags Suðurlandis skv. þjóðlendumörkum til suðurs og afmörkun miðhálandisins, eins og hún var skilgreind í svæðisskipulagi miðhálandis Íslands árið 2015, í umhverfisskýrslu í kafla 2.1.1. Þjóðlendum.</p> <p>Sveitarfélögin eru ekki að leggja til breytta afmörkun miðhálandisins sem kennd er við svæðisskipulag miðhálandis Íslands 2015.</p>
3	<p>Þýðing korta og skýringarmýnda Stefna svæðisskipulagsins er sett fram í greinargerð og á kortum (myndum) sem sýna stefnu svæðisskipulagsins að því er fram kemur í skýringartexta með þeim t.a.m. við mynd 2 sem sýnir stefnu svæðisskipulagsins um flokkun vega og mynd 3 sem sýnir stefnu svæðisskipulagsins um flokkun þjónustustaða ferðamanna. Í 7. kafla um framfylgd svæðisskipulagsins kemur fram að stefna um nýja vegi og þjónustusvæði kalli á breytingar á svæðisskipulaginu.</p> <p>Í gr. 3.5.1 í skipulagsreglugerð segir: Svæðisskipulag skal sett fram í skipulagsgreinargerð og eftir atvikum á þernauppdráttum. Skipulagsstofnun mælir með að skýringarkort í tillögunni verði sett fram með skematískum hætti enda er ekki um að ræða nákvæma staðsetningu vega eða mannvirkjavæða líkt og fram kemur í greinargerð á bls. 59. Þannig verði gerð grein fyrir stefnunni í texta en ekki gerð grein fyrir vegum og þjónustusvæðum með jafn nákvæmum hætti og gert er á myndunum. Haifa má framsetningu skýringarmýnda í Svæðisskipulagi Höfuðborgarsvæðisins til hlífðjónar.</p>	<p>Í myndartexta við mynd 2 sem sýnir stefnu svæðisskipulagsins um flokkun vega er skýrt að ekki sé um að ræða nákvæma staðsetningu vega og er bætt við rauðum texta til frekari áreftingar:</p> <p>“ Flokkun vega á hálandinu. Vegir eru sýndir í megindráttum þar sem þeir eru í dag og getur lega þeirra breyst við nánari útfærslu (hönnun). Kortíð sýnir stefnu svæðisskipulagsins um flokkun vega og er birt til skýringar. ”</p> <p>Í myndartexta við mynd 3, sem sýnir stefnu svæðisskipulagsins um flokkun þjónustustaða er skýrt að ekki sé um að ræða nákvæma staðsetningu og er bætt við rauðum texta til frekari áreftingar:</p> <p>“ Flokkun þjónustustaða ferðamanna í svæðisskipulaginu. Kortíð sýnir stefnu svæðisskipulagsins um flokkun þjónustustaða ferðamanna, það er birt til skýringar og staðsetning þjónustustaða er ekki nákvæm. ”</p>

	<p><b>Aðrar ábendingar</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Mælt er með að tákni fyrir þjónustustaði á hálendinu séu sett fram með sama hætti og gert er í landskipulagsstefnu og í hvítbók.</li> <li>• Stefna svæðisskipulagsins gæti kallað á endurskoðun flokkunar vega í náttúru Íslands í sveitarfélögum sem að því standa.</li> </ul>	<p>Táknum fyrir þjónustustaði hefur verið breytt þannig að þeir eru settir fram með sama hætti og gert er í landskipulagsstefnu og hvítbók.</p> <p>Medfylgjandi setningu er bætt við í kafla 7.3. Áhrif á aðalskipulag:</p> <p><i>„Stefna svæðisskipulagsins gæti kallað á endurskoðun flokkunar vega í náttúru Íslands í sveitarfélögum sem að því standa, samhliða endurskoðun aðalskipulags.“</i></p>
<b>EFNISATRIÐI ATHUGASEMDA</b>		
<p>4</p>	<p><b>SVÖR SVÆÐISSKIPULAGSNEFNDAR</b></p> <p>Það er mat svæðisskipulagsnefndar að ábendingin kalli ekki á breytingu á gögnum.</p> <p>Fjallað er um Sprengisandsleið og samræmi legu hans við áætlanir í kafla 3.1.1. í undirkaflanum <i>Til skýringar</i>. Þar kemur fram að gert sé „ráð fyrir að norðurhluti vegarins liggji vestan Kvíslaveitu eins og í nýlegu aðalskipulagi Ásahrepps. Vegurinn mun á þessum stað fylgja í ríkara mæli þegar uppbyggðum vegi og skerða minna víðerni en uppbyggður vegur á núverandi leið. Núverandi leið fer yfir í flokka landsvega.“</p> <p>Við yfirferð ábendinga og athugasemda Skipulagsstofnunar var farið yfir Samgönguáætlun 2020-2034 en ekki er að sjá að lega Sprengisandsleiðar sé skilgreind í þeirri áætlun. Ábendingin leiðir því ekki til breytinga á tillögnum.</p> <p>Skilgreining Sprengisandsleiðar vestan Kvíslaveitu er í samræmi við staðfest aðalskipulag Ásahrepps frá árinu 2022, eins og áður sagði. Vert er að geta þess hér að í umsögn Vegagerðarinnar frá 31.3.2022 um heildarendurskoðun aðalskipulags Ásahrepps voru ekki gerðar frekarí athugasemdir við legu Sprengisandsleiðar (F-26). Sjá:</p>	<p>Það er mat svæðisskipulagsnefndar að ábendingin kalli ekki á breytingu á gögnum.</p> <p>Fjallað er um Sprengisandsleið og samræmi legu hans við áætlanir í kafla 3.1.1. í undirkaflanum <i>Til skýringar</i>. Þar kemur fram að gert sé „ráð fyrir að norðurhluti vegarins liggji vestan Kvíslaveitu eins og í nýlegu aðalskipulagi Ásahrepps. Vegurinn mun á þessum stað fylgja í ríkara mæli þegar uppbyggðum vegi og skerða minna víðerni en uppbyggður vegur á núverandi leið. Núverandi leið fer yfir í flokka landsvega.“</p> <p>Við yfirferð ábendinga og athugasemda Skipulagsstofnunar var farið yfir Samgönguáætlun 2020-2034 en ekki er að sjá að lega Sprengisandsleiðar sé skilgreind í þeirri áætlun. Ábendingin leiðir því ekki til breytinga á tillögnum.</p> <p>Skilgreining Sprengisandsleiðar vestan Kvíslaveitu er í samræmi við staðfest aðalskipulag Ásahrepps frá árinu 2022, eins og áður sagði. Vert er að geta þess hér að í umsögn Vegagerðarinnar frá 31.3.2022 um heildarendurskoðun aðalskipulags Ásahrepps voru ekki gerðar frekarí athugasemdir við legu Sprengisandsleiðar (F-26). Sjá:</p>
<p>5</p>	<p>Frávík frá samgönguáætlun</p> <p>Stefna um að skilgreina Sprengisandsleið vestan Kvíslaveitna sem stofnveg samræmist ekki gildandi Samgönguáætlun 2020-2034. Gera þarf grein fyrir þessu ósamræmi í tillögnum og færa rök fyrir því.</p>	

	<p>Svæðisskipulagsnefnd gættir samræmis við aðalskipulag Ásahrepps um legu Sprengisandsleiðar, en vill einnig benda á að uppbyggðing F26 í núverandi legu myndi skerða viðerni meir en með því að fara vestan Kvíslaveittu.</p> <p>Í kafla 3.1.1. er skert á umfjöllun um samræmi milli tilloðu svæðisskipulags Suðurlhálands og markmiða landskipulagsstefnu um verndun víðerna, náttúrugaða og landslagshella undir kaflanum <i>Til skýringar</i>. Eftirfarandi texta er bætt þar við.</p> <p>“...Þá eru bættir vegir á hálendinu Öryggisatriði og á það t.a.m. við um Fjallabakleið nýðri sem hefur ríkt Öryggishlutverk ef vegir teppast sunnan Jökla.</p> <p>- Stefna um stofnvegi felur m.a. í sér að Kjalvegur, Sprengisandsleið og Fjallabakleið nýðri vestan Landnannalaga verði hóflega uppbyggðir sumrarvegir með slitleggi. Það er mat sveitarfélögananna að slík stefna sé í samræmi við gildandi Landskipulagsstefnu um að „viðhald og frekari uppbygging samgöngukerfis á hálendinu stuðli að góðu aðgengi að hálendinu og jafnvægi milli díkra ferðamáta.“ Stefna svæðisskipulagsins er einnig í samræmi við markmið um bætt aðgengi þbr. markmið um „að þróa stefnu um samgöngur á miðhálandinu m.t.t. bættis aðgengis og orkuskiptu“ sem finna má í drögum Innviðardúneytisins að hvítbók um skipulagsmál sem kynnt var í sept-ókt 2023.</p> <p>- Í samræmi við landskipulagsstefnu um að lágmarka áhrif of stefnu um stofnvegi á víðerni og óbyggðaupplifun eru sett ákvæði um að hönnunarhröði taki mið af því að hægt sé að tryggja góða aðlögun að landslagi, hönnun vega taki mið af landslagsvernd og svæðum með hátt vendargjildi og að mannvirki hafi lágmarksráhrif á víðerni og óbyggðaupplifun.</p> <p>- Fram hafa komið ábendingar í skipulagsferlinu um að stefna um hóflega uppbyggingu stofnvegi með slitleggi muni auka umhverfið og hefja neikvæð áhrif t.a.m. á</p>
<p>6</p> <p>Að mati Skipulagsstofnunar er tilefni til að skerpa betur á umfjöllun um það hvernig stefna svæðisskipulagsins um stofnvegi á hálendinu samræmist markmið landskipulagsstefnu varðandi verndun víðerna, náttúrugaða og landslagshella. Samuleiðis þarf að gera betur grein fyrir því hvernig stefna um bætt aðgengi að miðhálandinu samræmist framangreindum markmiðum landskipulagsstefnu og markmiðum hennar um að viðhalda óbyggðaupplifun svæðisins þbr. einnig um sögn Náttúrufræðistofnunar varðandi þetta en stofnunin telur að meiri og tíðari umferð muni hafa neikvæð áhrif á óbyggðaupplifun. Einnig kemur fram í um sögn Umhverfisstofnunar að uppbyggður vegur um Fjallabak stangist á við verndarmarkmið svæðisins og komi til með að hafa áhrif á upplifun gesta.</p>	

	<p>óbyggðaupplifun, náttúrugæði og víðerni. Dregið er úr áhrifum of stefnu um stofnvegi með ákvæðum um að mannvirki hafi lögmarkshrif á víðerni og óbyggða-upplifun og verkefni sem felur í sér að móta hönnunarviðmið fyrir hálandisvegi skv. stefnunni taki mið af aðstæðum í óbyggðum og litu snortinni náttúru.</p> <p>Það er ekki markmið sveitarfélaganna að stofnvegir á Suðurlandi séu jilfrætt og myndi farartálmna. Þvert á móti þá taka sveitarfélögin undir með gildandi landskipulagsstefnu þar sem segir að „freakari uppbygging samgöngukerfis á miðhálandinu stúðli að góðu aðgengi að hálandinu og jafnvægi milli dílkrá ferðamóta“ og með hvíðbók um skipulagsmál, með drögum að landskipulagsstefnu, þar sem sett er markmið um „að þróa stefnu um samgöngur á miðhálandinu m.t.t. bættis aðgengis og orkuskipta“.</p>
<p>7</p> <p><b>Kortlagning víðerna</b></p> <p>Þau viðmið um skerðingu á víðernum sem sett eru fram í landskipulagsstefnu byggja á skýrslu sem unnin var fyrir Skipulagsstofnun og Áætlun um vörnd og orkunýtingu landsvæða (Rammaáætlun) af Rannsóknarsetri Háskóla Íslands á Höfn árið 2017. Þar eru settar fram tillögur að aðferðafræði fyrir kortlagningu víðerna á miðhálandi Íslands.</p> <p>Í svæðisskipulagstillögum kemur fram á bls. 22 í umhverfismatskýrslu að í tillögumni sé hort til viðmiða sem sett eru fram í nýjustu kortlagningu frá Rannsóknarsetri Háskóla Íslands, þ.e. skýrslu um óbyggð víðerni sem unnin var árið 2021 fyrir Rammaáætlun.</p> <p>Munurinn á skerðingaráhrifum samkvæmt viðmiðum í þessum skýrslum felst í því að í skýrslu frá 2017 og þar með í landskipulagsstefnu er miðað við að óuppbyggðir vegir skerði víðerni um 3 km en slíkur vegir skerða ekki víðerni samkvæmt skýrslu frá 2021.</p> <p>Í gildandi Landskipulagsstefnu er gert ráð fyrir að mannvirki og umferð um hálandið skerði víðerni og önnur sérkenni og náttúrugæði hálandisins sem minnst. Áhrif stefnu svæðisskipulags á víðerni eru neikvæð í samanburði við núverandi ástand, einkum vegna stefnu um að stofnvegir verði að jafnaði uppbyggðir og með bundnu slitlegi. Í umhverfismati áætlunarinnar þarf að fjalla með náðari hætti um áhrif stefnunnar á víðerni í samanburði við núverandi ástand og leggja fram viðlegandi mótvegisáðgerðir og vöktun.</p>	<p>Þætt er í umhverfisskýrslu umfjöllun um víðerni skv. kortlagningu Höfn 2017 og sýnd áhrif af stefnu svæðisskipulagsins skv. þeim viðmiðum og kortlagningu, sjá kafla 2.2.4</p> <p>Þætt er í umfjöllun í umhverfismati um áhrif af stefnu um bættu stofnvegi í umfjöllun í umhverfisskýrslu um áhrif á víðerni, undir umhverfispættinum Auðlindir/Landslag. Þæði er bætt við umfjöllun um mótvegisáðgerðir til að draga úr t.a.m. sjónrænum áhrifum, sem hafa áhrif á landslag og óbyggðaupplifun, og bætt við tillögum um vöktun þegar betri upplýsingar verða til staðar um áhrif af stefnu um bættu stofnvegi á víðerni í samræmi við hönnunarviðmið fyrir hálandisvegi.</p> <p>Breytingar á texta í kafla 5.1. Mat á áhrifum stefnunnar, um áhrif á víðerni, eru auðkennd með rauðu og brottalínum texti yfirstríkaðar.</p> <p>„Er gert ráð fyrir meiri mannvirkjum innan víðerna en sem nemur þeirri takmörkuðu mannvirkjagærd sem sett er stefna í landskipulagsstefnu, s.s. gönguskálum, vegslóðum, göngu- og reitbleiðum?“</p> <p>Víða í svæðisskipulaginu kemur fram að stefna þess er að mannvirkjagærd og umferð fólks um hálandið skerði víðerni og náttúrugæði sem minnst. Stefna svæðisskipulagsins gerir ráð fyrir að stofnvegir um hálandið verði „með klæðningu ítt uppbyggðir og áhrif lækkir brúaðir“, að stofnvegir um hálandið verði „byggðir upp úr landinu og verða að jafnaði með klæðningu, ár og lækkir brúaðir“. Vegkaflar í þessum stofnvegum munu skerða víðerni skv. viðmiðum þeirrar kortlagningar víðerna sem sem lögð er til grundvallar í svæðisskipulaginu. Það eykur áhrifin um hluti þeirra víðerna sem skerðast eru innan fríðlystra svæða: Fríðlands að Fríðlabaki og Fríðlands í Þjórsárvörum. Markmið þeirra fríðlysinga er að tryggja m.a. verðun víðerna. Mat á skerðingu á víðernum miðar við tilgátukortlagningu Rannsóknarmiðstöðvar Háskóla Íslands á Höfn frá 2022. Skerðingin yrði minni ef miðað er við kortlagningu víðerna sem viðmið í Landskipulagsstefnu byggja á (frá Höfn 2017). Ef valið væri að móða mat á skerðingu við kortlagningu Steve Carter o.fl. þá yrði skerðingin mun minni, og hennar gætti náhast bara vegna slitlegs nyrst á Kjalveg. <del>Ítt að vinnu á með áhrifum</del></p>

	<p>vegna þessara vegna er sett stefna um að mæta skuli hönnunarmíðni fyrir hálendisvegi sem taki mið af aðstæðum í öbbyggðum og litu snortinni náttúru og að mæna viki og umferð hæfi lögmarkaðhrið á viðerni og öbbyggðaupplifun. Með þessu verði kennið í veg fyrir verulega neikvæð áhrif á umhverfið. Til að vinna á móti neikvæðum áhrifum á viðerni sett stefna sem miðar að því að stofnvegirnir verði hóflega uppbyggðir, hönnun stofnvega taki mið af náttúruvernd með tilliti til landslags, viðerna og vendar viðkvæmna svæða eða svæða með hátt vendargjildi. Leitast verði við að vegir fylgi línunum í landinu, hryggjum og hæðum til að draga úr sýnileika þeirra, og draga um leið úr áhrifum á viðerni. Mæta skali hönnunarmíðni fyrir hálendisvegi sem taki mið af aðstæðum í öbbyggðum og litu snortinni náttúru og að stofnvegir og umferð um þá hafi lögmarkaðhrið á viðerni og öbbyggðaupplifun. Með þessum mótvægisáðgerðum er dregið úr áhrifum af stefnu um hóflega uppbyggða stofnvegi sem verða að jafnadi með klæðningu og dregið úr verulega neikvæðum áhrifum á umhverfið.</p> <p>Ef kortlagning viðerna í samræmi við náttúruverndarlög, sem átti að liggja fyrir 1. Júní 2023, verður ekki lokið þegar svæðisskipulagið tekur gildi, er lagt til að áhrif af stefnu um stofnvegi á viðerni verði endurnmetin þegar viðmið og kortlagning viðerna hönnunarmíðni fyrir hálendisvegi, í samræmi við stefnu skipulagsins.“</p> <p><b>Í kafla 6 um vöktun og eftirlýgni er eftirfarandi viðbót:</b></p> <p>Ef kortlagning viðerna í samræmi við náttúruverndarlög, sem átti að liggja fyrir 1. Júní 2023, verður ekki lokið þegar svæðisskipulagið tekur gildi, er lagt til að áhrif af stefnu um stofnvegi á viðerni verði endurnmetin þegar viðmið og kortlagning viðerna skv. náttúruverndarlögum, og hönnunarmíðnið fyrir hálendisvegi liggur fyrir.</p>
--	---



8	<p>Umhverfisskipting Stefnan vikur nokkuð frá landskipulagssstefnu og hvítkot um skipulagsmál eins og segi hér af framan en að mati skipulagsstofnunar væru þá framangreind rök svæðisskipulagsnefndar ekki fyllilega ljós á það hvers vegna svæðisskipulagsnefnd telur þort á að víða frá henni. Tíli að undirbyggja þessu stefnu. Svæðisskipulagsstefnu um samgöngur og flokkun ferðabjónustustaða þarf að mat</p>	<p>Þætti hefur verið í umfjöllun um samgöngur í tillöguna, sjá töluilið 6, 7, og 8, þar á meðal um mótvægisáðgerðir og vöktun.</p> <p>Þætti hefur verið í umfjöllun um bjónustustaði, sjá töluilið 9, með breytingum á texta í kafla 5.1. Mat á áhrifum stefnunnar, um áhrif á náttúruna/gróður og viðerni, og með viðbót í nýjum kafla 2.5.3. þar sem gerð er grein fyrir forsendum fyrir breytingu á flokkun bjónustustaða í Umhverfisskiptingu.</p> <p>Stefna um aukio umfang uppbyggingar ferðabjónustu á bjónustustöðum er í öllum tilfellum í samræmi við þá uppbyggingu sem nú þegar er orðin eða er áformuð skv. staðfestu deiliskipulagi. Svæðisskipulagsnefnd telur ekki ástæðu til að setja fram mismunandi valkost um umfang uppbyggingar ferðabjónustu á þessum svæðum sem fæli þá í sér að sú skálaaðstaða sem nú þegar er komin á svæðin yrði áfram eða að skálar/ádstaða yrði rífin/fjarlægð. Að sama skapi þykir svæðisskipulagsnefnd það óábyrgt að uppfæra ekki upplýsingar um bjónustustaði/skálavæði miðað við þá uppbyggingu sem hefur orðið frá því að svæðisskipulag Miðhálandisins 2015 var samþykkt, en sú flokkun sem er í ngulilandi Landskipulagssstefnu miðar að stórum hluta við þá áætlun, sem var unnin fyrir síðustu aldamót.</p>
9	<p>Flokkun ferðabjónustustaða Samkvæmt svæðisskipulagstíllögum verða jaðarmiðstöðvar einungis neðan hálandismarkta og jaðarmiðstöðvar samkvæmt landskipulagssstefnu, þ.e. Hólasögur og Hrauneyjar, verða skilgreindar sem hálandismíðstöðvar ásamt Húsadal/Markarfiðstöðum, Háumyrar er skilgreind sem hálandismíðstöð í Landskipulagssstefnu en verður skilgreind sem fjallasel. Fjögur fjallasel verða skálavæði og sex skálavæði verða fjallasel samkvæmt tillögnum, í samræmi við umfang og uppbyggingu sem áætluð er á þessum stöðum til framtíðar eða er áætluð í skipulagsáætlunum sveitarfélögunna að því er fram kemur á bls. 31 í greinargerð. Þá er Geldingafelli nýtt skálavæði en þar er myndarleg uppbygging í tengslum við ferðir á Langökul sötr. bls. 31 í greinargerð.</p>	<p>Þætti er við forsendum fyrir breytri flokkun bjónustustaða í nýjum kafla 2.5.3. í Umhverfisskiptingu.</p> <p>Svæðisskipulagsnefnd vill ganga á undan landskipulagssstefnu með stefnumörkun um uppbyggingu bjónustustaða eins og fram kemur í tillögnum. Komit er til mts við ósk um nánari umfjöllun um forsendur fyrir breytri flokkun í kafla 2.5.3. í umhverfisskiptingu.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>○ Hólasögur og Hrauneyjar eru færðar <b>NIÐUR</b> um flokk úr jaðarmiðstöð í hálandismíðstöð.</li> <li>○ Háumyrar eru færðar <b>NIÐUR</b> um flokk úr hálandismíðstöð í fjallasel.</li> <li>○ Sex skálavæði færast <b>NIÐUR</b> og verða fjallasel, Galt, Markarfiðstöskáli, Hagavatn, Hággöngur, Hvanngil og Skálpanes.</li> <li>○ Húsadalur/Markarfiðót færast <b>UPP</b> úr flokki skálavæða í hálandismíðstöð.</li> <li>○ Fjögur fjallasel færast <b>UPP</b> og verða skálavæði, í samræmi við þá uppbyggingu sem þar er í dag og/eda samþykkt deiliskipulag: Blágil, Áfangagil, Emstrur/Botnar, Svartábothar/Gislaskáli.</li> <li>○ Eitt nýtt skálavæði – Geldingafelli (1 km frá Kjalvegi, mannvirki eru til staðar).</li> </ul>

Á bls. 57 í umhverfismatsskýrslu kemur fram að þjónustustaðir séu færðir á milli flokka til að endurspegla þróun á hverjum stað þar sem sumir staðir hafa strækkað og orðið mikilvægari á meðan aðrir hafa minnkað. Áhrif af breytti flokkun eru á heildina lítið ekki talin líkleg til að hafa áhrif á náttúru vegna aukinnar umferðar eða skerðingar á vefnum sem neinu nemur. Helst gæti áhrifa gætt í Hrauneyjum og Hólaskógi en þau svæði eru utan verndarsvæða og í Húsadal vegna þetta aðgengis með tilkomu fyrirhugaðrar gönguþrúar yfir Markarfljót.

Mint er á að stefna um flokkun þjónustusvæða í svæðisskipulagsgillagunni verpar ljósi á stefnu svæðisskipulagsnefndar til framtíðar varðandi uppbyggingu þjónustu á hverju svæði sem verður nánar útfært á neðri skipulagsgíngum í hverju sveitarfélagi. Mikilvægt er að móttun samræmndrar stefnu sem þessarar á jafn fjölsöttu svæði sem um ræðir byggð á víðeigandi greinigungum m.a. á núverandi álagi á vinsælustu stöðunum og þolmörkum svæðanna. Gert er ráð fyrir að silk greinung verði framkvæmd af hálfu stjórnvalda samkvæmt gildandi landskipulagsstefnu (sbr. einnig aðgerð nr. 11 í aðgerðáætlun hvítbókar um LSK) þar sem greind verði þolmörk heilstu áningarsvæða og á grunni þeirrar niðurstöðu verði meðin þörfin fyrir breytar áherslur í mannvirkjaðri miðhálendinu í heild. Því gæti niðurstæða slíkrar greinungar kallið á endurskoðun landskipulagsstefnu og þar með haft áhrif á stefnu svæðisskipulagsins. Vilji svæðisskipulagsnefnd hins vegar ganga á undan landskipulagsstefnu með stefnumörkun um uppbyggingu ferðþjónustustæða, þarf að undirbyggja stefnuna með náhafi umfjöllun um forsendur fyrir breytti flokkun og leggja nánara mat á möguleg áhrif en gert er í fyrirhagðandi umhverfisskýrslu, bæði m.t.t. þolmarka einstakra svæða og annarra áhrifa á náttúruáhrif og landslag, og leggja fram mótþægisáðgerðir og vöktunaráætlun, sbr. staflíð d. 14 gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Bent er á umsógn Náttúrufræðistofnunar í þessu samhengi þar sem stofnunin telur að aukin umferð fólks sé líkleg til að hafa í för með sér meira rask og álag á svæðum og þá einkum ef um er að ræða að umferð nái yfir langan tíma líkt og stefna svæðisskipulagsins miðar að, þ.e. að vegir verði opnir lengur yfir árið og því gæti einstök svæði verði aðgengileg lengur en nú er.

Það er mat svæðisskipulagsnefndar, að það séu góð og gild rök fyrir því að fjögur fjallasel eru færð upp um flokk í skálasvæði og gerð er tillaga um eitt nýtt skálasvæði, í ljósi þess að uppbygging þar í dag er í samræmi við flokkinn skálasvæði. Vísað er til umfjöllunar í kafla 2.5.3. í umhverfisskýrslu.

Háumýrar eru færðar niður um flokk úr hálendismiðstöð í fjallasel og er þar með stefnt að verulega minni uppbyggingu en skv. landskipulagsstefnu. Háumýrar eru ekki undir álagi í dag, þar er engin uppbygging og fjallasel þar getur verið mikilvægur áningarsvæði t.d. fyrir gönguleið um varðaða leið yfir Sprengisand eða gönguleið að Þjórsárvörum..

Tillaga um svæðisskipulag Suðurnhálendis setur fram þá stefnu að umnið verði að því að gera stofnveg um Suðurnhálendið greiðfærra minnst 5-6 mánuði á ári þannig að auðvelt sé að ferðast um þá. Enn fremur er kveðið á um að opnunartími „vega taki mið af ástandi bæði vegarins og svæða sem hann opnar fyrir umferð inn á, þannig að landið verði ekki fyrir tjóni af umferð og umgengni t.a.m. snemma í mars áður en frost fer úr jörðu.“ Núgildandi landskipulagsstefna miðar við að stofnvegir um miðhálendið séu „opnir a.m.k. 4-6 mánuði á ári, eftir atvikum með þungatakmörkunum á vorin þegar jarðvegur er að þjóna“. Í ljósi þessa er það mat svæðisskipulagsnefndar að ekki sé ástæða til að leggja til mótþægisáðgerðir eða vöktunaráætlun vegna þessa.



## Héraðsnefnd Árnésinga bs.

### 31. fundur haldinn í Ráðhúsi Ölfus 10. október 2023.

#### 1. Fundarsetning

Helgi Kjartansson, formaður Héraðsnefndar Árnésinga bs., setur fundinn og býður fulltrúa velkomna. Einnig leggur hann til að formaður verði fundarstjóri og Rósa Sif Jónsdóttir, verði fundarritari, er það samþykkt samhljóða. Síðan er gengið til dagskrár.

#### 2. Skýrsla og fundargerðir framkvæmdastjórnar

Helgi Kjartansson, formaður, fer yfir fundargerðir framkvæmdastjórnar nr. 11 frá 12. maí, nr. 12 frá 7. júlí nr. 13 frá 11. september og nr. 14 frá 25. september. 29. fundargerð héraðsnefndar frá 28. apríl og 30. fundargerð héraðsnefndar - aukafundur frá 24. maí. sl..

Formaður gefur orðið laust, enginn tekur til máls.

Fundargerðir eru bornar upp til samþykktar og samþykktar samhljóða.

#### 3. Almannaþingir Árnésinga - fundargerðir stjórnar almannaþinga lagðar fram til kynningar og kynning á fjárhagsáætlun ársins 2024.

Pétur Pétursson, slökkviliðsstjóri, kemur inn á fundinn.

Helgi Kjartansson, formaður, kynnir fundargerðir stjórnar Almannaþinga Árnésinga nr. 2 frá 2. júní og fundargerð framkvæmdaráðs Almannaþinga Árnésinga nr. 2 frá 25. maí og nr. 3 frá 28. september og eru þær lagðar fram til kynningar.

Pétur fer yfir fjárhagsáætlun Almannaþinga Árnésinga fyrir árið 2024 og svarar fyrirspurnum.

Til máls taka auk formanns Álfheiður Eymarsdóttir, Kjartan Björnsson, Sveinn Ægir Birgisson og Ása Valdís Árnadóttir.

#### 4. Brunavarnir Árnésinga - fundargerðir stjórnar Brunavarna lagðar fram til kynningar, tillaga um breytingu á fjárhagsáætlun ársins 2023, og kynning á fjárhagsáætlun ársins 2024.

Pétur Pétursson, slökkviliðsstjóri, kynnir tillögu um breytingu á fjárhagsáætlun 2023 og kynnir fjárhagsáætlun ársins 2024.

Helgi Kjartansson, formaður, fer yfir fundargerðir stjórnar Brunavarna Árnessýslu nr. 8 frá 25. september, nr. 9 frá 22. júní, nr. 10 frá 5. september, nr. 11 frá 12. september nr. 12 frá 28. september og nr. 13 frá 3. október og eru þær lagðar fram til kynningar.

Til máls taka auk formanns Daði Geir Samúelsson og Gestur Þór Kristjánsson.

Pétur fer yfir tölfræði yfir útköll hjá BÁ en haldið er utan um tölfræði upplýsinga í nýrri gátt á vegum HMS. Það sem af er ári eru fjöldi vettvanga 210 eða um 300 útköll á stöðvar. Oft eru boðaðar fleiri en ein stöð á vettvang. Flest útköllin eru í Ölfusi enda víðfeðmasta svæðið. Sem af er ári hafa 20 útköll verið vegna bruna í byggingum og 32 brunaútköll utan bygginga. Umferðarslýsaútköll eru 26.

Ræðir Pétur um tillögu að breytingu á fjárhagsáætlun 2023, sem kemur til vegna kjarasamninga. Óskar hann eftir hækkun á fjárhagsáætlun ársins 2023 um 31 milljón kr.

Til máls taka auk formanns Arnar Freyr Ólafsson, Kjartan Björnsson og Gestur Þór Kristjánsson.

Formaður leggur til breytingu á fjárhagsáætlun ársins 2023 verði hækkuð um 31 milljón. Ekki er gert ráð fyrir að hækkun verði á framlagi sveitarfélaga heldur verði kaupum á tankbifreið sem fjármagna átti af eigin fé frestað og dregið verður úr búnaðarkaupum lið og launalið vegna æfinga ef á þarf að halda.

Tillagan er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Pétur fer yfir fjárhagsáætlun Brunavarna Árnessýslu fyrir árið 2024 og svarar fyrirspurnum.

Það er mikil fólksfjölgun í sýslunni. Reglugerð um starfsemi slökkviliða frá árinu 2018 markar ramma um slökkvilið í landinu. Þegar íbúafjöldi í þéttbýli fer í 15 þúsund þá á að vera sólahringsvakt slökkviliðs á staðnum. Þegar að íbúafjöldi á starfssvæði fer í 5 þúsund þá á að vera dagvinnuvakt á slökkvistöð. Það er mikilvægt að huga að því í tíma og gera ráð fyrir þessu í fjárhagsáætlunum, því það stýttist í að það þurfi að fara í breytingar á fleiri en einum stað vegna fjölgunar á svæðinu.

Huga þarf að bílafloata því að hann er að eldast og hefur eðlilegt viðhald aukist samfara því. Það er þó ólíklegt að hægt verði að endurnýja bílana eins og æskilegt er.

Úttekt HMS á slökkvistöðunum BÁ kom ekki vel út. Húsnæðismálin eru ekki sem skildi nema í Árnosi og á Selfossi og á það sérstaklega við um starfsmannaaðstöðu, það er þörf á að fara í endurbætur á húsnæðum brunavarna.

Það þarf að byrja á byggingum á Laugarvatni og á Flúðum og er vilji til að byggja á báðum stöðum eins fljótt og hægt er.

Til máls taka auk formanns Arnar Freyr Ólafsson, Haraldur Jónsson, Bragi Bjarnason, Ása Valdís Árnadóttir, Arna Ír Gunnarsdóttir, Daði Geir Samúelsson, Jón Bjarnason, Gestur Þór Kristjánsson,

Árni Eiríksson, Guðrún S. Magnúsdóttir, Kjartan Björnsson, Grétar Ingi Erlendsson, Álfheiður Eymarsdóttir, Sveinn Ægir Birgisson og Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir.

## **5. Tónlistarskóli Árneseinga – fundargerðir stjórnar Tónlistarskólans lagðar fram til kynningar og kynning á fjárhagsáætlun ársins 2024.**

Helga Sighvatsdóttir, skólastjóri, og Jóhann Stefánsson, aðstoðarskólastjóri Tónlistarskóla Árneseinga, koma inn á fundinn.

Fundargerðir stjórnar Tónlistarskóla Árneseinga nr. 205 frá 5. maí, nr. 206 frá 9. maí nr. 207 frá 13. september, nr. 208 frá 25. september og nr. 209 frá 25. september eru lagðar fram til kynningar.

Helga fer yfir fjárhagsáætlun Tónlistarskóla Árneseinga fyrir árið 2024 og svarar fyrirspurnum. Það er spennandi starfsár fram undan í Tónlistarskóla Árneseinga. Stærsta verkefni vetrarins er samstarf svið Sinfóníuhljómsveit Suðurlands og Pollapönk með yfirskriftinni “Burtu með fordóma”.

Fyrirhugað er að halda tónleika í nýju húsnæði Stekkjarskóla og eru þau spennnt að sjá og heyra hvernig salurinn reynist.

Tímafrek verkefni hafa verið í vinnslu hjá skólastjórnendum, má þar nefna skipulag smiðjuviku, vinna við jafnlaunavottun sem nú er komin til Jafnlaunastofu til yfirferðar. Nýtt nemendakerfi var tekið í notkun en það hafa þó verið talsverðið hnökror á því kerfi sem vonandi fer að leysast. Ræðir hún um húsnæðismálin sem eru margbreytileg, sums staðar er aðstaða til kennslu góð, öðrum stöðum viðunandi en einnig óviðunandi. Hljóðeinangrun, hljóðvist og loftræsting eru hluti af því sem þarf að skoða einnig þarf að huga að utanaðkomandi truflun. Kennsla fer mjög oft fram í grunnskólunum en tónlistarherbergin eru oft aðþrengd og jafnvel saman með annarri starfsemi, sem dæmi skólahjúkrun.

Ræðir hún um hvað tækifæri til tónlistanáms er dýrmætt og að áhrif tónlistar sem hefur óumdeilt jákvæð áhrif á einstaklinginn sjálfan og samfélagið allt.

Nemaendafjöldi stendur nokkuð í stað milli ára, þó hefur aðeins orðið fækkun. Fór hún yfir dreifingu á hljóðfærum, nemendum á tré- og málmblásturs hljóðfærum hefur fækkað einnig hefur fækkað í gítarnámi en fjölgun hefur orðið í námi á rytmísk hljóðfæri. Fer hún yfir viðburði sem hafa verið og það sem fram undan er m.a. deildar- og hausttónleika og samspilsverkefni.

Til máls taka auk formanns Álfheiður Eymarsdóttir, Kjartan Björnsson, Arnar Freyr Ólafsson, Daði Geir Samúelsson og Haraldur Jónsson.

## **6. Héraðsskjalasafn Árneseinga - fundargerðir stjórnar Héraðsskjalasafnsins lagðar fram til kynningar, ósk um endurskoðun á húsaleigusamningi við Árborg og kynning á fjárhagsáætlun ársins 2024.**

Þorsteinn Tryggvi Másson, safnstjóri Héraðsskjalasafns Árneseinga kemur inn á fundinn.

Fundargerð stjórnar Héraðsskjalasafns Árneseinga 19. september er lögð fram og til kynningar.

Þorsteinn fer yfir fjárhagsáætlun Héraðsskjalasafns Árneseinga fyrir árið 2024 og svarar fyrirspurnum. Eftir að fjárhagsáætlun Héraðsskjalasafns Árneseinga var samþykkt af stjórn kom

erindi frá Sveitarfélaginu Árborg um hækkun á húsaleigu, því óskar Þorsteinn eftir hækkun um 4 milljónir á fjárhagsáætlun 2024 ef endurskoðun á húsaleigusamningi verður samþykkt. Ræðir hann um störf safnsins en aukning hefur verið í fyrirspurnum og eru málin í ár komin yfir 1000.

Húsnæðismál safnsins hafa verið tíðrædd, segir hann frá hugmyndum sem stjórnin hefur rætt. Það er mikilvægt að ráða bót á geymsluvanda safnsins. Rætt hefur verið um að selja húsnæðið í Háheiði 9 og kaupa þess í stað tvö iðnaðarbil. Semja við Byggðasafn Árnesinga og fá þar geymslurými. Að fá sveitarfélögin til að kanna hvort að þau hafi húsnæði til umráða sem hægt væri að nýta til geymslu. Það er laust kjallarahúsnæði á Flúðum sem mætti taka á leigu undir geymslu. Þá væri mögulegt að leigja eða kaupa húsnæði á Selfossi fyrir skrifstofu og afhendingarstað.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur eru að ganga frá pappírs skjölum og skila inn og munu eftirleiðis skila inn gögnum rafrænt. Fleiri sveitarfélög og aðrir aðilar eru einnig að vinna að þessum skilum.

Til máls taka auk formanns Haraldur Jónsson, Jón Bjarnason, Árni Eiríksson, Grétar Ingi Erlendsson, Bragi Bjarnason, Gestur Þór Kristjánsson og Arna Ír Gunnarsdóttir.

Endurskoðaður húsaleigusamningur Héraðsskjalasafns Árnesinga og Sveitarfélagsins Árborgar lagður fram til staðfestingar. Stjórn Héraðsskjalasafns Árnesinga leggur til við Héraðsnefnd að samþykkja endurskoðaðan húsaleigusamninginn við Sveitarfélagið Árborg og hækkun á fjárhagsáætlun um 4 milljónir.

Er hækkun á húsaleigusamningi borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

*Vorfundur Héraðsnefndar Árnesinga samþykkir að veita stjórn Héraðsskjalasafnsins heimild til að skoða húsnæðismálin á Flúðum og húsnæði á Selfossi og leggi fyrir framkvæmdastjórn.*

## **7. Listasafn Árnesinga - fundargerðir stjórnar Listasafnsins lagðar fram til kynningar. og kynning á fjárhagsáætlun ársins 2024.**

Arna Ír Gunnarsdóttir formaður stjórnar fer yfir fjárhagsáætlun Listasafns Árnesinga 2024 og svarar fyrirspurnum ásamt því að hún skilaði góðum kveðjum frá Kristínu Scheving.

Fundargerð stjórnar Listasafns Árnesinga frá 19. september er lögð fram til kynningar.

Arna Ír ræðir um afmælisýninguna Horstein sem gekk vel og margir sóttu. Ásgrímsleiðin sem var sameiginlegt verkefni listasafnsins og byggðasafnsins var einnig mjög vel heppnuð og er fyrirhugað áframhaldandi samstarfi á milli safnanna.

Prentuð voru út kort með skúlptúrleik safnsins sem er dreifður víða um sýsluna og var þeim dreift um Árnessýslu og í Reykjavík, fyrirhugað er að merkja hvern stað enn frekar svo að hægt sé að lesa um listaverkið og listamanninn og í framhaldi yrði það þýtt yfir á ensku. Haustsýning Ragnheiðar Jónsdóttur og Jakobs Veigars Sigurðssonar hefur slegið í gegn og mættu um 1200 manns á opnunina og er aðsóknin áfram góð. Aðsókn á safnið er góð og í september var

gestafjöldi ársins kominn í 14.600. Tekjur hafa aukist í safnabúðinni. Það þarf að huga að viðhaldi á húsnæðinu en það hefur ekki verið auðvelt að fá aðila í verkið.

Til máls taka auk formanns Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir og Daði Geir Samúelsson.

**8. Byggðasafn Árnesinga - fundargerðir stjórnar Byggðasafnsins lagðar fram til kynningar. Beiðni um aukaframlag til Byggðasafns Árnesinga og kynning á fjárhagsáætlun ársins 2024.**

Sandra Sigurðardóttir formaður stjórnar Byggðasafns Árnesinga, fer yfir fjárhagsáætlun 2024 og svarar fyrirspurnum ásamt því að hún skilar góðum kveðjum frá Lýði Pálssyni.

Fundargerðir stjórnar Byggðasafns Árnesinga nr. 6 frá 30. maí og nr. 7 frá 16. ágúst og nr. 8 frá 27. september eru lagðar fram til kynningar.

Sandra fer yfir starfsáætlun og fjárhagsáætlun Byggðasafns Árnesinga fyrir árið 2024 og svarar fyrirspurnum.

Sandra ræðir um sýningar sem haldnar hafa verið í safninu og hafa tekist vel. Fyrirhugað er að setja upp tvær sýningar á árinu 2024 auk jólasýningar. Gestakoma á safnið hefur aukist. Fara þarf í framkvæmdir á húsakynnum safnsins m.a. á að tjarga Húsið, gera við skorstein og mála Assistentahúsið. Áfram er unnið í markaðsmálum fyrir safnið.

Til máls taka auk formanns Haraldur Jónsson og Árni Eiríksson.

Leggur Sandra fram beiðni Byggðasafns Árnesinga um aukaframlag vegna fjárhagsáætlunar 2023 upp á 4,7 milljónir.

Formaður gefur orðið laust, enginn tekur til máls.

Beiðni um aukaframlag við fjárhagsáætlun fyrir árið 2023 upp á 4,7 millj.kr. er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

**9. Stjórnskipulag Héraðsnefndar Árnesinga,** minnisblað framkvæmdastjórnar lagt fram til umræðu - kynning frá Lögmonnum Suðurlands og umræða og ákvörðun um breytingar á stjórnskipulagi.

Steinunn Erla Kolbeinsdóttir, lögfræðingur, kemur inn á fundinn og ræðir um stjórnskipulag Héraðsnefndar Árnesinga og svarar fyrirspurnum.

Á vofundi var samþykkt að fela framkvæmdastjórn Héraðsnefndar að vinna áfram að skoða þá valkosti sem kynntir hafa verið og ásamt því að veita heimild til að setja fjármagn í sérfræðiaðstoð við þá vinnu og koma með tillögu að stjórnskipulagi Héraðsnefndar fyrir næsta haustfund.

Framkvæmdastjórn leggur til við haustfund Héraðsnefndar að eftirfarandi sviðsmyndir verði ræddar og ákveðið hvaða leið á að fara. Séu aðrar hugmyndir um breytingar á stjórnskipulagi HÁ þurfa þær að koma fram. Mikilvægt er að framkvæmdastjórn fái skýrt umboð til að halda áfram með málið.

A) Gerð verði breyting á stjórnskipulagi HÁ með þeim hætti að stofnuð verði byggðasamlög um: brunavarnir, tónlistarskólann og svo eitt byggðasamlag um héraðsskjalasafnið, byggðasafnið og listasafnið.

B) Gerð verði sú breyting á stjórnskipulagi HÁ að stofnuð verði byggðasamlög um brunavarnir, tónlistarskólann, héraðsskjalasafnið, byggðasafnið og listasafnið.

Ræðir Steinunn Erla um kosti og galla beggja sviðsmynda en það verður að fara í breytingar á stjórnskipulagi Héraðsnefndar samkvæmt erindi sem kom upphaflega frá ráðuneytinu um að endurskoða þurfi samþykktir HÁ. Það er ákveðin hagræðing í sameiningu safnanna, það mætti spara vaðandi fjár- og markaðsmálin, tölvu og tæknimál o.fl. Það er heilmikil stjórnsýsla utan um hvert safn í dag og safnamenning yrði að öllum líkindum sterkari. Það þarf samþykki allra sveitarfélaganna til að hægt verði að halda áfram með breytinguna.

Til máls taka auk formanns Arnar Freyr Ólafsson, Arna Ír Gunnarsdóttir, Kjartan Björnsson, Árni Eiríksson, Grétar Ingi Erlendsson, Álfheiður Eymarsdóttir, Daði Geir Samúelsson, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Jón Bjarnason, Gestur Þór Kristjánsson, Ása Valdís Árnadóttir, Bragi Bjarnason, Haraldur Jónsson, Guðrún S. Magnúsdóttir, og Sveinn Ægir Birgisson.

Formaður leggur til að kosið verði um tillögu A og B.

Tillaga B er borin undir atkvæði. Alls eru 8 aðilar sem eru samþykkja tillögu B en 12 samþykkja tillögu A . Því er tillaga A samþykkt.

*Haustfundur Héraðsnefndar Árnesinga felur framkvæmdastjórn að hefja vinnu við breytingu á stjórnskipulagi héraðsnefndar og leggja fram tillögu á vörfundum.*

## **10. Afgreiðsla fjárhagsáætlana stofnana 2024**

Fundarstjóri gefur orðið laust undir hverri fjárhagsáætlun.

### **- Tónlistarskóli Árnesinga**

Fjárhagsáætlun Tónlistaskóla Árnesinga 2024 er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

### **- Listasafn Árnesinga**

Fjárhagsáætlun Listasafns Árnesinga 2024 er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.



#### **- Brunavarnir Árnesinga**

Jón Bjarnason tekur til máls.

Jón Bjarnason leggur fram eftirfarandi breytingatillögu á fjárhagsáætlun 2024 fyrir BÁ:

*Fjárfesting ársins 2024 hækki um 10 milljónir vegna hluta af byggingu á tækjageymslu (slökkvistöð/björgunarmiðstöð) á Flúðum. 30 milljónir verði áætlað í tækjageymslu á Flúðum og 70 milljónir áætlaðar í byggingu tækjageymslu á Laugarvatni. Breytingunni verði mætt með lántöku.*

*Það liggur fyrir að framkvæma byggingu tækjageymslu á Flúðum, á einu og sama árinu er ansi bratt og óraunhæft. Undirbúningur á verkefninu s.s. skipulagsmál, loka hönnun og jarðvegs- og steypuvinna gæti því klárast á árinu 2024.*

Til máls taka Haraldur Jónsson, Arna Ír Gunnarsdóttir, Álfheiður Eymarsdóttir, Kjartan Björnsson, Bragi Bjarnason, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Gestur Þór Kristjánsson og Árni Eiríksson.

Breytingartillaga á fjárhagsáætlun 2024 er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Fjárhagsáætlun Brunavarna Árnesinga 2024 er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með þeim breytingum sem samþykktar voru með tillögu Jóns Bjarnasonar um breytingu á fjárhagsáætluninni.

#### **- Byggðasafn Árnesinga**

Fjárhagsáætlun Byggðasafns Árnesinga 2024 er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

#### **-Héraðsskjalasafn Árnesinga**

Fjárhagsáætlun Héraðsskjalasafns Árnesinga 2024 er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með þeim breytingum sem samþykktar voru fyrr á fundinum vegna endurskoðunar á húsaleigusamningi við Sveitarfélagið Árborg upp á hækkun um 4 millj. kr.

#### **- Almannaþing Árnesinga**

Fjárhagsáætlun Almannaþing Árnesinga 2024 er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

### **11. Samningur um FabLab lagður fram til samþykktar**

Helgi Kjartansson, formaður, fer yfir samning um FabLab.

Formaður gefur orðið laust, enginn tekur til máls.

Samningur um rekstur FabLab smiðju Háskólafélags Suðurlands og Héraðsnefndar Árnesinga er borinn undir atkvæði og samþykktur samhljóða.

## 12. Héraðsnefnd Árneseinga – fjárhagsáætlun 2024

Helgi Kjartansson, formaður, tekur til máls í fjarveru Ingibjargar Garðarsdóttur, fjárhaldsmanns, og fer yfir fjárhagsáætlun fyrir árið 2024.

<b>Fjárhagsáætlun Héraðsnefndar Árneseinga 2024</b>					
<b>Samþykkt 10. október 2023</b>					
	Áætlun 2023	Hlutfall af framlögum	Áætlun 2024	Hlutfall af framlögum	Hlutfallsleg breyting milli ára
<b>Tekjur :</b>					
Framlög sveitarfélaga	221.350.000		249.100.000		12,54%
Tekið af sjóði v/endurgr. frá Framkvæmdasýslu vegna FSU láns hér að neðan	-15.500.000				
<b>Samtals framlög sveitarfélaga</b>	<b>205.850.000</b>		<b>249.100.000</b>		<b>21,01%</b>
<b>Gjöld :</b>					
Byggðasafn Árneseinga	82.700.000	36,6%	87.500.000	35,1%	5,80%
Héraðsskjalasafn Árneseinga	44.000.000	19,5%	52.250.000	21,0%	18,75%
Listasafn Árneseinga	52.000.000	23,0%	57.000.000	22,9%	9,62%
Stjórnun, annað og ófyrirséð	10.500.000	4,6%	12.500.000	5,0%	19,05%
Lánasjóður Sveitarfélaga - afborgun v/FSU lán	29.000.000	12,8%	32.000.000	12,8%	10,34%
FSU vegna FabLab	6.000.000	2,7%	6.000.000	2,4%	0,00%
Fastir styrkir	1.850.000	0,8%	1.850.000	0,7%	0,00%
<b>Samtals gjöld</b>	<b>226.050.000</b>	<b>100,0%</b>	<b>249.100.000</b>	<b>100,0%</b>	<b>10,20%</b>
<b>Sundurliðun - fastir styrkir</b>					
HSK	1.250.000	67,6%	1.250.000	67,6%	0%
SSK	300.000	16,2%	300.000	16,2%	0%
Svæðisstj. björgunarsv. í Ámessýslu	300.000	16,2%	300.000	16,2%	0%
<b>Samtals</b>	<b>1.850.000</b>	<b>100,0%</b>	<b>1.850.000</b>	<b>100,0%</b>	<b>0%</b>
	<b>2023</b>		<b>2024</b>		<b>Breyting á milli ára</b>
<b>Tónlistarskóli Árneseinga - launaliður</b>	348.575.000		351.312.000		0,79%
<b>Samtals</b>	<b>348.575.000</b>		<b>351.312.000</b>		<b>0,79%</b>
<b>Almannavarnir Ámessýslu</b>	6.734.000		7.396.000		9,83%
<b>Samtals</b>	<b>6.734.000</b>		<b>7.396.000</b>		<b>9,83%</b>
<b>Brunavarnir Árneseinga</b>	445.204.830		522.231.000		17,30%
<b>Samtals</b>	<b>445.204.830</b>		<b>522.231.000</b>		<b>17,30%</b>

Formaður gefur orðið laust, enginn tekur til máls.

### 13. Öndverðarnes II

Helgi Kjartansson, formaður, fer yfir og leggur fram til kynningar afsöl vegna uppskipta á Alviðru og Öndverarnesi II.

Formaður gefur orðið laust, enginn tekur til máls.

Fundi slitið kl. 15:50.

Helgi Kjartansson, Bláskógabyggð  
Kjartan Björnsson, Sveitarfélagið Árborg  
Arna Ír Gunnarsdóttir, Sveitarfélagið Árborg  
Gestur Þór Kristjánsson, Sveitarfélagið Ölfus  
Sandra Sigurðardóttir, Hveragerði  
Ellý Tómasdóttir, Sveitarfélagið Árborg  
Helga Lind Pálsdóttir, Sveitarfélagið Árborg  
Haraldur Jónsson, Skeiða- og Gnúpverjahreppur  
Bragi Bjarnason, Sveitarfélagið Árborg  
Brynhildur Jónsdóttir, Sveitarfélagið Árborg  
Sveinn Ægir Birgisson, Sveitarfélagið Árborg  
Þórhildur Dröfn Ingvadóttir, Sveitarfélagið Árborg  
Jón Bjarnason, Hrunamannahreppur  
Guðrún S. Magnúsdóttir, Bláskógarbyggð  
Elín Höskuldsdóttir, Flóahreppur, áheyrnafulltrúi  
Ása Valdís Árnadóttir, Grímsnes- og Grafningshreppur  
Árni Eiríksson, Flóahreppur  
Daði Geir Samúelsson Hrunamannahreppur, áheyrnafulltrúi  
V. Baldur Guðmundsson, Sveitarfélagið Ölfus  
Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Hveragerði  
Arnar Freyr Ólafsson, Sveitarfélagið Árborg  
Álfheiður Eymarsdóttir, Sveitarfélagið Árborg  
Grétar Ingi Erlendsson, Sveitarfélagið Ölfus  
Rósa Sif Jónsdóttir, ritari

# Fundargerð 934. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2023, föstudaginn 29. september kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Kjartan Magnússon, Helgi Kjartansson, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Hjördís Ýr Johnson, Walter Fannar Kristjánsson og Jón Björn Hákonarson.

Walter Fannar Kristjánsson, Nanný Arna Guðmundsdóttir og Freyr Antonsson tóku þátt í gegnum fjarfundarbúnað. Hildur Björnsdóttir boðaði forföll, varamaður hennar Kjartan Magnússon mætti í hennar stað. Margrét Ólöf A. Sanders boðaði forföll, Helgi Kjartansson mætti í hennar stað. Rósa Guðbjartsdóttir boðaði forföll, varamaður hennar Hjördís Ýr Johnson mætti í hennar stað.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnir Anna G. Björnsdóttir, Inga Rún Ólafsdóttir, Sigurður Ármann Snævarr, Valgerður Rún Benediktsdóttir og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Jón Björn Hákonarson, varaformaður sambandsins, setti fundinn og stjórnaði fundi undir fyrsta lið í fjarveru formanns.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Orkumál - 2302016SA

Ása Valdís Árnadóttir og Haraldur Þór Jónsson, fulltrúar Samtaka orkusveitarfélaga, komu inn á fundinn undir þessum lið og kynntu tillögur um aðferðir sem hægt væra styðjast við vegna útreikninga á skiptingu tekna vegna orkuvinnslu sem samþykktar voru á aukaaðalfundi samtakanna þann 19. september 2023.

Eftirfarandi bókun samþykkt með 10 atkvæðum, Kjartan Magnússon sat hjá. Í stefnumörkun sambandsins fyrir árin 2022-2026 er áhersla lögð á mikilvægi sjálfstæðra tekjustofna sveitarfélaga og að þeir verði breikkaðir og styrktir til að stuðla að fjárhagslegri sjálfbærni þeirra. Tekjustofnarnir skulu vera fjölbreyttir og standa undir þeirri þjónustu sem íbúar kalla eftir, hvort sem hún er lögskyld eða lögheimil. Lögð er áhersla á að sveitarfélög fái hlutdeild í auðlindagjaldi og að fasteignaskattar verði greiddir af öllum fasteignum, þ.m.t. öllum mannvirkjum sem tengjast virkjunum og flutningi rafmagns. Í stefnumörkuninni er jafnframt tekið fram að sambandið skuli styðja við Samtök orkusveitarfélaga eins og kostur er og vinna með þeim að sameiginlegum markmiðum.

Ljóst er að málflytningur Samtaka orkusveitarfélaga styður við þessi markmið sambandsins. Þá er einnig ljóst að þær tillögur sem kynntar hafa verið fyrir stjórn sambandsins ná til mun fleiri sveitarfélaga en þeirra sem eru aðilar að þeim

samtökum Samtökum orkusveitarfélaga. Meðal annars af þeim sökum telur sambandið rétt að styðja vel við þá vinnu sem er framundan sem sameiginlegur málsvári sveitarfélaga á opinberum vettvangi.

Mikilvægt er að ríkisvaldið bregðist við þessu ákalli sem allra fyrst og sýni í verki vilja til að auka og breikka tekjur allra sveitarfélaga á sanngjarnan hátt til að tryggja fjárhagslega sjálfbærni þeirra. Stjórn felur framkvæmdastjóra að fylgja málinu eftir og styðja Samtök orkusveitarfélaga í þeirra baráttu.

Heiða Björg Hilmisdóttir kom inn á fund kl. 12:30 og tók við stjórn fundarins.

## 2. Jafnlaunastofa - 2101018SA

Helga Björg Ragnarsdóttir, framkvæmdastýra Jafnlaunastofu, kom inn á fundinn undir þessum lið og gerði grein fyrir starfi Jafnlaunastofu.

Sveitarfélögin hafa undanfarin tæpan aldarfjórðung byggt launasetningu sína á starfsmati með launajafnrétti að markmiði. Sveitarfélögin hafa þannig sérstöðu á vinnumarkaði þar sem slíkri aðferðafræði er ekki beitt almennt hjá ríki eða á almenna markaðinum. Starfsmatið er mikilvægt tæki til að vinna að launajafnrétti ef rétt er að því staðið. Mikilvægt er styðja við faglega þróun starfsmatskerfisins og tryggja að kerfið þjóni markmiðum sínum. Mikilvægt er að kerfið sé skilvirkt og aðgengilegt og skili niðurstöðum um mat starfa með sem skjótustum hætti. Það er mikilvægt bæði vegna þess starfsfólks sem býður niðurstöðu starfsmats en einnig vegna þeirrar áhrifa sem bakreikningar vegna endurmats starfa hafa á rekstur sveitarfélaga. Það er öllum í hag að ferlið sé sem skilvirkast. Stjórn felur Jafnlaunastofu að koma með tillögur um umbætur á starfsmatskerfinu til faglegrar stjórnar starfsmats og að stjórn verði upplýst þegar því verkefni er lokið. Það er mikilvægt að eyða sem mest óvissu fólks um rétta launaröðun og óvissu í rekstri sveitarfélaga.

## 3. Fundargerð 932. fundar - 2301014SA

Lögð fram til kynningar fundargerð 932. fundar stjórnar sambandsins frá 8. september 2023, sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

## 4. Félagsþjónustunefnd sambandsins - 2210008SA

Lagðar fram fundargerðir 63. og 64. fundar félagsþjónustunefndar sambandsins frá 8. júní og 8. september 2023. Stjórn samþykkti eftirfarandi bókun samhljóða.

Mikilvægt er að leiða til lykta samninga milli ríkis og sveitarfélaga um málefni fatlaðs fólks. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga ítrekar kröfu um að málaflokkurinn verði að fullu fjármagnaður, en hallinn á árinu 2021 nemur rúmum 14 ma.kr. Við blasir að hallinn hefur vaxið á undanförunum tveimur árum. Það er krafa sveitarfélaga að í fjárukalögum 2023 verði lagt til fjármagn í málaflokkinn sem nemur framreiknuðum halla sveitarfélaganna árið 2021 að frádregnum þeim tekjum sem 0,22% útsvarshækkun hefur skilað inn í málaflokkinn á árinu.

Framundan er stór áskorun um sértæk búsetuúrræði fyrir fatlað fólk með auknar stuðningsþarfir sem gæti kostað allt að 10 ma.kr. Nauðsynlegt er að þegar í stað verði gerð áætlun um þessa uppbyggingu og traust mat á kostnaði.

Tryggð verði stigvaxandi ný samfjármögnun ríkis og sveitarfélaga til að standa undir þeim lagaskyldum.

**5. Breytingar á innra skipulagi sambandsins - 2303020SA**

Lagt fram sem trúnaðarskjal minnisblað framkvæmdastjóra um tillögu að breytingum á innra skipulagi Sambands Íslenskra sveitarfélaga dags. 28. september 2023.

Stjórn Sambands Íslenskra sveitarfélaga samþykkir nýtt skipurit sambandsins sem unnið hefur verið í samráði við starfsfólk og stjórn á undanförunum mánuðum. Markmið breytinganna er að uppfylla betur þau markmið sem koma fram í stefnumörkun sambandsins um starfsemi sambandsins. Þar var lögð aukin áhersla á almenna fræðslu um sveitarstjórnarmál og miðlun þekkingar og upplýsinga til sveitarstjórnarfólks og starfsfólks sveitarfélaga með fjölbreyttum hætti. Auk þess var lögð áhersla á að greiningarvinna sambandsins yrði aukin og þróað mælaborð með fjölbættum upplýsingum um starfsemi sveitarfélaga. Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna að innleiðingu þess með stefnumótunarvinnuna að leiðarljósi.

Anna Guðrún Björnsdóttir, Sigurður Ármann Snævarr, Valgerður Rún Benediktsdóttir og Valur Rafn Halldórsson viku af fundi undir þessum lið.

**6. Drög að dagatali stjórnar 2024 - 2309033SA**

Lögð fram drög að dagatali stjórnar sambandsins 2024 með áætlun um dagsetningar stjórnarfunda.

Stjórn samþykkir að landsþing sambandsins verði haldið 14. mars nk. og fjármálaráðstefna sveitarfélaga 10.-11. október 2024. Framkvæmdastjóra falið að laga dagatalið til m.v. umræður á fundinum og leggja það fram til staðfestingar á 935. fundi stjórnar. Í ljósi skipulagsbreytinga og aukinnar áherslu á ábyrgð stjórnar á stefnumörkun sambandsins mun fundum stjórnar fjölga.

**7. Samráðsfundur stjórnar sambandsins og landshlutasamtaka sveitarfélaga - 2211034SA**

Lagt fram minnisblað frá fundi stjórnar sambandsins og formanna og framkvæmdastjóra landshlutasamtaka sveitarfélaga, dags. 28. september 2023.

**8. Kjarasamningar - 2301032SA**

Lögð fram samkomulög milli samninganefndar Sambands Íslenskra sveitarfélaga, og

Félag skipstjórnarmanna, dags. 12. september 2023, Starfsgreinasambands Íslands, dags. 13. september 2023, íg Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna vegna stjórnenda slökkviliða, dags. 21. september 2023, um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila.

Stjórn Sambands Íslenskra sveitarfélaga staðfestir samhljóða fyrirbyggjandi kjarasamninga við Félag skipstjórnarmanna, Starfsgreinasamband Íslands og Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna vegna stjórnenda slökkviliða.

9. **Staða kjaramála - 2301032SA**  
Lagt fram sem trúnaðarskjal minnisblað sviðsstjóra sambandsins, dags. 29. september 2023, um stöðu kjaramála í september 2023.
10. **Kynnisferð stjórnar sambandsins til Brussel - 2303018SA**  
Lagt fram minnisblað forstöðumanns Evrópuskrifstofu sambandsins í Brussel, dags. 19. september 2023, um ferð stjórnar sambandsins til Brussel 13.-15. september 2023.
11. **Minnisblað um framgang heimsmarkmiðanna á Íslandi - 2212024SA**  
Lagt fram minnisblað sviðsstjóra þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, dags. 28. ágúst 2023, um framgang heimsmarkmiðanna á Íslandi, ásamt fylgiskjölum.  
*Í stefnumörkun landsþings sambandsins fyrir yfirstandandi kjörtímabil er rík áhersla á heimsmarkmiðin enda áhugi mikill meðal íslenskra sveitarfélaga á innleiðingu heimsmarkmiða en ljóst er að þörf er á er á frekari stuðningi til að innleiðingin verði farsæl. Stjórn felur framkvæmdastjóra að skoða framhald vinnu til stuðnings innleiðingu markmiðanna á sveitarstjórnarstigi í samræmi við væntanlega hvítbók forsætisráðuneytis um sjálfbært Ísland.*
12. **Kostnaður og tekjur sveitarfélaga vegna meðhöndlunar úrgangs - 2308026SA**  
Lagt fram minnisblað lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 22 september 2023, um greiningu á kostnaði vegna úrgangsmála.  
*Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga felur framkvæmdastjóra að undirbúa stofnun starfshóps til að greina kostnað og tekjur sveitarfélaga vegna meðhöndlunar úrgangs. Á næsta fundi stjórnar skal leggja fram erindisbréf og kostnaðaráætlun.*
13. **Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2024 - 2309030SA**  
Rætt um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2024.  
*Stjórn felur framkvæmdastjóra að ganga frá umsögn um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2024 í samræmi við umræður á fundinum.*
14. **Aðgreining úrgangsflokka við söfnun - 2304032SA**  
Lagt fram sem trúnaðarskjal minnisblað lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 27. september 2023, um aðgreiningu úrgangsflokka við söfnun.
15. **Breyting á skipan fulltrúa á Sveitarstjórnarþingi Evrópuráðsins - 2210016SA**  
Breyting á skipan fulltrúa á Sveitarstjórnarþingi Evrópuráðsins til 2026.  
*Stjórnin samþykkir að tilnefna Heiðu Björgu Hilmisdóttur, formann sambandsins sem aðalfulltrúa í stað Jóns Björns Hákonarson, sem hefur óskað eftir að verða leystur undan því að vera aðalfulltrúi, og Jón Björn varafulltrúa í stað Heiðu.*

16. **Málefni hælisleitenda - 2308008SA**  
Rætt um ákvörðun félagsmálaráðherra um aðstoð við fólk sem fengið hefur endanlega synjun um vernd.  
*Stjórn Sambands Íslenskra Sveitarfélaga lýsir yfir gríðarlegum vonbrigðum með einhliða aðgerð félags- og vinnumarkaðsráðherra enda er hún tekin með fullri vitneskju ráðherra um algjöra andstöðu sveitarfélaganna við þessa ráðstöfun.*
17. **Tilnefning í starfshóp um hönnun og innleiðingu spálíkans um mannaflapörf á vinnumarkaði - 2307002SA**  
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, dags. 7. september 2023, þar sem Helgi Aðalsteinsson, hagfræðingur á kjarasviði sambandsins, er tilnefndur í starfshóp um hönnun og innleiðingu spálíkans um mannaflapörf á vinnumarkaði.
18. **Tilnefning í starfshóp um heildarskoðun laga nr. 88/2003, um Ábyrgðarsjóð launa - 2306021SA**  
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, dags. 7. september 2023, þar sem Raket Guðmundsdóttir, skrifstofustjóri kjaramála á Mannauðs- og starfsumhverfissviði Reykjavíkurborgar, er tilnefnd í starfshóp um heildarskoðun laga nr. 88/2003, um Ábyrgðarsjóð launa.
19. **Tilnefning í Geðráð - 2307003SA**  
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til heilbrigðisráðuneytisins, dags. 20. september 2023, þar sem Friðrik Már Sigurðsson, sveitarstjórnarfulltrúi í Húnaþingi vestra og Berglind Harpa Svavarsdóttir, formaður Byggðarráðs í Múlaþingi, eru tilnefnd í Geðráð. Það þeirra sem ráðherra skipar ekki verður varamaður hins.
20. **Tilnefning í starfshóp um almenna líknarmeðferð á hjúkrunarheimilum - 2309020SA**  
Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til heilbrigðisráðuneytisins, dags. 20. september 2023, þar sem Anna Sigrún Baldursdóttir, skrifstofustjóri skrifstofu öldrunarmála hjá velferðarsviði Reykjavíkurborgar, er tilnefnd í starfshóp um almenna líknarmeðferð á hjúkrunarheimilum.
21. **Umsögn um breytingu á lögræðislögum - 2309004SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til dómsmálaráðuneytisins, dags. 11. september 2023, um breytingu á lögræðislögum, mál nr. S-161/2023.
22. **Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um úrvinnslugjald nr. 162/2002 - hringrásarhagkerfi, umbúðir, ökutæki o.fl. - 2309015SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 18. september 2023, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um úrvinnslugjald nr. 162/2002 (hringrásarhagkerfi, umbúðir, ökutæki o.fl.), mál nr. S-163/2023.



23. **Skýrsla um fyrirkomulag eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum og matvælum - 2309040SA**

Lögð fram til kynningar skýrsla starfshóps um fyrirkomulag eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum og matvælum, dags. í ágúst 2023.

Í lok fundar þökkuðu stjórnarmenn Sigurði Á. Snævarri fráfarandi sviðsstjóra hag- og upplýsingasviðs sambandsins kærlega fyrir samstarfið og vel unnin störf í þágu sveitarfélaga og óskuðu honum alls hins besta í framtíðinni.

Fundi var slitið kl. 15:45

# Fundargerð 935. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2023, mánudaginn 16. október kl. 08:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Hildur Björnsdóttir, Margrét Ólög A. Sanders, Rósa Guðbjartsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Jón Björn Hákonarson.

Nanný Arna Guðmundsdóttir boðaði forföll en ekki náðist að boða varafulltrúa í hennar stað.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnir Anna G. Björnsdóttir, Inga Rún Ólafsdóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

**1. Skýrsla um málefni fatlaðs fólks - 2310024SA**

Haraldur L. Haraldsson og Arnar Haraldsson hjá HLH ráðgjöf komu inn á fundinn og kynntu drög að skýrslu um málefni fatlaðs fólks.

Fundi var slitið kl. 09:00

# Fundargerð 936. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2023, föstudaginn 27. október kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjargúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Hildur Björnsdóttir, Margrét Ólöf A. Sanders, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Jón Björn Hákonarson.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Anna G. Björnsdóttir, Inga Rún Ólafsdóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

**1. Fundargerðir 933. og 934. fundar - 2301014SA**

Lagðar fram til kynningar fundargerðir 933. og 934. fundar stjórnar sambandsins frá 18. og 29. september 2023, sem undirritaðar hafa verið með rafrænum hætti.

**2. Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum - 2210013SA**

Lögð fram fundargerð 90. fundar verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum frá 3. október 2023.

**3. Málefni hælisleitenda - 2308008SA**

Lagt fram minnisblað Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 13. október 2023, um 15. gr. félagsþjónustulaga.

Helgi Aðalsteinsson, hagfræðingur á kjarasviði sambandsins, kom inn á fundinn kl. 12:30.

**4. Kjarasamningur - 2301032SA**

Lagt fram samkomulag milli samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Sjúkraliðafélags Íslands, dags. 10. október 2023, um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila.

*Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga staðfestir samhljóða fyrirliggjandi kjarasamning við Sjúkraliðafélag Íslands.*

**5. Staða kjaramála - 2301032SA**

Lagt fram sem trúnaðarskjal minnisblað sviðsstjóra kjarasviðs sambandsins, dags. 23. október 2023, um stöðu kjaramála í október 2023 og þróun seinustu mánaða.

**6. Gildistaka endurmats starfa í starfsmati - 2301032SA**

Lagt fram sem trúnaðarskjal minnisblað sviðsstjóra kjarasviðs sambandsins, dags. 25. október 2023, um gildistöku endurmats starfa í starfsmati.

Stjórn Sambands Íslenskra sveitarfélaga styður afstöðu kjaramálanefndar og samninganefndar sveitarfélaga um að launabreytingar vegna reglulegrar 5 ára endurskoðunar starfsmatsstarfa taki gildi frá 1. janúar 2024.

Helgi Aðalsteinsson vék af fundi kl. 13:40.

**7. Beiðni um aukna upplýsingagjöf á heimasíðu sambandsins - 2310022SA**

Lagt fram minnisblað sviðsstjóra rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins, dags. 26. október 2023, um beiðni um aukna upplýsingagjöf á vefsíðu sambandsins.

Stjórn tekur jákvætt í tillöguna og felur sviðsstjóra rekstrar- og útgáfusviðs að útfæra tillöguna og koma í framkvæmd í samvinnu við starfsfólk sambandsins.

**8. Starfskjarastefna sambandsins - 2303020SA**

Rætt um starfskjarastefnur og hvort sambandið ætti að setja sér slíka stefnu.

Stjórn samþykkir að skipa starfskjaranefnd. Í starfskjaranefnd sitja Hildur Björnsdóttur, Margrét Sanders og Jón Björn Hákonarson.

Óttar Freyr Gíslason, forstöðumaður Evrópuskrifstofu sambandsins, kom inn á fundinn kl. 14:15.

**9. Endurskoðun á fráveitutilskipun ESB - 2212022SA**

Lagt fram minnisblað forstöðumanns Evrópuskrifstofu sambandsins, dags. 23. október 2023, um endurskoðun á fráveitutilskipun ESB.

Stjórn þakkar fyrir minnisblaðið og felur framkvæmdastjóra að koma upplýsingum þess á framfæri við sveitarfélögin. Stjórn leggur jafnframt áherslu á að nú sé lokatækifæri á að koma að tillögum að aðlögunum en það verður að gerast í gegnum og með samþykki og stuðningi frá stjórnarráðinu og með samþykki og stuðningi frá hinum EES EFTA ríkjunum. Formanni og framkvæmdastjóra falið að fylgja þessu eftir við umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra.

Óttar Freyr Gíslason vék af fundi kl. 14:35.

**10. Starf sviðsstjóra þróunarsviðs - 2310009SA**

Starf sviðsstjóra þróunarsviðs var auglýst laust til umsóknar þann 3. október sl. en umsóknarfrestur rann út 24. október. Alls sóttu 49 um starfið en samið hefur verið við Attentus um að halda utan um ráðningarferlið í samvinnu við framkvæmdastjóra.

Framkvæmdastjóra falið að halda áfram vinnu við ráðningarferlið í samvinnu við Attentus og stefna að því að leggiferlið í nóvember. Að því loknu verða tillögur að ráðningu að höfðu samráði við stjórnarformann lagðar fyrir stjórn.

**11. Starf sviðsstjóra stjórnsýslusviðs - 2310008SA**

Starf sviðsstjóra stjórnsýslusviðs var auglýst laust til umsóknar þann 3. október sl. en umsóknarfrestur rann út 24. október. Alls sóttu 40 um starfið

en samið hefur verið við Attentus um að halda utan um ráðningarferlið í samvinnu við framkvæmdastjóra.

*Framkvæmdastjóra falið að halda áfram vinnu við ráðningarferlið í samvinnu við Attentus og stefna að því að leggja ferlið í nóvember. Að því loknu verða tillögur að ráðningu að höfðu samráði við stjórnarformann lagðar fyrir stjórn.*

**12. Fjórdá samantektarskýrsla vísindanefndar um loftslagsbreytingar - 2310044SA**

Lögð fram til kynningar skýrslan Umfang og afleiðingar hnattrænna loftslagsbreytinga á Íslandi: Fjórdá samantektarskýrsla vísindanefndar um loftslagsbreytingar, dags. í október 2023.

Skýrsluna má nálgast hér: [https://cdn.loftslagsbreytingar.is/pdf/2023/10/skyrsla\\_visindanefndar.pdf](https://cdn.loftslagsbreytingar.is/pdf/2023/10/skyrsla_visindanefndar.pdf)

*Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga telur mikilvægt að komið verði á fót þéttu samstarfi ríkis og sveitarfélaga í loftlagsmálum og felur formanni og framkvæmdastjóra að taka málið upp við umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra.*

Fjóla María Ágústsdóttir, leiðtogi stafræns þróunarteymis og breytingastjóri, kom inn á fundinn kl. 14:50. Inga Rún Ólafsdóttir vék af fundi kl. 14:50.

**13. Kynning á stefnumótun sambandsins í stafrænum málum - 2306011SA**

Leiðtogi stafræns umbreytingateymis og breytingastjóri kynnti vinnu sem hefur átt sér stað í haust vegna stefnumótunar sambandsins í stafrænum málum.

*Stjórn þakkar fyrir góða yfirferð á vinnu við stefnumótun sambandsins í stafrænum málum. Stafræn þróun er gríðarlega mikilvæg og mikilvægt að hið opinbera verði samtaka. Stjórn felur formanni og framkvæmdastjóra að eiga að taka málið upp við fjármálaráðherra, innviðaráðherra og Reykjavíkurborg með tækifæri til samvinnu, samstarfs eða sameiginlegrar stefnumótunar fyrir Ísland.*

Einar Þorsteinsson vék af fundi kl. 15:15. Fjóla María Ágústsdóttir vék af fundi kl. 15:30.

**14. Tilnefning í stjórn Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða - 2310011SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til menningar- og viðskiptaráðuneytisins, dags. 5. október 2023, þar sem Unnur Valborg Hilmarsdóttir, sveitarstjóri Húnaþings vestra, er tilnefnd í stjórn Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.

**15. Tilnefning í starfshóp um endurskoðun á aðalnámskrá tónlistarskóla - 2309021SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 23. október 2023, þar sem Aino Freyja Jarvela, verkefnisstjóri tónlistar og listkennslu á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar, er tilnefnd í starfshóp um endurskoðun á aðalnámskrá tónlistarskóla.

**16. Tilnefning í Kjaratölfræðinefnd - 2310014SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, dags. 23. október 2023, þar sem Helgí

Aðalsteinsson, hagfræðingur á kjarasviði sambandsins, er tilnefndur í Kjaratölfræðinefnd.

**17. Breyting í stjórn Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar - 2309017SA**

Jón Björn Hákonarson, fv. bæjarstjóri Fjarðabyggðar og aðalmaður í stjórn sambandsins, hefur tekið sæti í stjórn Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar í stað Karls Björnssonar fv. framkvæmdastjóra sambandsins, sem beðist hefur lausnar frá setu í stjórninni.

**18. Umsögn um áform um breytingu á lögum um framhaldsskóla - vinnustaðanáám, innritun o.fl. - 2309032SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 27. september 2023, um áform um breytingu á lögum um framhaldsskóla (vinnustaðanáám, innritun o.fl.), mál nr. S-157/2023.

**19. Umsögn um breytingu á lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands - sameining stofnana - 2309042SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 2. október 2023, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur (sameining Náttúrufræðistofnunar Ísl., Landmælinga Ísl. og Náttúruannsóknastöðvarinnar við Mývatn), mál nr. 166/2023.

**20. Umsögn um áform um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld - 2310005SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 4. október 2023, um áform um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld, mál nr. S-172/2023.

**21. Umsögn um frumvörp til laga um Loftslagsstofnun og Náttúruverndar- og Minjastofnun - 2309045SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 4. október 2023, um frumvörp til laga um Loftslagsstofnun og Náttúruverndar- og Minjastofnun, mál nr. S-168/2023.

**22. Umsögn um frumvarp til fjárlaga 2024 - 2309030SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til fjárlaganefndar Alþingis, dags. 6. október 2023, um frumvarp til fjárlaga, 1. mál.

*Einar Brandsson gerði athugasemd við þann hluta umsagnarinnar sem snýr að fiskeldissjóði og fiskeldisgjaldi. Eftir umræðu um málið var starfsfólki sambandsins falið að fylgja málinu sérstaklega eftir m.v. umræður á fundinum.*

**23. Umsögn um frumvarp til laga um pósthjónusta - úrbætur á pósthjónusta - 2310001SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 9. október 2023, um frumvarp til laga um pósthjónusta (úrbætur á pósthjónusta), 181. mál.

24. **Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum, nr. 123/2010 - hagkvæmar íbúðir - 2310012SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 10. október 2023, um frumvarp til laga um breytingu á skipulagslögum, nr. 123/2010 (hagkvæmar íbúðir), 183. mál.
25. **Umsögn um breytingu á lögum um skipulag haf- og strandsvæða, með síðari breytingum - 2308003SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 13. október 2023, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skipulag haf- og strandsvæða, nr. 88/2018, með síðari breytingum (skipan svæðisráða o.fl.), mál nr. S-181/2023.
26. **Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2024-2038 og aðgerðaáætlun fyrir árin 2024-2028 - 2310020SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 17. október 2023, um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2024-2038 og aðgerðaráætlun fyrir árin 2024-2028, 182. mál.
27. **Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um dýrasjúkdóma o.fl. - 2310030SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til matvælaráðuneytisins, dags. 20. október 2023, um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, lögum nr. 22/1994 og lögum nr. 66/1998, mál nr. S-193/2023.
28. **Umsögn um endurskipulagningu stofnana umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytisins - 2310015SA**  
Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 20. október 2023, um endurskipulagningu stofnana umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins - samráð við hagsmunaaðila, mál nr. S-170/2023.

Fundi var slitið kl. 15:30

# Fundur stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings haldinn í Laugarási fimmtudaginn 24. ágúst 2023 kl. 14:00.

## Mættir eru:

*Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri Flóahrepps, formaður*

*Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar*

*Sylvía Karen Heimisdóttir, í forföllum sveitarstjóra Skeiða- og Gnúpverjahrepps*

*Ása Valdís Árnadóttir, oddviti Grímsness- og Grafningshrepps*

*Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri Hrunamannahrepps*

Auk þeirra sátu fundinn Gunnlaug Hartmannsdóttir, deildarstjóri skólaþjónustu og Anný Ingimarsdóttir deildarstjóri velferðarþjónustu.

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Aldís Hafsteinsdóttir.

Formaður Hulda Kristjánsdóttir, setti fund og stjórnaði.

Hér var gengið til dagskrár:

### 1. Skýrsla deildarstjóra skólaþjónustu

Farið var yfir stöðu biðlista eftir sérfræðiþjónustu skóla. Á biðlistanum eru nú 67 mál og eru elstu tilvísanirnar frá hausti 2022. Tilvísanir skiptast á milli þjónustu talmeinafræðinga, sálfræðinga og kennsluráðgjafa. Þörfin um þjónustu innan hvers skóla fer nokkuð eftir því hversu vel mannaðir skólarnir eru hvað varðar sérfræðinga. Dæmi eru um að börn séu á biðlista sem ekki hafa hafið skólagöngu og eru aðilar sammála um að bíða eftir að skólaganga hefjist áður en áfram er haldið varðandi þjónustu við þann hóp. Deildarstjóri telur að nú sé að nást utan um hópinn og bindur vonir við að biðlistinn styttest þegar líður á veturinn.

Engin viðbrögð hafa borist við auglýsingum eftir sálfræðingum og því hafa verið gerðir samningar við sálfræðinga um verktöku.

Farið yfir mikilvægi þess að starfsmenn skólanna og þá sérstaklega kennarar njóti stuðnings til að mæta áskorunum sem felast í mismunandi þörfum nemenda og skólanna í heild. Starfsmenn skólaþjónustu sitja í nemendaverndarráðum grunnskóla sem og í þeim ráðum sem starfandi eru í leikskólum en stefnt er að því að slík ráð verði starfandi í öllum leikskólum. Stjórnendur hafa kallað eftir sameiginlegu starfi og munu til dæmis leikskólastjórar hittast reglulega eins og verið hefur.

Börn með staðfestar greiningar sem þarf af leiðandi geta sótt um SIS mat eru nokkur og mælir Gunnlaug með að skólaþjónustan sjái um umsóknir fyrir þau börn til Jöfnunarsjóðs. *Stjórn er sammála því verklagi sem hér er kynnt og felur Gunnlaugu að hafa samband við viðkomandi skóla/sveitarstjóra til að kynna þær breytingar sem þetta felur í sér.*



## 2. Skýrsla deildarstjóra velferðarþjónustu

Unnið er að mótun verklags með skólaþjónustu til að tryggja samfellu og meðvitund um þau mál sem í gangi eru. Vinnufundur var haldinn í apríl þar sem fjallað var um reglur og stefnur og mikilvægi þess að til dæmis umsóknir og ferlar í kringum þær séu skilvirkar.

Rætt um að allar umsóknir um stuðningsþjónustu berist til velferðarþjónustunnar og fái samræmda umfjöllun þó að til dæmis gjaldskrár geti verið mismunandi eftir sveitarfélögunum. Notendur heimaþjónustu eru 76 og fer fjölgandi.

Starfsdagur var haldinn með starfsmönnum velferðarþjónustu og Ingrid Kuhlmann ráðgjafa og var mikil ánægja með daginn.

Aukinn þungi er að færast í umræðu um dagdvöl fyrir eldra fólk í Uppsveitunum en ekki er ólíklegt að um 11 manns myndi vera í þörf fyrir slíka þjónustu. Starfshópur sem skipaður var síðastliðinn vetur verður starfandi áfram.

*Stjórn leggur áherslu á að Öldungaráð uppsveita og Flóa verði kallað saman hið fyrsta.*

## 3. Húsnæðismál

Deildarstjórar fóru yfir kosti og galla varðandi núverandi starfsstöðvar í Laugarási. Að þeirra mati er bagalegt að starfsmenn séu ekki í sama húsi og telja þeir núverandi skipan húsnæðismála ekki vera í samræmi við markmið sem sett voru í upphafi. *Stjórnarmenn sammála um að húsnæðismál verði rædd betur í aðdraganda fjárhagsáætlunargerðar.*

## 4. Starfsmannamál

Auglýst hefur verið eftir sálfræðingi og talmeinafræðingi en engar umsóknir hafa borist. *Áfram verður leitað eftir starfsmönnum í þessar stöður en ef það tekst ekki verður leitað til verktaka.*

Stjórn ræddi málefni náms- og starfsráðgjafar en núverandi starfsmaður hefur sagt upp störfum.

Deildarstjórar ræddu mikilvægi þess að ritari sé starfandi við þjónustuna sem gæti til dæmis sinnt símsvörun, skjalavörslu og öðru slíku. Einnig rætt um mögulega ráðningu á atferlisfræðing/ART ráðgjafa sem gæti nýst vel í velferðarþjónustu sem og í ýmis önnur verkefni.

*Stjórn vísar ákvörðunum um þessar ráðningar til gerðar fjárhagsáætlunar.*

## 5. Heimasíðan

Rætt um nauðsynlegar breytingar á heimasíðunni til einföldunar og í átt að aukinni skilvirkni.

*Stjórn felur formanni að kanna kostnað við nýja heimasíðu.*

**6. Vinnustofa 2**

Rætt um vinnustofu 2 þar sem unnið verði að framtíðarsýn Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls.

*Stjórn samþykkir að gefa öllum nefndarmönnum í skólanefndum á svæðinu tækifæri á að mæta sem og þeim sveitarstjórnarfulltrúum sem þess óska.*

**7. Félagssamningur um Skóla- og velferðarþjónustu**

Rætt um nýjan félagssamning Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls.

*Stjórn samþykkir að gefa formanni umboð til að klára þær leiðréttingar sem þarf að gera ef einhverjar eru og sjá til þess að málið verði klárað.*

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:50.

# Fundur stjórnar Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls haldinn á Teams þriðjudaginn 17. október 2023 kl. 8:00.

## Mættir eru:

*Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri Flóahrepps, formaður*  
*Árni Eiríksson, oddviti Flóahrepps,*  
*Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri Bláskógabyggðar*  
*Haraldur Þór Jónsson, sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps*  
*Ása Valdís Árnadóttir, oddviti Grímsness- og Grafningshrepps*  
*Iða Marsibil Jónsdóttir, sveitarstjóri Grímsness og Grafningshrepps*  
*Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri Hrunamannahrepps*  
*Jón Bjarnason, oddviti Hrunamannahrepps*

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Aldís Hafsteinsdóttir.

Formaður Hulda Kristjánsdóttir, setti fund og stjórnaði.

Hér var gengið til dagskrár:

- Starfsmannamál.**  
Rætt um starfsmannamál og launaröðun starfsmanna skóla- og velferðarþjónustu.  
Samþykkt að unnin verði launagreining í samræmi við umræður á fundinum.
- Öldungaráð uppsveita.**  
Sveitarfélögin hafa þegar skipað sína fulltrúa í öldungaráðið en stjórn samþykkir að kallað verði eftir nöfnum fulltrúa félaga eldri borgara í ráðið.  
Starfsmaður ráðsins verði Anný Ingimarsdóttir frá SVÁ sem skipuð er af stjórn SVÁ.  
Mun hún boða til fyrsta fundar ráðsins um leið og allar tilnefningar liggja fyrir.
- Næsti fundur stjórnar.**  
Samþykkt að næsti fundur stjórnar verði haldinn mánudaginn 6. nóvember kl. 16:00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 8:38

**ALMENN FUNDARGERÐ**

**Fagnefnd Skóla-og velferðarþjónustu Árnesþings**

**1. fundur fagnefndar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings haldin þriðjudaginn 31. október 2023 kl. 16:00 í fundarsal í Laugarási, Bláskógarbyggð.**

**Mættir voru:** Sigurbára Rúnarsdóttir, formaður (Flóahreppi), Andrea Sif Snæbjörnsdóttir (Skeiða-og Gnúpverjahreppi) Bjarney Vignisdóttir (Hrunamannahreppi), Steinar Sigurjónsson (Grímsnes-og Grafningshreppi) og Áslaug Alda Þórarinsdóttir, varamaður (Bláskógarbyggð).

Auk þess sitja fundin Anný Ingimarsdóttir, deildarstjóri, sem ritaði fundargerð velferðarþjónustu og Gunnlaug Hartmannsdóttir, deildarstjóri skólaþjónustu

**Dagskrá:**

**Afgreiðslumál:**

**1. Undirritun þagnareiðs**

Allir nefndarmenn rituð undir þagnareið

**2. Erindisbréf**

Farið var yfir erindisbréf nefndarinnar, nokkrar breytingar voru gerðar. Nefndin vill vekja athygli á 1. mgr. 5. gr. þar telur nefndin að tvær síðust setningar leggur nefndin til að þær falli á brott annars samþykkir fagnefndin erindisbréfið. Erindisbréfinu og vísar til stjórnar skóla-og veðferðarþjónustu Árnesþings (SVÁ) til frekari afgreiðslu

**3. Tillaga að breyttum gjaldskrá - Lagðar fram tillögur um hækkun á fjárhagsaðstoð, greiðslum vegna stuðningsfjölskyldna og gjaldskrár vegna heimaþjónustu og akstursþjónustu.**

Lagt er fram minnisblað frá deildarstjóra velferðarþjónustunni um tillögur að hækkun á greiðslum tengdum velferðarþjónustunni, nefndin fjallaði um málið og leggur eftirfarandi til:

1. Nefndin leggur til að fjárhagsaðstoð verði hækkuð í samræmi við hækkun á neyslúvísitölu 4,9% frá og með 1. janúar 2024, grunnfjárhæð fyrir einstakling verði 206.308 kr. (var 196.740).
2. Nefndin leggur til að greiðslur frá og með 1. janúar 2024 vegna stuðningsfjölskyldu í barnavernd/félagsþjónustu verði kr. 28.738 á sólarhring og er það sama gjald og greitt er fyrir stuðningsfjölskyldu fatlaðra barna sem eru í 3. flokki. Gjald fyrir stuðningsfjölskyldu vegna fatlaðra barna er ákveðið af Bergrisanum og er því ekki tekið sértaklega fyrir hér.
3. Nefndin leggur til að gjaldskrá heimaþjónustu hækki um 4,9 %, frá og með 1. janúar 2024, lægra gjald verði kr. 728 á tímann og herra gjald kr. 1.032 á tímann.

BR  
JR  
SS  
1  
AA6  
SS

4. Nefndin leggur til að gjaldkrá vegna fjargjalds í ferðarþjónustu fatlaðs fólks og aldraðra verði, frá og með 1. janúar 2024, hver ferð kr. 285 (1 zone/gjaldsvæði):

1 zone: kr. 285 (Flóahreppur– Selfoss)

2 zone: kr. 855 (Borg í Grímsnesi – Selfoss) (Brautarholt- Selfoss)

4.zone: kr. 1.140 (Laugarás-Selfoss) (Reykholt – Selfoss) (Flúðir-Selfoss) (Árnes – Selfoss) (Laugarvatn – Selfoss)

Eftirfarandi tillögum er vísað til stjórnar skóla- og veðferðarþjónustu og sveitarfélaga til frekari afgreiðslu

#### 5. Fundartími

Ákveðið er að fundartími verði á þriðjudögum kl. 16:00.

Næsti fundur verður 5. desember í Laugarási kl. 16:00

Fundgerð lesin upp og fundi slitið kl. 17:40

Laugarás 31. október 2023

Sigurbára Rúnarsdóttir  
Sigurbára Rúnarsdóttir, formaður

Andrea Sif Snæbjörnsdóttir  
Andrea Sif Snæbjörnsdóttir

Bjarney Vignisdóttir  
Bjarney Vignisdóttir

Steinar Sigurjónsson  
Steinar Sigurjónsson

Áslaug Alda Þórarinsdóttir  
Áslaug Alda Þórisdóttir, varamaður

Anný Ingimarsdóttir  
Anný Ingimarsdóttir

Gunnlaug Hartmannsdóttir  
Gunnlaug Hartmannsdóttir